

Ágúst 2023



# Gjaldtaka og arðsemi viðskiptabankanna

Skýrsla starfshóps menningar- og viðskiptaráðherra



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

Útgefandi:

Stjórnarráð Íslands

Gjaldtaka og arðsemi viðskiptabankanna

Skýrsla starfshóps menningar- og viðskiptaráðherra

Ágúst 2023

[mvf@mvf.is](mailto:mvf@mvf.is)

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/menningar-og-vidskiptaraduneytid/>

Umbrot og textavinnsla:

Stjórnarráð Íslands

© 2023 Stjórnarráð Íslands

ISBN 978-9935-9743-0-3

Ljósmynd á forsíðu: Stjórnarráð Íslands/Hari

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur .....	10
2.	Helstu niðurstöður og samantekt .....	11
2.1	Samantekt á helstu niðurstöðum .....	11
2.1.1	Afkoma og arðsemi bankanna .....	11
2.1.2	Verð bankaþjónustu .....	12
2.1.3	Greiðslumiðlun .....	13
2.1.4	Útgjöld heimila til fjármálaþjónustu – Erlendur samanburður.....	14
2.1.5	Samkeppni á fjármálamarkaði.....	15
2.1.6	Neytendavernd á fjármálamarkaði .....	16
2.2	Tillögur nefndarinnar.....	16
3.	Verðþróun og neysla á fjármálaþjónustu .....	18
3.1	Hversu stór hluti útgjalda heimilanna fer í fjármálaþjónustu?.....	19
3.2	Verðþróun fjármálaþjónustu samkvæmt vísitölu neysluverðs.....	20
3.3	Verðskrár bankanna.....	23
3.4	Valdir liðir úr verðskrár bankanna síðustu ár .....	24
3.4.1	Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild .....	24
3.4.2	Innistæðulaus debetfærsla (FIT-kostnaður) .....	25
3.4.3	Tilkynningar- og greiðslugjöld .....	26
3.4.4	Árgjald debetkorta.....	28
3.4.5	Árgjald kreditkorta.....	29
3.4.6	Endurnýjun kreditkorta.....	30
3.5	Neyslukörfur.....	31
3.5.1	Neyslukarfa fyrir par.....	31
3.5.2	Neyslukarfa fyrir eldri einstakling .....	34
3.5.3	Indó sparisjóður.....	37

3.6	Niðurstöður samanburðar á verðskrárm og neyslukörfum.....	38
3.7	Greiðslumiðlun.....	39
3.7.1	Þjóðhagslegur kostnaður við smágreiðslumiðlun innanlands.....	40
3.7.2	Óbein gjaldtaka bankanna af neytendum í smágreiðslumiðlun.....	41
3.7.3	Gengisálag - kortagengi.....	43
3.7.4	Gengisálag - seðlagengi.....	44
3.7.5	Gengisálag - samanburður.....	45
3.7.6	Indó sparisjóður.....	47
3.7.7	Kostnaður neytenda af gengisálagi í kortaviðskiptum.....	47
4.	Afkoma bankanna.....	48
4.1	Þróun afkomu og arðsemi.....	48
4.1.1	Hagnaður.....	49
4.1.2	Arðsemi eigin fjár.....	49
4.2	Samsetning og þróun tekna.....	52
4.2.1	Vaxtatekjur bankanna.....	53
4.2.2	Þjónustu- og þóknunatekjur.....	56
4.3	Virðisbreyting útlána.....	60
4.4	Þróun kostnaðar.....	60
4.4.1	Kostnaðarhlutföll.....	61
4.4.2	Skilvirkni.....	62
4.4.3	Sértækir skattar.....	63
4.5	Erlendur samanburður.....	64
4.5.1	Vaxtamunur bankanna í samanburði við Norðurlöndin.....	65
4.5.2	Kostnaðarhlutföll bankanna í samanburði við Norðurlöndin.....	66
4.5.3	Arðsemi bankanna í erlendum samanburði.....	68
4.6	Samantekt.....	71

5. Staða neytenda, samkeppni og eftirlit á bankamarkaði.....	74
5.1 Umgjörð um samkeppni og neytendavernd á bankamarkaði.....	74
5.2 Staða neytenda á fjármálamarkaði.....	75
5.2.1 Fjármálalæsi og hnipping.....	76
5.2.2 Samkeppni og hreyfanleiki viðskiptavina á bankamarkaði.....	77
5.2.3 Verðsamanburður.....	80
5.3 Eftirlitsaðilar og úrræði neytenda.....	81
5.3.1 Samkeppniseftirlitið.....	82
5.3.2 Neytendastofa.....	83
5.3.3 Fjármálaeftirlitið.....	85
6. Norrænn samanburður.....	86
6.1 Hlutfall fjármálaþjónustu í heildarneyslu heimila.....	86
6.2 Samanburður á verðþróun.....	86
6.3 Samanburður á kjörum.....	87
6.3.1 Vaxtamunur inn- og útlána.....	89
6.3.2 Gjaldeyrisálag.....	90
7. Viðaukar.....	91
7.1 Þjónustugjöld – verðskrársamanburður – fyrri hluti.....	92
7.2 Þjónustugjöld – verðskrársamanburður – seinni hluti.....	93
7.3 Tilkynningar- og greiðslugjöld bankanna frá 2015-2022.....	94
7.4 Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (á lántökuárinu) – sundurliðun.....	94
7.5 Heildarkostnaður fyrir parið (á lántökuárinu) – sundurliðun og hlutfall.....	95
7.6 Heildarkostnaður fyrir parið (eftir lántökuárið) – sundurliðun.....	95
7.7 Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn (á lántökuárinu) 2019-2022.....	96
7.8 Hlutfallsleg skipting kostnaðar fyrir einstaklinginn á lántökuári (2022).....	96
7.9 Heildarkostnaður fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið – sundurliðun.....	97
7.10 Neyslukarfa fyrir unga parið – fyrri hluti.....	98

7.11	Neyslukarfa fyrir unga parið – seinni hluti .....	99
7.12	Neyslukarfa fyrir eldri einstaklinginn – fyrri hluti.....	100
7.13	Neyslukarfa fyrir eldri einstaklinginn – seinni hluti .....	101
7.14	Munur á kaup- og sölugengi seðlagengis bankanna.....	102
7.15	Munur á kaup- og sölugengi kortagengis bankanna.....	103
7.16	Álag á almennt gengi í kortagengi bankanna.....	104
7.17	Álag á almennt gengi í seðlagengi bankanna .....	105
7.18	Úrtak banka í erlenda bankasamanburðinum.....	106

## Myndaskrá

Mynd 1:	Undirliðir fjármálaþjónustu í VNV frá árinu 2018.....	20
Mynd 2:	Breyting valdra undirliða VNV á tímabilinu jan. 2018 til maí 2023.....	21
Mynd 3:	Undirliðir fjármálaþjónustu í VNV frá árinu 2013.....	22
Mynd 4:	Breyting valdra undirliða VNV á tímabilinu jan. 2013 til maí 2023.....	23
Mynd 5:	Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild í útibúi.....	25
Mynd 6:	Innistæðulaus debetfærsla (FIT-kostnaður) 5.000 kr. eða lægri.....	26
Mynd 7:	Tilkynningar- og greiðslugjald (skuldfært – netyfirlit).....	26
Mynd 8:	Tilkynningar- og greiðslugjald (greiðsluseðill – pappírskyfirlit).....	27
Mynd 9:	Árgjald debetkorta .....	28
Mynd 10:	Árgjald kreditkorta (ódýrasta gerð).....	29
Mynd 11:	Árgjald kreditkorta (gullkort).....	30
Mynd 12:	Endurnýjun kreditkorta .....	30
Mynd 13:	Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (á lántökuárinu).....	32
Mynd 14:	Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (eftir lántökuárið).....	33
Mynd 15:	Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn á lántökuárinu .....	35
Mynd 16:	Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið.....	36
Mynd 17:	Samanburður á gengisálagi á kortagengi.....	44

Mynd 18: Samanburður á gengisálagi á seðlagengi.....	45
Mynd 19: Meðalálag bankanna á almennt gengi árin 2019 til 2022.....	46
Mynd 20: Hagnaður bankanna.....	49
Mynd 21: Arðsemi stóru bankanna þriggja.....	50
Mynd 22: Arðsemi eigin fjár eftir skatt frá 2018 til 2022.....	52
Mynd 23: Hreinar rekstrartekjur stóru bankanna.....	53
Mynd 24: Hlutfallsleg skipting heildarútlána bankanna.....	53
Mynd 25: Vaxtamunur heildareigna.....	54
Mynd 26: Munur á breytilegum vöxtum óverðtryggðra út- og innlána.....	55
Mynd 27: Vaxtamunur inn- og útlánsvaxta við meginvexti Seðlabankans.....	56
Mynd 28: Hreinar þóknatekjur.....	57
Mynd 29: Skipting hreinna þóknatekna bankanna.....	58
Mynd 30: Þóknatekjur bankanna greindar niður á starfssvið og hlutfallsleg skipting þeirra.....	59
Mynd 31: Hlutfall þóknatekna af einstaklingssviðum bankanna.....	59
Mynd 32: Hrein virðisbreyting sem hlutfall af útlánnum.....	60
Mynd 33: Kostnaðarhlutfall – hlutfall rekstrarkostnaður af rekstrartekjum.....	61
Mynd 34: Rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildareignum.....	62
Mynd 35: Starfsmannafjöldi og heildareignir á hvert stöðugildi.....	63
Mynd 36: Meðalstærð efnahagsreikninga banka í úrtakinu.....	64
Mynd 37: Hlutfall hreinna vaxtatekna og heildareigna: norrænir bankar að svipaðri stærð.....	65
Mynd 38: Hlutfall hreinna vaxtatekna og heildareigna í árslok 2022.....	66
Mynd 39: Kostnaðarhlutfall (kostnaður/tekjum) – norrænn samanburður.....	66
Mynd 40: Kostnaðarhlutfall (kostnaður/tekjum) árið 2022.....	67
Mynd 41: Kostnaður á móti heildareignum – norrænn samanburður.....	68
Mynd 42: Kostnaður á móti heildareignum árið 2022.....	68
Mynd 43: Arðsemi eigin fjár – norrænir bankar.....	69
Mynd 44: Arðsemi eigin fjár – erlendur samanburður 2022.....	69
Mynd 45: Bókfært eigið fé banka sem hlutfall af heildareignum – erlendur samanburður.....	70
Mynd 46: Arðsemi heildareigna – norrænn samanburður.....	70
Mynd 47: Arðsemi heildareigna 2022 – erlendur samanburður.....	71

Mynd 48: Vægi fjármálaþjónustu banka í samræmdu evrópsku neysluverðsvísitölunni .....	86
Mynd 49: Verðþróun fjármálaþjónustu í samræmdu neysluverðsvísitölu Evrópu.....	87

## Töfluskrá

Tafla 1: Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild í útibúi.....	25
Tafla 2: Innistæðulaus debetfærsla (FIT-kostnaður) 5.000 kr. eða lægri .....	26
Tafla 3: Tilkynningar- og greiðslugjald (skuldfært – netyfirlit) .....	27
Tafla 4: Tilkynningar- og greiðslugjald (greiðsluseðill – pappírasyfirlit) .....	27
Tafla 5: Tilkynningar- og greiðslugjöld Landsbankans 2022.....	28
Tafla 6: Árgjald debetkorta .....	28
Tafla 7: Árgjald kreditkorta (ódýrasta gerð).....	29
Tafla 8: Árgjald kreditkorta (gullkort) .....	30
Tafla 9: Endurnýjun kreditkorta .....	31
Tafla 10: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (á lántökuárinu).....	32
Tafla 11: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (eftir lántökuárið).....	33
Tafla 12: Heildarkostnaður fyrir parið (eftir lántökuárið) – sundurliðun og hlutfall.....	34
Tafla 13: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn á lántökuárinu .....	35
Tafla 14: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið.....	36
Tafla 15: Hlutfallsleg skipting kostnaðar fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið (2022) .....	37
Tafla 16: Kostnaður við debetkort – samanburður við Indó sparisjóð.....	37
Tafla 17: Forsendur vegna neyslu parsins í erlendri mynt.....	38
Tafla 18: Gengisálag vegna neyslu í erlendri mynt.....	38
Tafla 19: Samanburður á neyslukörfum 2022 .....	39
Tafla 20: Munur á kaup- og sölugengi seðla árið 2022.....	43
Tafla 21: Munur á kaup- og sölugengi kortagengis bankanna árið 2022 .....	43
Tafla 22: Kortagengi – álag á almennt gengi.....	44
Tafla 23: Seðlagengi – álag á almennt gengi.....	45
Tafla 24: Gengisálag bankanna.....	46
Tafla 25: Viðbótarskattar á banka .....	63
Tafla 26: Dæmi um áhrifaþætti á arðsemi banka á Íslandi .....	72
Tafla 27: Breyting undirliðar fjármálaþjónustu milli 2018 og 2022 .....	87



Tafla 28: Norrænn verðsamanburður á algengri bankaþjónustu.....	88
Tafla 29: Vaxtasamanburður milli Norðurlandanna .....	90
Tafla 30: Gjaldtaka við notkun korta í erlendri mynt – norrænn samanburður.....	90
Tafla 31: Þjónustugjöld – verðskrársamanburður – fyrri hluti.....	92
Tafla 32: Þjónustugjöld – verðskrársamanburður – seinni hluti.....	93
Tafla 33: Tilkynningar- og greiðslugjöld bankanna frá 2015-2022.....	94
Tafla 34: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (á lántökuárinu) – sundurliðun .....	94
Tafla 35: Heildarkostnaður fyrir parið (á lántökuárinu) – sundurliðun og hlutfall.....	95
Tafla 36: Heildarkostnaður fyrir parið (eftir lántökuárið) – sundurliðun.....	95
Tafla 37: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn á lántökuári 2019-2022.....	96
Tafla 38: Hlutfallsleg skipting kostnaðar fyrir einstaklinginn á lántökuári (2022).....	96
Tafla 39: Heildarkostnaður fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið – sundurliðun.....	97
Tafla 40: Neyslukarfa fyrir unga parið – fyrri hluti.....	98
Tafla 41: Neyslukarfa fyrir unga parið – seinni hluti.....	99
Tafla 42: Neyslukarfa fyrir eldri einstaklinginn – fyrri hluti.....	100
Tafla 43: Neyslukarfa fyrir eldri einstaklinginn – seinni hluti .....	101

# 1. Inngangur

Hér birtist skýrsla starfshóps menningar- og viðskiptaráðherra um greiningu á gjaldtöku og arðsemi viðskiptabankanna sem skipaður var í september 2022. Starfshópnum var ætlað það verkefni að greina tekjumyndun, þ.á. m. þóknanir, þjónustu- og vaxtatekjur og vaxtamun, viðskiptabankanna þriggja í norrænum samanburði.

Í skipunarbréfi ráðherra kemur fram að um leið og sterkt bankakerfi er nauðsynlegt til að viðhalda öflugu hagkerfi og atvinnulífi er mikilvægt að bankar njóti almenns trausts í samfélaginu svo þeir geti stuðlað að heilbrigðu viðskiptalífi. Mikill hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja síðustu ár vekur spurningar um jafnvægi í greininni og stöðu neytenda. Hefur verið bent á að samsetning ýmissa gjalda, þóknana og vaxtakostnaðar sem viðskiptavinir bera kunni að vera torskilin fyrir almenna neytendur og samkeppnislegt aðhald á íslenskum bankamarkaði sé af skornum skammti. Ástæða sé því til að skoða vandlega viðskiptahætti á bankamarkaði og kanna m.a. hlut þjónustu- og vaxtagjalda, vaxtamunar og þóknana og gjaldtöku almennt í arðsemi bankanna. Þá væri gagnlegt, líkt og fram kom í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið frá árinu 2018, að gerður yrði samanburður á þjónustugjöldum banka á Norðurlöndunum svo greina mætti stöðu íslenskra banka í norrænum samanburði. Greiningu á framangreindum þáttum yrði ætlað að varpa ljósi á hvort íslensk heimili greiði hlutfallslega meira fyrir almenna viðskiptabankþjónustu en heimili annars staðar á Norðurlöndunum. Jafnframt sé nauðsynlegt að kanna gagnsæi í gjaldtöku bankanna, sem er forsenda hvors tveggja; trausts milli bankanna og viðskiptavina þeirra og heilbrigðs samkeppnisumhverfis.

Vinnuhópnum var falið að vinna að könnun um framangreind atriði, m.a. með hliðjón af áðurnefndri Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, þar sem fjallað yrði m.a. um eftirfarandi þætti:

- Greiningu á tekjumyndun stóru viðskiptabankanna þriggja og hlut vaxtagjalda og annarra gjalda, hvaða nafni sem þau nefnast, sem viðskiptavinir þeirra inna af hendi í arðsemi þeirra.
- Samanburð á starfsháttum viðskiptabanka á Norðurlöndunum með tilliti til tekjumyndunar, einkum vaxtamunar, og hvers kyns þóknana og gjaldtöku af almenningi.
- Stöðu neytenda og samkeppnisaðstæður á innlendum bankamarkaði þar sem m.a. verði litið til gagnsæi þóknana, vaxtakostnaðar, gjaldtöku og annarra kostnaðarliða sem neytendur bera.
- Aðgerðir sem vinnuhópurinn telur að væru til þess fallnar að bæta úr mögulegum annmörkum á þeim sviðum sem athugunin nær til.
- Vinnuhópnum var gert að skila ráðherra greinargerð með niðurstöðum athugana sinna sem gerð verður opinber sem innlegg í umræðu um hagsmunir neytenda í fjármálakerfinu.

Formaður vinnuhópsins var Daníel Svavarsson, skipaður án tilnefningar. Aðrir meðlimir hópsins voru Gylfi Zoega, tilnefndur af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Tinna Finnbogadóttir, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðherra, Auður Alfa Ólafsdóttir, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Breki Karlsson, tilnefndur af Neytendasamtökunum, Kristín Eir Helgadóttir, tilnefnd af Hagsmunasamtökum heimilanna og Yngvi Örn Kristinsson, tilnefndur af Samtökum fjármálafyrirtækja. Einar B. Árnason, sérfræðingur í menningar- og viðskiptaráðuneytinu, var einnig vinnuhópnum til aðstoðar.

Vinnuhópurinn hélt 22 fundi, þ.m.t. með fulltrúum Hagstofu Íslands, Seðlabanka Íslands, Samkeppniseftirlitinu, menningar- og viðskiptaráðuneytinu og Indó sparisjóði.

## 2. Helstu niðurstöður og samantekt

Meginverkefni nefndarinnar, að greina í víðum skilningi tekjumyndun, þ.á m. þóknarir, þjónustu- og vaxtatekjur og vaxtamun, stóru viðskiptabankanna þriggja<sup>1</sup> í norrænum samanburði, er bæði víðfeðmt og afar flókið viðfangsefni. Í vinnu sinni lagði hópurinn til grundvallar Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið sem kom út haustið 2018. Áhersla var lögð á að greina hvað hefði gerst frá útkomu Hvítbókarinnar varðandi rekstur, álagningu og afkomu bankanna með sérstaka áherslu á hvort þróunin hafi verið neytendum til hagsbóta. Í stórum dráttum má segja að meginniðurstaða vinnunnar sé sú að bankarnir hafi heilt yfir náð fram verulegri hagræðingu í starfsemi sinni sem endurspeglast m.a. í mun hagfelldari kostnaðarlutföllum nú en þegar Hvítbókin kom út, kostnaðarlutföllum sem virðast vel samkeppnishæf við banka á hinum Norðurlöndunum. Þessi kostnaðarhagræðing virðist einkum hafa komið fram í formi aukinnar arðsemi eigin fjár bankanna. Arðsemi íslensku bankanna var í upphafi samanburðartímabilsins almennt lægri en banka á hinum Norðurlöndunum og undir arðsemismarkmiðum eigenda bankanna, en er nú almennt nokkuð hærrí en hjá bönkum af svipaðri stærðargráðu á hinum Norðurlöndunum og almennt í samræmi við sett arðsemismarkmið. Heildarvaxtamunur bankanna, ágætur mælikvarði á álagningu þeirra, er enn mun meiri hér en á hinum Norðurlöndunum. Vaxtamunurinn lækkaði vissulega tímabundið í kjölfar hraðra vaxtalækkana Seðlabanka Íslands. Hann hefur hins vegar aukist á ný samhliða hækkun stýrivaxta og er nú svipaður og hann var fyrir fimm árum síðan.

Annað megináhersluatriði nefndarinnar var að greina verðskrár og verðþróun þjónustu bankanna og leggja mat á dæmigerð útgjöld heimila á Íslandi til bankaðjónustu. Nefndin lagði einnig mat á hversu aðgengilegar og upplýsandi verðskrár bankanna eru fyrir neytendur til að taka upplýstar ákvarðanir, meðal annars út frá samkeppnissjónarmiðum. Meginniðurstaða þeirrar greiningar eru að verðskrárnar séu ytarlegar og nokkuð tæmandi. Verðupplýsingar eru hins vegar ekki ávallt með þeim hætti að neytendur geti fljótt og örugglega borið saman verð á mismunandi þjónustupáttum milli bankanna. Eins er hugtakanotkun yfir gjaldaliði ekki alltaf augljós, þ.e.a.s. neytandinn getur átt erfitt með að átta sig á hvaða þjónustuliði hann er að kaupa.

Aðrar helstu niðurstöður nefndarinnar eru teknar saman hér á eftir og í lok kaflans má finna tillögur sem nefndin telur að kunni að vera til úrbóta.

### 2.1 Samantekt á helstu niðurstöðum

#### 2.1.1 Afkoma og arðsemi bankanna

- **Aukin hagræðing í bankakerfinu hefur skilað sér í lægri kostnaðarlutföllum hjá íslensku bönkunum.** Rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum hefur lækkað verulega á aðeins fjórum árum, eða úr 59% árið 2018 í 47% árið 2022. Þetta hlutfall er nú með því lægsta sem þekkt meðal norræna banka af svipaðri stærðargráðu og svipað og hjá stóru norrænu bönkunum. Kostnaður sem hlutfall af heildareignum hefur einnig lækkað verulega, eða úr að meðaltali 2,2% árið 2018 í 1,6% árið 2022. Þetta hlutfall er að meðaltali 1,2% hjá norrænum bönkum af svipaðri stærð og þeir íslensku en 0,7% hjá stórum norrænum bönkum. Stærri bankar á Norðurlöndunum virðast því njóta einhverrar stærðarhagkvæmni umfram minni norræna banka. Það er þó athyglisvert í því samhengi

---

<sup>1</sup> Hér er átt við Landsbankann hf., Íslandsbanka hf. og Arion banka hf., sem eru allir skilgreindir sem kerfislega mikilvægar innlánastofnanir af Seðlabanka Íslands.

að kostnaðarhlutfall stórra alþjóðlegra banka var að meðaltali 1,2% sem er það sama og meðaltal smærri norrænu bankanna, utan Íslands. Það virðist því alls ekki algilt að það sem er stærra sé ávallt betra þegar kemur að hagkvæmni í bankarekstri.

- **Aukin hagkvæmni og lækkun sérstaka bankaskattsins hefur ekki skilað sér í minni vaxtamun.** Vaxtamunur heildareigna, þ.e. hlutfall hreinna vaxtatekna af heildareignum banka, er svipaður nú og hann var árið 2018. Vaxtamunurinn hefur fylgt stýrivaxtabreytingum tímabilsins. Hann minnkaði á árunum 2019 til 2021 en hefur aukist síðan þá. Í árslok 2018 var vaxtamunurinn 2,8%, samanborið við 2,7% í árslok 2022<sup>2</sup>. Þessar niðurstöður verður þó að skoða í því ljósi að um er að ræða stutt tímabil sem einkennist af verulegum sveiflum í efnahagsumhverfinu vegna heimsfaraldursins og mikillar verðbólgu í kjölfar þeirra víða um heim.
- **Vaxtamunur hjá íslenskum bönkum er hár í norrænum samanburði.** Vaxtamunur heildareigna hjá íslensku bönkunum er mun hærra en banka á hinum Norðurlöndunum og hefur bilið milli landanna lítið breyst frá því Hvítbók um framtíð fjármálakerfisins kom út árið 2018. Meðalvaxtamunur íslenskra banka var 2,7% árið 2022, hjá öðrum norrænum bönkum af svipaðri stærð var hann 1,6% en hjá stórum norrænum bönkum 0,9%.
- **Afkoma bankanna hefur batnað til muna á síðustu árum.** Arðsemi eigin fjár bankanna samanlagt var 10,1% í fyrra en 6,1% árið 2018. Arðsemin var lág árin 2019 og 2020 eða 4,7% að meðaltali en það skýrist að hluta af áhrifum faraldursins seinna árið. Arðsemi eigin fjár bankanna hefur hins vegar batnað verulega undanfarin tvö ár en árið 2021 nam hún 12,4% sem skýrist m.a. af því að neikvæð áhrif af völdum faraldursins á bankanna reyndust mun minni en reiknað var með.
- **Arðsemi af undirliggjandi rekstri aldrei verið meiri.** Arðsemi eigin fjár af undirliggjandi rekstri, án einskíptisliða, hefur farið stöðugt batnandi frá árinu 2014 og var í fyrra 11,6%. Þetta er mesta arðsemi af undirliggjandi rekstri frá stofnun bankanna árið 2008.
- **Arðsemi eigin fjár er meiri hjá íslenskum bönkum en hjá sambærilegum bönkum á Norðurlöndunum:** Meðalarðsemi eigin fjár íslensku bankanna í fyrra var ívið meiri en banka af svipaðri stærðargráðu á hinum Norðurlöndunum, eða 10,7%<sup>3</sup> samanborið við 9,6%. Arðsemin var einnig meiri þegar borin er saman arðsemi heildareigna, sem var 1,5% hjá íslensku bönkunum en að meðaltali 1,0% hjá öðrum norrænum bönkum af svipaðri stærð.

## 2.1.2 Verð bankaþjónustu

- **Verð á bankaþjónustu og þjónustugjöld greiðslukorta hafa lækkað að raunvirði.** Á tímabilinu 2018 til 2023 hefur verð á bankaþjónustu, samkvæmt mælingu Hagstofunnar, lækkað um 15% að raunvirði miðað við almennt verðlag og þjónustugjöld greiðslukorta lækkað um 17% að raunvirði. Ef horft er yfir lengra tímabil, aftur til ársins 2013, hefur verð á bankaþjónustu lækkað um 4% að raunvirði en þjónustugjöld greiðslukorta lækkað um 8% að raunvirði.
- **Lítill munur er á verði milli bankanna og þeir hækka verð oft í takt.** Verð á þjónustu bankanna hækkar oft í takt og lítill munur virðist vera á verðlagningarstefnu bankanna.

---

<sup>2</sup> Allir bankarnir þrír hafa nú skilað uppgjöri fyrir fyrsta ársfjórðung 2023. Hreinn vaxtamunur bankanna ýmist jókst eða stóð í stað milli ára. Vaxtamunur Landsbankans var 2,8% á fjórðungnum og hækkar um 0,4 prósentustig milli ára, vaxtamunur Arion banka var 3,1% á fjórðungnum og var óbreyttur milli ára og vaxtamunur Íslandsbanka var 3,2% og hækkaði um 0,6 prósentustig milli ára. Vaxtamunur bankanna var kominn yfir 3% að meðaltali sem er meiri vaxtamunur en þegar Hvítbókin kom út.

<sup>3</sup> Hér er miðað við einfalt meðaltal af arðsemi bankanna þriggja.

- **Sum þjónustugjöld eru ógagnsæ og ekki alltaf ljóst hvað neytendur eru að greiða fyrir.** Sum þjónustugjöld bankanna eru ógagnsæ að því leyti að ekki er ljóst hver kostnaður bankans er við að veita þjónustuna, sem oft er rafræn og/eða sjálfvirk. Á sama tíma rukka íslensku bankarnir ekki sérstaklega fyrir stofnun bankareikninga eða aðgang að heimabanka en slík gjaldheimta er algeng á Norðurlöndunum.
- **Gjöld fyrir þjónustu í útibúum hækka hlutfallslega meira en rafræn þjónusta.** Samanburður á neyslukörfum fjármálaþjónustu árin 2019-2022, fyrir annars vegar ungt par sem nýtir sér sjálfsafgreiðslulausnir þegar þær eru í boði og hins vegar eldri einstakling sem reiðir sig meira á þjónustu í útibúum, leiddi í ljós að þjónustukarfa parsins hækkaði um 6-8% á tímabilinu en þjónustukarfa einstaklingsins um 9-13%. Meiri hækkun hjá eldri einstaklingnum stafar að stærstum hluta af hlutfallslega meiri hækkun á liðum sem tengjast þjónustu í útibúum.
- **Bankakostnaður (að vaxtagjöldum undanskildum) vegur ekki þungt í heildarútgjöldum heimilanna skv. útgjaldarannsókn Hagstofunnar.** Í vísitölu neysluverðs eru áætluð útgjöld vegna bankaþjónustu um 0,4% af heildarneysluútgjöldum meðalheimilis á Íslandi, án tillits til vaxtakostnaðar, og þjónustugjöld vegna greiðslukorta áætluð 0,1% af heildarneyslu (þar er þó ekki reiknuð með óbein gjaldtaka í gegnum kortagengi). Til samanburðar nema útgjöld vegna matar og drykkjarvara 15,2% af heildarneyslu, húsnæði, hita og rafmagns 30,2% og ferða og flutninga 15,5%. Sá fyrirvari skal þó gerður að mælingar Hagstofunnar ná ekki til allra þjónustugjalda bankanna.
- **Dæmigerð mánaðarleg útgjöld í bankaþjónustu, fyrir utan vaxtakostnað, eru tiltölulega lágar upphæðir.** Greining á tveimur tilbúnum neyslukörfum sem starfshópurinn setti saman bendir til þess að kostnaður dæmigerðs ungs pars fyrir fjölbreytta fjármálaþjónustu gæti verið á bilinu 72-80 þúsund á ári eða 6.000-6.700 kr. á mánuði, sem gerir um þrjú þúsund krónur á hvort þeirra. Kostnaður eldri einstaklings sem nýtir þjónustu í útibúum í meiri mæli er áætlaður um 60 þúsund krónur á ári eða tæpar fimm þúsund krónur á mánuði.
- **Gengisálag bankanna er ógagnsæ gjaldtaka.** Gjaldtaka íslensku bankanna af kortaviðskiptum í erlendri mynt er dulin en vegur engu að síður þungt í útgjöldum heimilanna fyrir fjármálaþjónustu. Gengisálag bankanna á kortafærslur í erlendri mynt sker sig töluvert úr annarri gjaldtöku því að álagið kemur hvergi fram í verðskrá bankanna og virðist vera breytilegt milli gjaldmiðla og frá einum tíma til annars. Kostnaður sem neytendum er ekki ljós dregur úr möguleikum þeirra til þess að taka hagstæðar ákvarðanir við val á vörum og þjónustuleiðum. Hjá dæmigerðu ungu pari getur kostnaður við gengisálag bankanna numið um 30% af heildarkostnaði við bankaþjónustu á ári. Ekki er rukkað fast álag út frá verðskrá fyrir erlenda notkun en þess í stað birtir hver og einn banki sérstakt kortagengi sem er óhagstæðara en almennt gjaldmiðlagengi bankanna. Þessari gjaldtöku er háttað með öðrum hætti á hinum Norðurlöndunum. Í flestum tilvikum er hlutfallslegt álag lagt ofan á skráð gengi. Þetta álag er birt í verðskrá norrænu bankanna með nokkuð gagnsæjum hætti.
- **Hátt álag er á greiðslukortaviðskipti í erlendri mynt.** Reiknuð álagning íslensku bankanna á kortagengið er í flestum tilfellum töluvert hærri en það álag sem hinir norrænu bankarnir rukka fyrir erlenda kortanotkun.

### 2.1.3 Greiðslumiðlun

- **Kostnaður þjóðfélagsins vegna greiðslumiðlunar er mun hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.** Innlend greiðslumiðlun er ódýrari í Danmörku og Noregi vegna lágs kostnaðar við notkun landsbundins debetkorts. Sökum mikillar notkunar alþjóðlegra greiðslukorta hér á landi er kostnaður við greiðslumiðlun sem hlutfall af landsframleiðslu mun hærri hér en á hinum Norðurlöndunum. Þessi aukni kostnaður við greiðslumiðlun skilar sér í hærra verði á vöru og þjónustu til íslenskra neytenda sem bera á endanum kostnaðinn.

- **Samkvæmt greiningu Seðlabanka Íslands er samfélagslegur kostnaður hverrar debetkortafærslu minni en kreditkortafærslna.** Bankarnir rukka hins vegar neytendur um færslugjöld fyrir hverja notkun debetkorta en ekki kreditkorta. Þetta fyrirkomulag bankanna á innheimtu færslugjalda er því þjóðhagslega óhagkvæmt þar sem það beinir neytendum að notkun greiðslumiðils sem ber hærri samfélagslegan kostnað. Seðlabankinn áætla að hagnaður greiðsluþjónustuveitenda (s.s. banka, sparisjóða og færsluhirða) af hverri færslu kreditkorta sé um 122 kr. að meðaltali samanborið við 8 kr. hagnað af hverri færslu debetkorta.
- **Seðlagengi er almennt hagstæðara en kortagengi bankanna.** Í ljósi tækniþróunar síðustu ára, t.d. í rafrænni greiðslumiðlun, hefði mátt vænta þess að hagkvæmara væri fyrir neytendur að nota greiðslukort sem greiðslumiðil erlendis fremur en að kaupa erlenda seðla af bönkunum til að hafa með sér á ferðalögum. Það virðist þó ekki vera raunin. Greining vinnuhópsins sýnir að við kaup á seðlum er meðalálág bankanna á almennt gengi að jafnaði lægra en þegar greiðslukort eru notuð.

#### 2.1.4 Útgjöld heimila til fjármálaþjónustu – Erlendur samanburður

- **Samanburður á gjöldum íslenskra banka og annarra banka á Norðurlöndunum er erfiður og því erfitt að draga ályktanir um hann.** Ýmsir þættir, m.a. samtvinnun mismunandi þjónustupáttá, gera það að verkum að samanburður á gjöldum banka milli landa er erfiður. Samanburður á gjöldum íslenskra banka og banka á Norðurlöndunum náði því aðeins til örfárra þjónustupáttá og er því ekki hægt að álykta afgerandi um hvort íslensk heimili greiði hærri þjónustugjöld til banka en gengur og gerist á hinum Norðurlöndunum.
- **Föst árgjöld fyrir greiðslukort og netbanka samkeppnishæf við norræna banka.** Miðað við verðsamanburð milli Norðurlandanna á afmörkuðum þjónustupáttum, svo sem greiðslukorti og aðgangi að netbanka, sker verð á bankaþjónustu hér á landi sig ekki verulega frá verði á sambærilegri þjónustu á hinum Norðurlöndunum. Föst árleg gjöld fyrir greiðslukort eru jafnvel í lægri kantinum hér á landi. Jafnframt er hvorki tekið sérstakt þjónustugjald fyrir aðgang að netbanka né stofnun reikninga hjá íslensku bönkunum en það er nokkuð algengt á hinum Norðurlöndunum.
- **Færslu- og seðilgjöld skera sig úr í erlendum samanburði.** Á móti vegur að viðbótar notkunargjöld, s.s. færslugjöld og greiðslu-/seðilgjöld, tíðkast í mun meira mæli hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Þegar þessi gjöld voru reiknuð með í samanburðinum á sambærilegri neyslukörfu var áætlaður kostnaður á ársgrundvelli hæstur á Íslandi. Kostnaðurinn er næsthæstur í Danmörku þar sem hann er um 96% af kostnaðinum á Íslandi, en kostnaðurinn er lægstur fyrir neytendur í Noregi sem greiða um 39% af kostnaðinum á Íslandi. Neytendur í Finnlandi greiða um 84% af kostnaðinum á Íslandi en sænskir neytendur um 54%.
- **Gengismunur vegur þungt í reglulegum útgjöldum heimilanna til bankaþjónustu.** Með einfölduðum hætti má áætla að heimilin hafi greitt bönkunum um 6,6 ma.kr. í gengisálág ofan á almennt gengi árið 2022 fyrir það að nota greiðslukort sín í erlendum færslum. Óvíst er hversu stór hluti þessa gengisálags rennur til erlendu kortafyrirtækjanna Visa og Mastercard. Til samanburðar, hefðu þessi viðskipti átt sér stað með reiðufé í stað greiðslukorta hefði gengisálág bankanna ofan á almennt gengi (seðlagengi) numið alls 4,9 ma.kr. eða 1,6 ma.kr. minna en í tilfelli greiðslukortaviðskipta.

### 2.1.5 Samkeppni á fjármálamarkaði

Vinnuhópurinn réðst ekki í sjálfstæða úttekt á stöðu neytenda- og samkeppnismála á fjármálamarkaði þar sem ekki gafst tími til þess en niðurstöður og tillögur fyrri úttekta eru raktar í skýrslunni.

- **Upplýsingar um verð á þjónustu bankanna eru í sumum tilfellum ógagnsæjar og ekki alltaf augljóst að gjald sé tekið fyrir þjónustu.** Ekki er um að ræða að upplýsingum sé haldið leyndum en í mörgum tilfellum þurfa neytendur að leggja á sig töluverða vinnu við að fletta upp á verði á algengum þjónustuliðum í verðskrá bankanna í stað þess að verðupplýsingar komi upp þegar þjónusta er boðin eða hennar neytt. Í sumum tilfellum getur of mikið af gögnum í yfirgripsmiklum verðskrá á heimasíðum bankanna gert það að verkum að neytendur eiga erfitt með að átta sig á raunverulegum upplýsingum um kostnað einstakra þjónustubátta. Skýr framsetning og notendavænt aðgengi að viðeigandi upplýsingum á réttum tímapunkti í þjónustuferlinu er lykilatriði í þessu samhengi fyrir neytendur.
- **Samkeppnislegu aðhaldi á fjármálamarkaði er enn ábótavant.** Hátt flækjustig og skortur á gagnsæi veldur því að aðhald neytenda með íslenskum bönkum er takmarkað. Skortur er á aðhaldi með bönkum sem byggist á meðvitund neytenda um rétt sinn, verð og gæði og stuðlar að því að neytendur taki upplýstar viðskiptaákvörðanir og velji sér þjónustuaðila út frá því hvaða fyrirtæki uppfyllir best þeirra þarfir.
- **Skref hafa verið tekin til að auka samkeppni á bankamarkaði síðustu ár og sátt Samkeppniseftirlitsins við bankana hefur lækkað skiptikostnað neytenda.** Á fundi nefndarinnar lögðu fulltrúar Samkeppniseftirlitsins ríka áherslu á mikilvægi þess að draga úr skiptikostnaði til að auka aðhald á bankamarkaði. Ýmislegt hefur verið gert síðustu ár til að draga úr skiptikostnaði neytenda og efla þannig samkeppni á bankamarkaði. Dæmi um það er afnám hlutfallslegra lántökugjalda á húsnæðislánum, afnám stimpilgjalda á lánasamningum og takmörkun á uppgreiðslugjöldum. Aðgerðirnar voru hluti af sátt sem Samkeppniseftirlitið gerði við bankana sem fólu einnig í sér að bankarnir juku aðgengi að upplýsingum um verð, þóknanir og skilmála og nýttist aðilum eins og Aurbjörgu ([aurbjorg.is](http://aurbjorg.is)) og Herborgu ([herborg.is](http://herborg.is)) við verðsamanburð.
- **Samkeppni er mismikil eftir undirmörkuðum fjármálaþjónustu og vísbendingar eru um að hún hafi aukist á sumum sviðum.** Samkeppni á bankamarkaði sem og aðgangshindranir eru mismiklar eftir því um hvaða þjónustu ræðir. Á tiltölulega stuttum tíma hafa fyrirtæki haslað sér völl á ákveðnum sviðum bankaþjónustu. Dæmi um það eru sparnaðarreikningar Auðar sem er vörumerki Kviku banka sem hafa komið hreyfingu á kjör á innlánavöxtum og innkoma Indó sparisjóðs sem tók til starfa árið 2023. Indó býður einungis upp á rafræna þjónustu og leggur ekki álag á gengi við kortanotkun erlendis. Þá veita lífeyrissjóðirnir bönkunum samkeppni á húsnæðislánamarkaði.
- **Bent hefur verið á að svigrúm sé til að efla samkeppniseftirlit hér á landi og stuðla þannig að virkari samkeppni.** Skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2022 dregur fram að umfang samrunamála og sá forgangur sem Samkeppniseftirlitinu er skylt að lögum að gefa samrunaefirliti, hefur sett annarri starfsemi verulegar skorður. Þessi forgangur gerir Samkeppniseftirlitinu þannig erfiðara um vik að ráðast í frumkvæðisrannsóknir og rannsaka aðstæður á markaði. Slíkar rannsóknir séu þó nauðsynlegar til að veita aðhald á markaði og gera það mögulegt að leysa úr málum áður en þau verða að brotum. Í skýrslunni er einnig fjallað um ákvæði samkeppnislaga annarra landa sem hafa ekki verið innleidd hér á landi en gætu verið til



Þess fallin að styrkja samkeppniseftirlit á Íslandi. Starfshópurinn bendir á að margt liggi fyrir um hvernig efla megi samkeppni enn frekar.

#### 2.1.6 Neytendavernd á fjármálamarkaði

- **Verðsamanburður er takmarkaðri hér en á hinum Norðurlöndunum.** Fjármálavörur og bankaþjónusta eru flóknari en dæmigerðar neysluvörur. Samanburður á þjónustu, kjörum og skilmálum bankanna krefst mikillar fyrirhafnar og getur vafist fyrir neytendum. Á sumum hinna Norðurlandanna hafa neytendur aðgang að betri og skilmerkilegri upplýsingum um fjármálaþjónustu en Íslendingar sem og aðgang að nákvæmari verðsamanburði sem tekur tillit til notkunar neytenda og heildarkostnaðar þeirra út frá henni. Dæmi um slíka síðu er finansportalen.no.
- **Efla þarf neytendavernd og styðja þannig við virka samkeppni.** Ýmsar umbætur hafa verið gerðar á umhverfi neytendamála síðasta áratug. Þó hefur ekki verið ráðist í að framkvæma eða kanna allar þær tillögur sem hafa verið settar fram af öðrum starfshópum á liðnum árum með það að markmiði að efla neytendavernd. Starfshópur um skipulag neytendamála sem skilaði af sér skýrslu árið 2012 lagði m.a. til að frekari útfærslur á hópamálsóknarákvæðum yrðu skoðaðar. Núverandi ákvæði eru lítið notuð sem bendir til að þau gagnist neytendum ekki sem skyldi. Í skýrslu um neytendavernd á fjármálamarkaði frá árinu 2013 var bent á að efla þyrfti neytendaréttarsvið Neytendastofu og að skortur á fjármagni væri þess valdandi að stofnunin gæti ekki sinnt rannsóknnum á sviði neytendamála. Í skýrslunni var gerður ítarlegur samanburður á umhverfi neytendamála hér og á hinum Norðurlöndunum auk þess sem farið var yfir viðmið um bestu framkvæmd neytendaverndar á fjármálamarkaði og er því ljóst að töluvert efni liggur þegar fyrir og tillögur til að efla neytendavernd. Bendir starfshópurinn á þær tillögur og að þeim hafi ekki öllum verið fylgt og að það kynni að vera ástæða til að taka þær til skoðunar á ný.

## 2.2 Tillögur nefndarinnar

- **Samanburðarvefsjá á verði fjármálaþjónustu.** Verðskrár bankanna eru ítarlegar, umfangsmiklar og töluvert flóknar. Það gerir það að verkum að erfitt og tímafrekt getur reynst fyrir neytendur að bera saman kjör milli samkeppnisaðila. Til að auka samkeppni og koma til móts við neytendur hefur sérstökum óhagnaðardrífnum vefsíðum verið komið á laggirnar í Noregi og Svíþjóð þar sem auðvelt er fyrir neytendur að bera saman kjör út frá sínum eigin forsendum um t.a.m. tekjur og þjónustupörf. Nefndin leggur til að sett verði á fót sambærileg vefsíða hér á landi að fyrirmynd konsumenternas.se í Svíþjóð og finansportalen.no í Noregi. Þar væru allar helstu upplýsingar um fjármálaþjónustu veittar á skýran og aðgengilegan hátt og samanburður á kjörum fjármálastofnana gerður mögulegur út frá fjárhagslegum forsendum hvers og eins. Með þessu yrði dregið úr ógagnsæi og ýtt undir hreyfanleika viðskiptavina á bankamarkaði sem stuðlaði að aukinni samkeppni. Nefndin leggur áherslu á að þessi vinna verði gerð í samráði við samkeppnisyfirvöld þannig að tryggt verði að hún þjóni markmiðum sínum.
- **Gagnsæi við gjalddöku í greiðslumiðlun verði aukið.** Nefndin leggur til að gagnsæi við gjalddöku í greiðslumiðlun við notkun greiðslukorta í erlendri mynt í formi álags á almennt gengi verði aukið. Eðlilegt væri að bankarnir veittu upplýsingar um gjalddöku sína, þ.e.a.s. hvert álag þeirra sé á almennt gengi, við notkun greiðslukorta fremur en að birta sérstakt kortagengi. Bönkum verði gert skylt að gera grein fyrir sundurliðaðri gjalddöku sinni í mánaðarlegum eða ársfjórðungslegum yfirlitum sem birt yrðu viðskiptavinum.



- **Aukin upplýsingagjöf um álagningu bankanna vegna gengismunar.** Ef núverandi fyrirkomulagi með sérstöku kortagengi viðskiptabankanna verður viðhaldið leggur nefndin til að þeim verði gert að birta sérstaklega samantekt í kortayfirlitunum yfir þá upphæð sem neytendur greiða bönkunum í formi gengisálags ofan á almennt gengi, sundurliðað niður á gjaldmiðla.
- **Hagrætt verði í innlendri greiðslumiðlun.** Nefndin leggur til að kannaðir verði möguleikarnir á að draga úr kostnaði í innlendri greiðslumiðlun í samræmi við ábendingar Seðlabanka Íslands í nýlegum skýrslum<sup>4</sup>. Í þessu sambandi telur nefndin mikilvægt að áhersla verði lögð á skýra og skilvirka upplýsingagjöf og gagnsæi kostnaðar gagnvart söluaðilum og neytendum.
- **Efling fjármálalæsis.** Nefndin leggur til að aukin áhersla verði lögð á fjármálafræðslu fyrir almenning frá hlutlausum aðilum til að efla fjármálalæsi neytenda. Nefndin telur það mikilvægan þátt í að efla kostnaðarvitund neytenda á fjármálaþjónustu og leiði til aukinnar samkeppni á markaði.
- **Skýr rammi og leikreglur.** Einnig ber að hafa í huga að efling fjármálalæsis snýr ekki einungis að því að almenningur verði betur í stakk búinn til að taka ákvarðanir, heldur einnig að því að stjórnvöld búi til ramma og skýrar leikreglur og fyrirtæki setji fram upplýsingar og valmöguleika á skiljanlegan hátt<sup>5</sup>.

---

<sup>4</sup> Sjá t.d. Kostnaður við smágreiðslumiðlun, Seðlabanki Íslands (2023) og Sérrit nr. 16: Innlend, óháð smágreiðslulausn, Seðlabanki Íslands (2023).

<sup>5</sup> Í Danmörku hafa stjórnvöld t.d. bannað auglýsingar skyndilána hvers árleg hlutfallstala kostnaðar er hærri en 25% ásamt því að takmarka framsetningu „kaupa núna, borga seinna“-möguleika á sölustöðum.

### 3. Verðþróun og neysla á fjármálaþjónustu

Um leið og sterkt bankakerfi er nauðsynlegt til að viðhalda öflugu hagkerfi og atvinnulífi er mikilvægt að bankar njóti almenns trausts í samfélaginu svo þeir geti stuðlað að heilbrigðu viðskiptalífi. Mikill hagnaður stóru viðskiptabankanna þriggja undanfarin ár vekur spurningar um jafnvægi í greininni og stöðu neytenda. Bent hefur verið á að samsetning ýmissa gjalda, þóknana og vaxtakostnaðar sem viðskiptavinir bankanna bera kunni að vera torskilin fyrir almenna neytendur og að samkeppnislegt aðhald á íslenskum bankamarkaði sé af skornum skammti.

Könnun á viðhorfum almennings til bankakerfisins á Íslandi, sem Gallup sá um fyrir starfshóp um Hvítbókina árið 2018, leiddi í ljós að háir vextir og dýr þjónusta var eitt helsta umkvörtunarefni meirihluta aðspurðra. Margir nefndu einnig græðgi, há laun og mikinn kostnað. Svipuð málefni brunnu á almenningi þegar spurt var hvernig hægt væri að auka traust til bankakerfisins á Íslandi. Langflestir nefndu betri kjör og lægri útlánavexti. Margir töldu einnig að aðgerðir sem miða að hóflegri launum, bættum starfsháttum og auknu gagnsæi væru best til þess fallnar að auka tiltrú á bankakerfinu. Traust til bankakerfisins mældist um 20% í ársbyrjun 2018 og mjakaðist upp á við næstu ár þar til það náði hámarki í 26% í febrúar 2021 en hefur síðan lækkað á ný og mældist 18% nú í byrjun árs 2023 skv. Þjóðarpúlsi Gallup. Athyglisvert er að traust almennings til bankakerfisins jókst samhliða lækkun stýrivaxta Seðlabankans en minnkaði á ný er stýrivextir tóku að hækka. Traust almennings á bankakerfinu virðist því að vissu marki tengt þeim kostnaði sem almenningur upplífir við að nýta sér þjónustu bankanna<sup>6</sup>.

Markmið þessa kafla er að skoða kostnað neytenda við fjármálaþjónustu, að undanskildum vaxtakostnaði, hvernig verðskrá bankanna hefur þróast síðastliðin ár og hvernig kostnaður viðskiptavina bankanna hefur þróast í krónum talið.

Verðskrár bankanna hafa löngum verið gagnrýndar fyrir ógagnsæi og gjöldin oft sögð of há, ósanngjörn eða falin. Staðreyndin er sú að mörg gjaldanna hafa verið óbreytt síðastliðin ár en þau sem hafa hækkað hafa í öllum tilvikum hækkað minna en almennt verðlag. Verðskrárnar eru vissulega ýtarlegar og nokkuð tæmandi. Þær eru hins vegar tiltölulega flóknar og framsetning upplýsinga ekki með þeim hætti að neytendur geti fljótt og örugglega borið saman verð á mismunandi þjónustupáttum milli bankanna. Niðurstöður úr verðsamanburði, á annars vegar ýmsum gjöldum úr verðskrár bankanna og hins vegar á neyslukörfum fyrir ungt par og eldri einstakling, sýna m.a. að körfurnar hafa, eins og gjöldin almennt, hækkað minna en almennt verðlag á síðustu árum. Við sjáum einnig að töluverður munur getur verið á kostnaði við bankaþjónustu á milli banka svo það getur borgað sig fyrir viðskiptavinum að gera verðsamanburð og velja banka út frá því. Gengisálag bankanna á kortafærslur í erlendri mynt sker sig töluvert úr því að álagið kemur hvergi fram í verðskrár bankanna en það vegur þó þungt í heildarfjármálaþjónustukostnaði heimilanna og getur jafnframt sveiflast töluvert á stuttum tímabilum. Lífeyrissjóðirnir veita bönkunum samkeppni á húsnæðislánamarkaði og nýir aðilar ýta einnig undir samkeppni með því að bjóða upp á t.d. hærri innlánsvexti, gjaldfrjáls debetkort og hvorki færslugjöld né gengisálag.

---

<sup>6</sup> Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, skýrsla starfshóps, 2018.

### 3.1 Hversu stór hluti útgjalda heimilanna fer í fjármálaþjónustu?

Hagstofa Íslands byggir útreikninga sína á vísitölu neysluverðs á niðurstöðum úr rannsókn sinni á útgjöldum heimilanna. Samkvæmt vog vísitölu neysluverðs, sem byggist á neyslurannsókninni vegur fjármálaþjónusta 0,9% í heildarneysluútgjöldum meðalheimilis á Íslandi<sup>7</sup>. Inn í þennan lið falla þrír undirliðir, þar með talið kostnaður vegna stimpilgjalda og þinglýsinga sem vegur alls 0,3% í voginni. Hinir liðirnir eru bankakostnaður sem vegur 0,43% og greiðslukort sem vega 0,11%. Raunveruleg útgjöld sem bankarnir hafa áhrif á, að vaxtagjöldum undanskildum, vega því aðeins ríflega 0,5% í neysluútgjöldum heimilanna samkvæmt mælingum Hagstofunnar<sup>8</sup>. Til samanburðar þá vega útgjöld heimila fyrir tryggingar (húsnæðis-, bíla-, ábyrgðar- og hústryggingar) um 2,5% í vísitölu neysluverðs. Vogin tekur reglulega breytingum í takt við breytta neysluhegðun og innbyrðis verðbreytingar á útgjaldaliðunum sem heildarneyslukarfan nær til. Vaxtatekjur og vaxtagjöld teljast ekki sem neysla í útreikningum á vísitölu neysluverðs og eru því ekki meðtalin í þessum hlutfalli. Með vaxtagreiðslum, sérstaklega í núverandi árferði, getur fjármálaþjónusta hæglega numið þriðjungu eða meira af ráðstöfunartekjum heimilanna.

Síðar í þessum kafla skoðum við neyslukörfu þars, sem nýtir sér allar sjálfsafgreiðslulausnir sem í boði eru, en sú skoðun leiddi í ljós að heildarkostnaður þeirra (án vaxtagreiðslna) fyrir fjölbreytta bankaþjónustu var um 70-80 þúsund krónur á ári árið 2022. Það gerir um 6.000 kr. á mánuði fyrir alla bankaþjónustu heimilisins, debet- og kreditkort, gengisálag, tilkynningargjöld og fleira. Það liggur því fyrir að ekki er um háar fjárhæðir að ræða fyrir heimilin samanborið við vaxtagreiðslur, matvælakostnað eða ökutækjarekstur. Til samanburðar áætla Seðlabanki Íslands að um 14% heimila greiði meira en 250 þús.kr. á mánuði í vexti og afborgun fasteignalána ef horft er til allra lántaka, 11% greiði á bilinu 200 til 250 þús.kr. á mánuði en um 75% heimila greiði minna en 200 þús.kr. á mánuði<sup>9</sup>. Þó verður að hafa í huga að greiðsla vaxta og afborgun lána telst ekki til neysluútgjalda heldur er einungis vísað hér til þessara útgjalda til samanburðar. Í vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands birtir vega matur og drykkjarvörur 15,2%, húsnæði, hiti og rafmagn 30,2% og ferðir og flutningar 15,5%.

Þá ber að hafa í huga að umfang útgjalda heimilanna vegna fjármálaþjónustu á hverjum tíma er afar breytilegt eftir því hvort ný lántaka á sér stað á árinu því í upphafi lánstíma fellur til ýmis einskíptiskostnaður svo sem gjöld fyrir greiðslumat og lántökugjald. Nánar er fjallað um það í kafla 3.4.

Þegar rýnt er í þjóðhagsreikninga má einnig finna nálgun á hversu stórt hlutfall útgjalda heimilanna í landinu fer í fjármálaþjónustu. Í undirliðnum einkaneysla kemur fram að útgjöld heimilanna í fjármálaþjónustu í fyrra hafi numið alls tæplega 60 ma.kr. Hlutfallslega er það um 3% af heildareinkaneysluútgjöldum heimilanna. Í þessari mælingu er hins vegar einnig horft til vaxtakostnaðar að vissu marki (sem er ekki í mælingum á vísitölu neysluverðs) þar sem horft er til hreins vaxtakostnaðar, þ.e.a.s. mismunarins á vaxtaútgjöldum heimilanna vegna lána annars vegar og vaxtatekjum af innlánsreikningum hins vegar.

---

<sup>7</sup> Meðalvægi liðarins 125 fjármálaþjónusta ó.t.a. árið 2022.

<sup>8</sup> Vogir fyrir undirvísitölur neysluverðs eru aðeins birtar fyrir marsmánuð ár hvert en vægi yfirlíðarins, fjármálaþjónusta, er birt mánaðarlega. Gildin hér fyrir undirvísitölurnar miðast við mars 2023.


<sup>9</sup> Fjármálastöðugleiki 2023/1, Rammagrein 1, Seðlabanki Íslands.

## 3.2 Verðþróun fjármálaþjónustu samkvæmt vísitölu neysluverðs

Vísitala neysluverðs lítur til verðbreytinga á vörum og þjónustu sem endurspeglar útgjöld meðalheimilis og er hún notuð til að mæla verðbólgu<sup>10</sup>. Fjármálaþjónusta er einn fjölmargra undirliða í vísitölu neysluverðs en liðurinn samanstendur af þremur meginundirliðum: bankaþjónustu (51%), greiðslukorti (13%) og þinglýsinga- og stimpilgjöldum (36%). Undir liðnum bankaþjónusta er kostnaður tengdur debetkortum, lántöku og greiðsludreifingu, en ennfremur tilkynningargjöld, vanskilagjöld og ýmis önnur gjöld. Liðurinn greiðslukort endurspeglar hins vegar kostnað vegna kreditkorta. Liðirnir byggjast á neyslukönnun Hagstofunnar og úrtaki úr verðskrá bankanna og endurspeglar þá liði sem eru algengastir. Þar er einnig að finna liðinn kostnaður vegna stimpilgjalda og þinglýsinga þrátt fyrir að þessi gjöld séu í raun skattheimta sem hefur lítið með starfsemi fjármálafyrirtækja að gera<sup>11</sup>.

Í greiningu vinnuhópsins á þróun verðlags fjármálaþjónustu í VNV var einkum horft til áraanna frá 2018 þegar Hvítbókin um framtíð fjármálakerfisins kom út en einnig leitast við að skoða þróunina yfir lengra tímabil, þar sem horft var u.þ.b. 10 ár aftur í tímann.

Mynd 1: Undirliðir fjármálaþjónustu í VNV frá árinu 2018



Heimild: Hagstofa Íslands

Frá upphafi árs 2018 til maí 2023 hefur verð á fjármálaþjónustuliðnum í heild hækkað um 27%. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs (VNV) hækkað um liðlega 32% og VNV án húsnæðis, sem er almennt notuð við staðvirðingu einkaneysluútgjalda, hækkað um tæp 27%. Heilt yfir hefur fjármálaþjónustuliðurinn hækkað til jafns við almennt verðlag. Þróun undirliðanna hefur þó verið mismunandi. Bankaþjónustuliðurinn, sem


<sup>10</sup> Flokkunarkerfið COICOP (e. Classification of Individual Consumption by Purpose), sem er hluti af þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna, er notað til að sundurliða útgjöld heimilanna.

<sup>11</sup> Stimpilgjöld á lánaskjöl voru afnumin með lögum árið 2013 þar sem gjaldheimtan var álitin samkeppnishamlandi fyrir fjármálafyrirtæki og kæmi sér illa fyrir neytendur vegna skiptikostnaðar. Gjaldskyldan nær nú einungis til þeirra skjala er varða eignayfirfærslu fasteigna.

nefndur er hér að ofan, hækkaði um 12,5% og liðurinn greiðslukort um tæp 10% á tímabilinu. Þetta er í báðum tilfellum minni hækking en á VNV (án húsnæðiskostnaðar) og því hefur verð á þessum liðum í raun lækkað að raunvirði. Hins vegar hefur þriðji undirliður fjármálaþjónustu, stimpil- og þinglýsingargjöld, hækkað langt umfram almennt verðlag eða um 69%. Til samanburðar má nefna að tryggingar, sem er önnur tegund fjármálaþjónustu, hækkuðu um 31% sem er rétt undir hækkingunni heildarvísitölu VNV á tímabilinu.

Erfitt er að leggja hlutlægt mat á hvað kann að teljast eðlileg verðþróun í sambandi við fjármálaþjónustu bankanna. Ýmis þjónusta þeirra hefur á síðustu árum verið sjálfvirknivædd með innleiðingu nýrra upplýsingakerfa sem gera það að verkum að viðskiptavinir geta t.d. afgreitt sig sjálfir og stór hluti greiðslukerfa er sjálfvirkur. Önnur þjónusta er enn mannaflsfræk og er launakostnaður u.þ.b. helmingur af rekstrarkostnaði bankanna. Til að setja verðlagsþróun á bankaþjónustu og greiðslukortum betur í samhengi við þessa þætti könnuðum við einnig verðþróun á öðrum þjónustutengdum undirliðum VNV. Þessir liðir endurspeglar annarsvegar hátt hlutfall launakostnaðar, eins og í tilfalli klippingar á hárgreiðslustofum þar sem langstærstur hluti kostnaðar er launakostnaður. Hins vegar tækniþjónustu, svo sem internetttengingar og farsímaþjónustu, þar sem upplýsingatæknikostnaður og dýrir innviðir eru stór hluti kostnaðar.

Mynd 2: Breyting valdra undirliða VNV á tímabilinu jan. 2018 til maí 2023




Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar höfunda.

Þessi greining sýndi að verð á klippingu hefur hækkað til jafns við verð á heildarfjármálaliðnum í VNV eða um 27%. Klipping er dæmi um atvinnugrein þar sem möguleikar á framleiðniaukningu til lengri tíma er takmörkuð vegna eðlis þjónustunnar sem byggist að langstærstum hluta á framlagi vinnuafldsins. Verð á þjónustu tæknifyrirtækja á sviði fjarskiptaþjónustu hefur hins vegar lækkað verulega á síðustu árum, í tilfalli farsímaþjónustu um heil 76% og internetttenginga um 26%. Það má því segja að verð á bankaþjónustu sem hækkaði um 12% á tímabilinu og greiðslukorta sem hækkaði um 10% sé einskonar blanda af verðþróun í mannaflsfrækum lágframleiðni þjónustugeira og tæknifyrirtækja á borð við fjarskipti. Það tekur væntanlega

tíma fyrir tæknifjárfestingar bankanna að skila hámarks kostnaðarhagkvæmni og auk þess er verulegur hluti bankaþjónustu enn mannaflsfrekur, t.a.m. við áhættustýringu og rekstur upplýsingakerfa.

Mynd 3: Undirlíðir fjármálaþjónustu í VNV frá árinu 2013




Heimild: Hagstofa Íslands

Ef verðþróun á bankaþjónustu er skoðuð yfir lengra tímabil, eða rúmlega 10 ár aftur í tímann frá byrjun árs 2013 til maí 2023, má sjá að verð á fjármálaþjónustuliðnum í heild hækkar töluvert umfram almennt verðlag, eða um 159% samanborið við 129% hækkun VNV án húsnæðis og 146% hækkun heildarvísitölu VNV. Mikil hækkun á opinberum gjöldum, þ.e. liðnum stimpilgjöld og þinglýsingar, sem hækkaði um 246%, vegur þungt í hækkun heildarliðarins. Verð á undirlíðnum bankaþjónusta hækkaði þó einnig meira en almennt verðlag án húsnæðis eða um 135% en greiðslukort litlu minna eða um 126%. Heilt yfir blasir svipuð niðurstaða við og þegar þróunin frá árinu 2018 var greind. Verð á bankaþjónustu og greiðslukortum hefur í megindráttum fylgt þróun almenns verðlags, svipað og lágframleiðniþjónusta á borð við klippingu, en verð á þjónustu tæknifyrirtækja á sviði fjarskiptaþjónustu hefur aftur á móti hækkað mun minna en almennt verðlag og þar með lækkað verulega að raunvirði eins og sjá má á mynd 4.

Samantekið þá hefur verð á bankaþjónustu samkvæmt mælingu Hagstofunnar á tímabilinu 2018 til 2023 lækkað um 15% að raunvirði miðað við almennt verðlag og þjónustugjöld greiðslukorta lækkað um 17% að raunvirði. Horft yfir lengra tímabil, eða aftur til ársins 2013, hefur verð á bankaþjónustu lækkað um 4% að raunvirði en þjónustugjöld greiðslukorta lækkað um 8% að raunvirði.

Mynd 4: Breyting valdra undirliða VNV á tímabilinu jan. 2013 til maí 2023



Heimild: Hagstofa Íslands, útreikningar höfunda

### 3.3 Verðskrár bankanna

Verðskrár stóru bankanna þriggja eru ítarlegar, margar blaðsíður með smáu lettri, og hafa verið gagnrýndar í gegnum tíðina fyrir ógagnsæi. Þær eru líka ólíkar milli banka. Hjá Íslandsbanka eru t.d. ólíkar verðskrár fyrir þjónustugjöld, kreditkort, verðbréfaþjónustu, lögfræðinnheimtu og síðast en ekki síst sú almenna og umfangsmesta fyrir margvísleg gjöld tengd veltureikningum, debetkortum, útlánnum, hraðbönkum, netbanka, innheimtu, gjaldeyrisviðskiptum, ábyrgðum og fleiru. Landsbankinn er með eina stóra verðskrá fyrir öll sín gjöld. Arion banki er með eina verðskrá fyrir einstaklinga en aðra fyrir lögaðila, þá þriðju fyrir lögfræðinnheimtu og þá fjórðu fyrir verðbréfa- og lífeyrisþjónustu.

Verðskrár bankanna eru ítarlegar enda eru þær tæmandi listi yfir alla þá fjölbreyttu þjónustu sem þeir bjóða en þær geta þó á köflum verið flóknar og ógagnsæjar. Þær eru ennfremur langar og ekki eru allir kostnaðarliðir í þeim auðskiljanlegir. Við athugun vinnuhópsins á verðskránum komu upp atvik þar sem starfsmenn bankanna sjálfra voru í vandræðum með að finna út fyrir hvað ákveðnir gjaldaliðir stóðu í raun. Það hve ítarlegar verðskrárnar eru getur þó að einhverju leyti verið jákvætt og ýtt undir gagnsæi og eru margir þjónustuliðir í þeim gagnsæir og auðskiljanlegir þó aðrir séu það ekki. Langar og ítarlegar verðskrár með þjónustuliðum sem bera oft og tíðum heiti sem eru ógagnsæ geta þó haft þau áhrif að neytendur leggi síður í þá vinnu að kynna sér þær. Þá er ekki víst að nöfn á þjónustuliðum í verðskráum séu þau sömu milli banka auk þess sem þjónustuliðirnir eru ekki alltaf sambærilegir eða þeir sömu hjá bönkunum, sem gerir neytendum enn erfiðara um vik að gera verðsamanburð.

Þrátt fyrir ítarlegar verðskrár er gjaldtaka fyrir notkun greiðslukorta í erlendum viðskiptum hvergi skilgreind sem kostnaður neytenda. Hér er vísað til gengismunar milli almenns gjaldmiðlagengis bankanna og kortagengis sem er í raun álagning bankanna vegna greiðslukortaviðskipta viðskiptavina bankans í erlendri

mynt. Viðskiptavinir bankanna sjá upplýsingar um það gengi sem þeir kaupa á á netyfirliti vegna greiðslukortsins en kostnaður vegna álagningarinnar kemur hvergi fram og þyrftu viðskiptavinir því að finna kaupgengið og reikna gengismuninn út frá fjárhæðinni sem þeir keyptu fyrir til að átta sig á kostnaðinum. Þetta gjald er dæmi um kostnað sem er ógagnsær og í raun hulinn neytendum þrátt fyrir að vega þungt í heildarútgjöldum vegna bankaþjónustu á hverju ári eins og kemur fram síðar í kaflanum.

Þrátt fyrir að gjöld fyrir þjónustu bankanna sé að finna í verðskrá þeirra er ekki þar með sagt að þau séu augljós fyrir neytendum í netbankanum, sem er í flestum tilvikum sá staður sem viðskiptavinir eiga samskipti við bankana og velja sér þjónustu. Dæmi um þetta eru tilkynninga- og greiðslugjöld sem bera einfaldlega heitið „kostnaður“ inni á netbanka hjá einum bankanna og er því ekki víst að viðskiptavinir bankanna átti sig á hvaða kostnað er um að ræða eða að þeir geti lækkað hann með því að velja aðra þjónustuleið, en talsverður munur er á þessum gjöldum hjá bönkunum eftir hvaða leið er valin.

Allt gerir þetta það að verkum að neytendur eru ólíklegri en ella til að leggja það á sig að kynna sér verðskrár bankanna og gera verðsamanburð sem minnkar neytendaáhdald með bönkunum og grefur undan samkeppni.

Hér á eftir fer nánari skoðun á verðskrár bankanna þar sem bæði eru skoðuð dæmi um yngra par og eldri einstakling sem nýta sér ýmsa bankaþjónustu til að ná betur utan um mögulegan heildarkostnað viðskiptavina. Í viðauka má nálgast töflur með samanburði á ýmsum liðum úr verðskrár bankanna.

## 3.4 Valdir liðir úr verðskrár bankanna síðustu ár

Hér á eftir skoðum við nokkra liði úr verðskrár bankanna og hvernig verð á þeim hefur þróast á árunum 2015-2022. Margir þjónustuliðir hafa lítið eða ekkert hækkað síðustu fjögur ár eða frá 2018-2022. Þá hafa liðir sem hafa hækkað oftar en ekki hækkað á svipuðum tíma hjá öllum bönkunum þremur og er því oft lítill munur á verði þjónustuliða milli bankanna. Einn banki sker sig þó nokkuð úr þegar verð á helstu þjónustuliðum er skoðað. Þannig er Landbankinn oft með lægsta verð á bankaþjónustu miðað við þau dæmi sem tekin eru fyrir í skýrslunni en nánar er farið í það hér á eftir.

Við skoðum dæmi um þjónustuliði sem hafa hækkað í verði síðustu ár. Nefndin aflaði gagna frá bönkunum fyrir árin 2019-2022 en notaði gögn frá ASÍ fyrir árin 2015 og 2018<sup>12</sup>.

### 3.4.1 Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild


Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild er ókeypis ef hún er gerð í netbanka eða appinu hjá öllum bönkunum þremur en ef beiðni er um hana í útibúi er rukkað samkvæmt gjaldskrá sem hefur þróast með eftirfarandi hætti.

---

<sup>12</sup> [https://www.asi.is/media/315007/bankasamanburdur\\_2.pdf](https://www.asi.is/media/315007/bankasamanburdur_2.pdf)



Mynd 5: Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild í útibúi



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 1: Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild í útibúi


Beiðni um hækkun á yfirdráttarheimild í útibúi	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	0	550	700	700	950	950	36%
Landsbankinn	0	0	790	790	790	790	0%
Arion banki	750	750	750	895	895	895	19%
Meðalverð	250	433	747	795	878	878	18%

Árið 2015 var ekkert gjald tekið fyrir þessa þjónustu hjá Íslandsbanka og Landsbanka. Árið 2018 hóf Íslandsbanki gjalddöku vegna þessarar þjónustu og Landsbankinn ári síðar. Minnstar breytingar hafa orðið á gjaldinu hjá Arion banka sem hefur tekið gjald fyrir þjónustuna allt tímabilið. Frá 2019-2022 nam verðhækkun á þessum lið 36% hjá Íslandsbanka og 19% hjá Arion banka. Hjá Landsbankanum hefur verðið haldist óbreytt frá 2019 eftir að hafa verið gjaldfrjálst fram að því. Meðalverðið hækkaði um 18% á tímabilinu.

### 3.4.2 Innistæðulaus debetfærsla (FIT-kostnaður)

Ef viðskiptavinur gleymir að sækja um yfirdráttarheimild og fer yfir á debetkortinu sínu þarf hann að borga svokallaðan FIT-kostnað, sem hækkar eftir því sem upphæðin er hærri. Hér má sjá lágsta þrep þessa kostnaðar, sem hefur verið óbreytt síðastliðin fimm ár hjá öllum bönkunum þremur.

Mynd 6: Innistæðulaus debetfærsla (FIT-kostnaður) 5.000 kr. eða lægri



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 2: Innistæðulaus debetfærsla (FIT-kostnaður) 5.000 kr. eða lægri


Innistæðulaus debetfærsla (FIT-kostnaður) 5.000 kr. eða lægri	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	950	950	950	950	950	950	0%
Landsbankinn	900	900	900	900	900	900	0%
Arion banki	850	895	895	895	895	895	0%
Meðalverð	900	915	915	915	915	915	0%

FIT-kostnaður (lægsta þrepið) hefur verið óbreyttur hjá öllum bönkum frá árinu 2018. Lítil munur er á kostnaðinum milli banka en Íslandsbanki (dýrastur) er um 6% dýrari en Arion banki (ódýrastur).

### 3.4.3 Tilkynningar- og greiðslugjöld

Í dag eru flest húsnæðislán og kreditkortareikningar skuldfærð sjálfvirkt af reikningi og viðskiptavininum sent netyfirlit. Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig verð á tilkynningar- og greiðslugjöldum fyrir kreditkortareikninga hefur þróast síðastliðin ár.

Mynd 7: Tilkynningar- og greiðslugjald (skuldfært - netyfirlit)



Heimild: Verðskrár bankanna


Tafla 3: Tilkynningar- og greiðslugjald (Skuldfært - netyfirlit)

Tilkynningar- og greiðslugjald (Skuldfært - netyfirlit)	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	110	125	130	130	130	130	0%
Landsbankinn	75	120	120	120	120	120	0%
Arion banki	105	130	130	130	130	130	0%
Meðalverð	97	125	127	127	127	127	0%

Tilkynninga- og greiðslugjald hækkaði töluvert hjá bönkunum frá 2015-2018. Gjaldið hækkaði lítillega hjá Íslandsbanka árið 2019 en hefur haldist óbreytt hjá hinum bönkunum síðastliðin fjögur ár.

Ef einstaklingur hefði hins vegar kosið að greiða með greiðsluseðli og fá sent pappírskyfirlit hefði hann greitt mun hærra gjald eins og sjá má á næstu mynd. Tilkynninga- og greiðslugjald er mun hærra þegar greitt er með greiðsluseðli og pappírskyfirlit er sent en þegar skuldfærsla er framkvæmd og netyfirlit sent.

Mynd 8: Tilkynningar- og greiðslugjald (greiðsluseðill - pappírskyfirlit)



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 4: Tilkynningar- og greiðslugjald (Greiðsluseðill - pappírskyfirlit)

Tilkynningar- og greiðslugjald (Greiðsluseðill - pappírskyfirlit)	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	350	460	640	640	640	660	3%
Landsbankinn	340	420	420	420	420	420	0%
Arion banki	375	470	635	635	635	635	0%
Meðalverð	355	450	565	565	565	572	1%

Þetta tilkynningargjald hækkaði mikið á árunum 2015-2018, minnst hjá Landsbankanum, 24%, en mest hjá Arion banka, 31%. Frá 2018-2019 hækkaði gjaldið um 39% hjá Íslandsbanka og 35% hjá Arion banka en hélt því sem næst óbreytt frá 2019-2022. Hjá Landsbankanum var gjaldið óbreytt frá 2018-2022.

Tilkynningar- og greiðslugjöld bankanna eru mörg og geta flækst fyrir fólki en t.d. gildir ekki sama verðskrá fyrir tilkynningargjöld vegna lána annars vegar og kreditkorta hins vegar, eins og eftirfarandi gjaldtafla frá einum bankanna árið 2022 sýnir.

Tafla 5: Tilkynningar- og greiðslugjöld Landsbankans 2022

Tilkynningar- og greiðslugjald	Lán	Kreditkort
Skuldfært – enginn seðill	140	120
Skuldfært – pappírskyfirlit	255	240
Ekki skuldfært – enginn seðill	520	300
Ekki skuldfært – pappírskyfirlit	635	420


Í viðauka 7.3 má sjá töflu yfir tilkynningar- og greiðslugjöld allra bankanna fyrir árin 2015 og 2018-2022. Þar kemur m.a. fram að Landsbankinn hefur í flestum tilfellum verið ódýrastur síðustu ár.

Þess má geta að fólk er ekki endilega sett sjálfkrafa í ódýrasta flokkinn (skuldfært – netyfirlit) þegar það skráir sig í viðskipti og dæmi eru um að fólk hafi óvart verið að borga fyrir pappírskyfirlit sem það annaðhvort kærði sig aldrei um eða fékk ekki einu sinni sent.

### 3.4.4 Árgjald debetkorta

Flestir Íslendingar hafa veltureikning hjá bönkunum og þessum reikningum fylgir oft debetkort sem rukkað er fyrir skv. gjaldskrá sem hefur þróast með eftirfarandi hætti.

Mynd 9: Árgjald debetkorta



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 6: Árgjald debetkorta


Árgjald debetkorta	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	650	850	850	990	990	990	16%
Landsbankinn	495	790	790	790	790	790	0%
Arion banki	790	870	870	870	950	950	9%
Meðalverð	645	837	837	883	910	910	9%

Landsbankinn býður upp á lægsta árgjald debetkorta og hefur gert frá 2015. Frá 2015-2018 hækkaði árgjald debetkorta á bilinu 10-60% hjá bönkunum, mest hjá Landsbankanum en minnst hjá Arion banka sem var með hæsta gjaldið árið 2015. Á árunum 2018-2022 hækkaði árgjald debetkorta um 16,5% hjá Íslandsbanka, 9,2% hjá Arion banka en stóð í stað hjá Landsbankanum. Þess má geta að Indó sparisjóður, sem opnaði formlega þann 30. janúar 2023, býður nú upp á gjaldfrjáls debetkort með engum færslugjöldum en færslugjöld hinna bankanna eru á bilinu 18-20 kr. fyrir hverja debetkortafærslu. Í gegnum vildarþjónustur kerfislega mikilvægu bankanna er þó ákveðinn fjöldi færslna ókeypis í einhverjum tilvikum.

### 3.4.5 Árgjald kreditkorta

Bankarnir bjóða upp á ótal kreditkort, frá ódýru einföldu korti með engum tryggingum upp í kort með víðtækum tryggingum og ýmsum fríðindum. Á næstu myndum má sjá hvernig gjöldin hafa þróast fyrir annars vegar ódýrasta kreditkortinu sem bankarnir bjóða upp á og hins vegar gullkort sem hefur ágætar tryggingar og einhver fríðindi.

Mynd 10: Árgjald kreditkorta (ódýrasta gerð)



Heimild: Verðskrár bankanna


Tafla 7: Árgjald kreditkorta (ódýrasta gerð)

Árgjald kreditkorta (ódýrasta gerð)	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	1.500	1.900	1.900	1.900	1.900	2.150	13%
Landsbankinn	2.600	3.300	3.300	3.300	3.300	3.300	0%
Arion banki	3.100	3.400	3.400	3.400	3.400	3.400	0%
Meðalverð	2.400	2.867	2.867	2.867	2.867	2.950	3%

Eins og sjá má hafa gjöld fyrir ódýrasta kreditkortinu lítið breyst á milli ára. Íslandsbanki hefur boðið upp á lægri árgjöld af ódýrustu gerð af kreditkortu en hinir bankarnir en hann býður upp á kort í gegnum Mastercard en Arion banki og Landsbankinn bjóða aftur á móti upp á kort í gegnum Visa.

Hér má sjá þróun árgjalda fyrir gullkort. Þar hefur Arion banki verið ódýrastur.

Mynd 11: Árgjald kreditkorta (gullkort)



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 8: Árgjald kreditkorta (gullkort)


Árgjald kreditkorta (gullkort)	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	9.900	10.500	10.500	10.500	10.500	12.500	19%
Landsbankinn	9.900	11.400	12.400	12.400	12.400	12.400	0%
Arion banki	9.900	10.300	10.300	10.300	10.300	10.300	0%
Meðalverð	9.900	10.733	11.067	11.067	11.067	11.733	6%

Árið 2015 var gullkortaárgjald allra bankanna það sama (9.900 kr.) en allir voru þeir búnir að hækka gjöldin árið 2018. Frá árinu 2019 til 2022 stóð gjaldið í stað hjá Arion banka og Landsbankanum en hækkaði um 19% hjá Íslandsbanka.

### 3.4.6 Endurnýjun kreditkorta

Ef kreditkort glatast þá er greitt gjald fyrir endurnýjun kortsins skv. verðskrá bankanna.

Mynd 12: Endurnýjun kreditkorta



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 9: Endurnýjun kreditkorta

Endurnýjun kreditkorta	2015	2018	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	1.900	2.000	3.800	3.800	3.800	4.300	13%
Landsbankinn	1.900	1.900	1.900	1.900	1.900	1.900	0%
Arion banki	1.900	2.100	2.100	2.100	2.100	2.100	0%
Meðalverð	1.900	2.000	2.600	2.600	2.600	2.767	6%

Eins og sjá má hefur Landsbankinn verið ódýrastur frá 2018 en bæði hann og Arion banki hafa haldið óbreyttu verði frá árinu 2018 en Íslandsbanki hefur aftur á móti reglulega hækkað sitt gjald fyrir þessa þjónustu, um 13% samtals frá 2019-2022.

### 3.5 Neyslukörfur

Til að gefa mynd af því hver heildarkostnaður fjármálaþjónustu er fyrir viðskiptavinum bankanna eru hér birtar tvær neyslukörfur og gjöld bankanna fyrir ýmsa þjónustu borin saman. Í báðum körfunum er húsnæðislán auk ýmissar annarrar bankaþjónustu. Körfunum er ekki endilega ætlað að endurspegla neyslu meðaleinstaklinga í samfélaginu heldur aðallega að gefa mynd af mögulegum kostnaði einstaklinga og heimila við bankaþjónustu til að varpa ljósi á hvernig kostnaðurinn hefur þróast á milli ára og banka. Í báðum dæmunum, fyrir þar og eldri einstakling, er miðað við verðskrá bankanna sem var í gildi 31. desember árin 2019-2022. Fyrir báðar körfurnar er skoðaður kostnaður við fjármálaþjónustu annars vegar á lántökuárinu og hins vegar á árunum eftir lántökuárið. Ekki er horft til vaxta á neyslulánum, svo sem yfirdráttarheimildum eða dreifingu greiðslukortagreiðslna, og ekki var skoðaður kostnaður sem fylgir því að vera í leiguíbúð.

#### 3.5.1 Neyslukarfa fyrir þar

Í þessu dæmi gefum við okkur ungt þar sem kaupir fasteign á árinu (ekki sína fyrstu fasteign) og tekur bílalán. Þetta þar notar bæði debet- og kreditkort, nýtir sér rafræna þjónustu þegar hún er í boði, fer til útlanda einu sinni á ári og verklar í hverjum mánuði á netinu hjá erlendum verslunum/þjónustuaðilum. Sú upphæð sem parið eyðir í netverslun er byggð á netverslun Íslendinga árið 2022.

Neyslukarfa parsins er samsett úr eftirfarandi liðum:


1. Húsnæðislán og viðbótarlán með tilheyrandi gjöldum (lántökugjald, greiðslumat o.s.frv.)  
Verð: 60.000.000. Eigið fé: 12.000.000. Lán: 48.000.000.
2. Bílalán með tilheyrandi gjöldum. Verð: 5.000.000. Eigið fé: 1.000.000. Lán: 4.000.000.
3. Debetkort (árgjald og kostnaður við notkun).
4. Kreditkort (árgjald og kostnaður við notkun).
5. Gengisálag sem þau greiða vegna erlendar kortanotkunar.
6. Kaup í sjóðum, bæði hlutabréfasjóði og skuldabréfasjóði (sparnaður).

Í viðauka 7.11 má sjá körfuna þeirra sundurliðaða.

## Lántökuár parsins

Eftirfarandi línurit og tafla sýna kostnað parsins fyrsta árið þegar þau borga stofnkostnað við húsnæðis- og bílalán.

Mynd 13: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (á lántökuárinu)



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 10: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (á lántökuárinu)

Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (á lántökuárinu)	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	270.924	271.996	271.204	293.109	8,2%
Landsbankinn	232.952	233.751	234.039	244.857	5,1%
Arion banki	254.945	262.123	275.970	282.565	10,8%
Meðalverð	252.940	255.957	260.404	273.510	8,1%

Árið 2022 var karfan dýrust hjá Íslandsbanka eða 19,7% dýrari en hjá Landsbankanum.

Á tímabilinu jókst heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið um 8,2% hjá Íslandsbanka, 5,1% hjá Landsbankanum og 10,8% hjá Arion banka miðað við verðlag hvers árs. Meðalverð neyslukarfanna hækkaði um 8,1% á tímabilinu. Á sama tíma hefur verðlag á Íslandi hækkað um 19,3% svo um raunlækkun á körfunni er að ræða í öllum tilfellum.

Í viðauka 7.4 má sjá sundurliðun á heildarkostnaði við bankaþjónustu parsins en þar undir er m.a. stofnkostnaður við lántöku, kostnaður við debet- og kreditkort og kostnaður vegna gengisálags.

Þegar horft er til hlutfalls hvers kostnaðarliðar fyrir parið sem hlutfall af heildarkostnaði þeirra við bankaþjónustu á lántökuárinu sést að um 70-80% af bankakostnaði þeirra árið 2022 var vegna húsnæðis- og bílalána. Hlutföll allra liða af heildarkostnaði parsins við bankaþjónustu árið 2022 má sjá í viðauka 7.5.




Karfan var töluvert ódýrari í Landsbankanum árið 2022 og munar þar mest um stofnkostnað við húsnæðislánið, sem er um 25.000 krónum hærrí hjá Arion banka og Íslandsbanka. Þar munar mestu um skjalagerðargjald sem Landsbankinn rukkar ekki við veitingu húsnæðisláns en hinir bankarnir rukka aftur á móti 20.000 krónur. Þá er lántökugjald um 5.000 krónum lægra hjá Landsbankanum en hinum bönkunum. Þess ber að geta að árið 2015 voru lántökugjöld reiknuð sem hlutfall af lánsfjárhæð og nam gjaldið þá 1% af lánsfjárhæð hjá öllum bönkunum. Árið 2016 voru samþykkt lög þar sem kveðið er á um að lánveitanda sé aðeins heimilt að krefja neytanda um gjöld í samningi um fasteignalán sem byggjast á hlutlægum grunni vegna kostnaðar sem lánveitandinn hefur orðið fyrir og tengjast fasteignaláninu beint, auk vaxta. Einnig er Landsbankinn töluvert ódýrari þegar kemur að bílalánum en greiðslumatsmörk hjá Landsbankanum eru 4.900.000 kr. og þess vegna kemur ekkert lántökugjald til hjá bankanum þegar parið tekur bílalán en aftur á móti rukkar Arion banki 12.500 kr. og Íslandsbanki 14.000 kr. fyrir greiðslumatið. Í viðauka 7.11 má sjá sundurliðaða töflu yfir öll þau gjöld sem liggja að baki töflunum hér að ofan.

### Eftir lántökuár parsins

Hér gefur að líta kostnað þessa sama pars árin eftir lántökuárið sem samanstendur af reglulegum gjöldum vegna notkunar debet- og kreditkorta, greiðslum af húsnæðislánum og bílalánum, kostnaði vegna kaupa í sjóðum og loks gengisálagi vegna verslunar í erlendri mynt.

Mynd 14: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (eftir lántökuárið)



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 11: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (eftir lántökuárið)

Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið (eftir lántökuárið)	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	72.874	73.946	73.154	79.914	9,7%
Landsbankinn	69.927	70.726	71.014	72.532	3,7%
Arion banki	69.865	70.658	70.505	72.090	3,2%
Meðalverð	70.888	71.777	71.558	74.845	5,6%

Tiltölulega lítill munur var á dýrustu og ódýrustu körfunum eftir lántökuárið en ef við berum saman bankana árið 2022 þá var karfan 10,9% dýrari hjá Íslandsbanka en hjá Arion banka.

Í töflunni hér á eftir má sjá hvernig reglulegur kostnaður vegna bankaþjónustu skiptist. Á tímabilinu 2019-2022 hækkaði karfan um 9,7% hjá Íslandsbanka, 3,7% hjá Landsbankanum og 3,2% hjá Arion banka miðað við verðlag hvers árs. Á sama tíma hefur verðlag á Íslandi hækkað um 19,3% svo um raunlækkun á körfunni er að ræða í öllum tilfellum.

Í viðauka 7.6 má sjá sundurliðun á heildarkostnaði parsins við bankaþjónustu eftir lántökuárið en þar undir er m.a. árlegur kostnaður vegna lána, kostnaður við debet- og kreditkort og kostnaður vegna gengisálags.

Ef við skoðum hvern kostnaðarlið sem hlutfall af heildarkostnaði parsins við bankaþjónustu eftir lántökuárið, m.v. gjaldskrá ársins 2022, sést að um 50-60% kostnaðar þeirra er vegna debet- og kreditkorta og um 30% er vegna gengisálags. Gengisálag er nokkuð hátt hlutfall af reglulegum heildarkostnaði fólks vegna þjónustu bankanna<sup>13</sup>.

Tafla 12: Heildarkostnaður fyrir parið (eftir lántökuárið) – sundurliðun og hlutfall

Kostnaður eftir lántökuárið	Íslandsbanki		Landsbankinn		Arion banki	
	2022	Hlutfall af heild	2022	Hlutfall af heild	2022	Hlutfall af heild
Árleg þjónustugjöld vegna húsnæðislána	3.120	3,9%	3.360	4,6%	3.120	4,3%
Árleg þjónustugjöld vegna bílalána	1.560	2,0%	1.680	2,3%	1.560	2,2%
Heildarkostnaður við debetkort	16.080	20,1%	12.720	17,5%	13.520	18,8%
Heildarkostnaður við kreditkort	30.558	38,2%	29.618	40,8%	25.784	35,8%
Heildarkostnaður við kaup í sjóði	4.200	5,3%	4.725	6,5%	4.500	6,2%
Heildarkostnaður vegna gengisálags	24.396	30,5%	20.429	28,2%	23.606	32,7%
Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir parið	79.914	100,0%	72.532	100,0%	72.090	100,0%

### 3.5.2 Neyslukarfa fyrir eldri einstakling

Í þessu dæmi skoðum við eldri einstakling sem endurfjármagnar lítið fasteignalán hjá viðskiptabankanum sínum. Viðkomandi kann betur við að nýta sér persónulega þjónustu og fá reikninga senda á pappír en notar þó bæði debet- og kreditkort, fer í eina utanlandsferð á ári en verslar lítið á netinu.

Neyslukarfa einstaklingsins er samsett úr eftirfarandi liðum:

1. Húsnæðislán með tilheyrandi gjöldum (uppgreiðslugjald, lántökugjald, greiðslumat o.s.frv.). Verð: 60.000.000. Eigið fé: 40.000.000. Lán: 20.000.000.
2. Debetkort (árgjald og kostnaður við notkun).
3. Kreditkort (árgjald og kostnaður við notkun).
4. Gengisálag sem hann greiðir vegna erlendar kortanotkunar.
5. Önnur þjónusta – þjónusta í útibúi.
6. Kaup í sjóðum, bæði hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum (sparnaður).


Í viðauka má sjá körfuna sundurliðaða.

<sup>13</sup> Sparisjóðurinn Indó auglýsir að hann rúkki ekkert gengisálag þegar kort er notað erlendis eða á erlendum vefsíðum.

## Lántökuár einstaklingsins

Eftirfarandi mynd og tafla sýna kostnað einstaklingsins við bankaþjónustu fyrsta árið þegar hann tekur húsnæðislánið.

Mynd 15: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn á lántökuárinu



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 13: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn á lántökuárinu

Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn á lántökuárinu	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	142.151	142.608	144.291	154.014	8,3%
Landsbankinn	114.250	114.571	114.715	128.434	12,4%
Arion banki	133.810	138.568	155.205	157.095	17,4%
Meðalverð	130.070	131.916	138.070	146.514	12,6%

Karfan var 22,3% dýrari í Arion banka en í Landsbankanum árið 2022. Þar vegur þyngst skjalagerðargjald sem var 9.900 kr. í Íslandsbanka og 9.995 kr. í Arion banka en er ekki rukkað í Landsbankanum. Einnig munar töluverðu á gjaldi fyrir greiðslumat í útibúi en það var 7.900 kr. í Landsbankanum en 10.500 í Íslandsbanka og 11.500 í Arion banka.

Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn okkar jókst frá 2019-2022 um 8,3% í tilfalli Íslandsbanka, 12,4% í tilfalli Landsbankans og 17,4% í tilfalli Arion banka. Á sama tíma hefur verðlag á Íslandi hækkað um 19,3% svo um raunlækkun á körfunni er að ræða í tilfalli allra bankanna.


Í viðauka 7.7 má sjá sundurliðun á heildarkostnaði einstaklingsins við bankaþjónustu en þar undir er m.a. stofnkostnaður við lántökuna, kostnaður við debet- og kreditkort og kostnaður vegna gengisálags.

Rúmlega 70% af heildarkostnaði einstaklingsins við bankaþjónustu á lántökuárinu eru vegna húsnæðislántökunnar. Landsbankinn er töluvert ódýrari en hinir bankarnir tveir á lántökuárinu og munar þar mest um lántökukostnaðinn. Hlutföll allra liða af heildarkostnaði einstaklingsins við bankaþjónustu árið 2022 má sjá í viðauka.

### Eftir lántökuár einstaklingsins

Hér gefur að líta kostnað þessa sama einstaklings eftir lántökuárið.

Mynd 16: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið



Heimild: Verðskrár bankanna

Tafla 14: Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið

Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið	2019	2020	2021	2022	Hækkun frá 2019-2022
Íslandsbanki	52.801	53.258	54.941	58.219	10,3%
Landsbankinn	46.725	47.046	47.190	51.109	9,4%
Arion banki	51.330	51.598	54.235	55.120	7,4%
Meðalverð	50.285	50.634	52.122	54.816	9,0%

Árið 2022 var karfan 13,9% dýrari hjá Íslandsbanka en hjá Landsbankanum.

Heildarkostnaður við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn jókst frá 2019-2022 um 10,3% hjá Íslandsbanka, 9,4% hjá Landsbankanum og 7,4% hjá Arion banka. Á sama tíma hefur verðlag á Íslandi hækkað um 19,3% svo um raunlækkun á körfunni er að ræða í öllum tilvikum.

Í töflu 15 má sjá sundurliðun á heildarkostnaði einstaklingsins við bankaþjónustu en þar undir eru m.a. árlegur kostnaður vegna lánsins, kostnaður við debet- og kreditkort og kostnaður vegna gengisálags.

Tafla 15: Hlutfallsleg skipting kostnaðar fyrir einstaklinginn eftir lántökuárið (2022)

Kostnaður eftir lántökuárið	Íslandsbanki		Landsbankinn		Arion banki	
	2022	Hlutfall af heild	2022	Hlutfall af heild	2022	Hlutfall af heild
Árleg þjónustugjöld vegna húsnæðislánsins	7.140	12,3%	7.620	14,9%	7.620	13,8%
Heildarkostnaður við debetkort	6.590	11,3%	5.030	9,8%	5.370	9,7%
Heildarkostnaður við kreditkort	22.764	39,1%	19.484	38,1%	20.152	36,6%
Heildarkostnaður við aðra þjónustu	8.150	14,0%	7.340	14,4%	8.820	16,0%
Heildarkostnaður við kaup í sjóði	3.800	6,5%	3.450	6,8%	3.700	6,7%
Heildarkostnaður vegna gengisálags	9.775	16,8%	8.185	16,0%	9.458	17,2%
Heildarkostnaðurinn við bankaþjónustu fyrir einstaklinginn	<b>58.219</b>	<b>100,0%</b>	<b>51.109</b>	<b>100,0%</b>	<b>55.120</b>	<b>100,0%</b>

Ef við skoðum hlutfall hvers kostnaðarliðar fyrir einstaklinginn sem hlutfall af heildarkostnaði hans við bankaþjónustu á árunum eftir lántökuárið sést að um 40% kostnaðarins er vegna kreditkorta og um 17% vegna gengisálags.

Í viðauka 1007.12 má sjá sundurliðuð þau gjöld sem liggja að baki töflunni hér á undan.

### 3.5.3 Indó sparisjóður

#### Kostnaður við debetkort

Indó sparisjóður hóf starfsemi árið 2022 en opnaði formlega í byrjun árs 2023. Indó býður upp á veltureikninga, sparnaðarreikninga og debetkort en bæði kortin og einnig færslurnar eru ókeypis.

Tafla 16 sýnir samanburð debetkortaliðarins milli Indó og bankanna þriggja árið 2022 miðað við gefnar forsendur parsins sem við skoðuðum fyrr í kaflanum.

Tafla 16: Kostnaður við debetkort – samanburður við Indó sparisjóð

Kostnaður við debetkort	Íslandsbanki	Landsbankinn	Arion banki	Indó sparisjóður
Árgjald debetkorta	990	790	950	0
Árgjald debetkorta fyrir tvo	<b>1.980</b>	<b>1.580</b>	<b>1.900</b>	<b>0</b>
Debetkortafærsla	20	18	19	0
2x20 = 40 færslur á mánuði. 480 færslur á ári fyrir parið	<b>9.600</b>	<b>8.640</b>	<b>9.120</b>	<b>0</b>
Tvær úttektir reiðufjár í erlendum hraðbanka í erlendri mynt með debetkorti (200.000 kr. samtals)	2%	1%	1%	0%
Kostnaðurinn í krónum	<b>4.000</b>	<b>2.000</b>	<b>2.000</b>	<b>0</b>
Fjórar úttektir reiðufjár í innlendum hraðbanka í krónum með debetkorti í hraðbanka í eigu annars en eigin viðskiptabanka (50.000 kr.)	1%	1%	1%	0%
Kostnaðurinn í krónum	<b>500</b>	<b>500</b>	<b>500</b>	<b>0</b>
Heildarkostnaðurinn við debetkort	<b>16.080</b>	<b>12.720</b>	<b>13.520</b>	<b>0</b>

### Kostnaður við gengisálag

Eins og nefnt var hér á undan í kaflanum um greiðslumiðlun þá rukkar Indó sparisjóður ekkert aukaálag fyrir erlendar kortafærslur en álagið sem stóru bankarnir leggja ofan á almennt gengi hefur töluverð áhrif á neyslukörfurnar sem við skoðuðum hér á undan. Hér á eftir má sjá hver kostnaður parsins okkar vegna gengisálags hefði getað verið árið 2022, ef Indó sparisjóður hefði verið með í samanburðinum.

Forsendur neyslu parsins í erlendri mynt fyrir árið má sjá í eftirfarandi töflu:

Tafla 17: Forsendur neyslu parsins í erlendri mynt

Neysla í erlendri mynt	Krónur
Erlend eyðsla á ferðalögum með debet- og kreditkortum	300.000
Erlend netþjónusta (Spotify, Netflix, Disney+, Apple, Google o.þ.h.) á mánuði	6.800
Erlend netþjónusta (Spotify, Netflix, Disney+, Apple, Google o.þ.h.) árlega	81.600
Erlend netverslun (föt, leikföng, raftæki o.þ.h.) á mánuði	20.000
Erlend netverslun (föt, leikföng, raftæki o.þ.h.) á ári	240.000
Ferðalög (flug + hótél) – ein ferð á ári	216.000
<b>Samtals eyðsla í erlendum gjaldeyri</b>	<b>837.600</b>

Miðað við gefnar forsendur hefði kostnaður vegna gengisálags fyrir parið verið rúmlega tuttugu þúsund krónur á ári hjá stóru bönkunum en enginn hjá Indó sparisjóði eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Tafla 18: Gengisálag vegna neyslu í erlendri mynt

	Íslandsbanki	Landsbankinn	Arion banki	Indó sparisjóður
Meðalálag allra gjaldmiðla í úrtaki yfir viðkomandi ár	3,0%	2,5%	2,9%	0,0%
<b>Heildarkostnaður vegna gengisálags á ári</b>	<b>24.396</b>	<b>20.429</b>	<b>23.606</b>	<b>0</b>

## 3.6 Niðurstöður samanburðar á verðskrá og neyslukörfum

Af ofangreindu má sjá að það getur borgað sig fyrir neytendur að skoða hvað er í boði og hvar þeirra kostnaður við bankaþjónustu liggur helst. Fyrir einhverja eru tækifæri til að lækka tilkynningar- og greiðslugjöld með því að biðja um að þau skuldfærast sjálfkrafa og einungis rafrænn greiðsluseðill sé sendur. Einnig er hægt að athuga hvort ódýrara sé að nota kreditkort, debetkort eða kaupa gjaldeyri áður en farið er til útlanda.

Töluverður munur getur verið á heildarkostnaði neytenda við bankaþjónustu eins og neyslukörfurnar sem við skoðuðum að ofan leiddu í ljós. Tafla 19 dregur saman heildarkostnað við neyslukörfur bankaþjónustu fyrir parið okkar og einstaklinginn.

Tafla 19: Samanburður á neyslukörfum 2022

	Á lántökuárinu		Eftir lántökuárið	
	Ungt par	Eldri einstaklingur	Ungt par	Eldri einstaklingur
Íslandsbanki	293.109	154.014	79.914	58.219
Landsbankinn	244.857	128.434	72.532	51.109
Arion banki	282.565	157.095	72.090	55.120
Munur á hæsta og lægsta verði körfu	19,7%	22,3%	10,2%	13,9%

Hafa ber þó í huga að aðrir þættir geta vegið þyngra þegar kemur að t.d. lántökuárinu hjá fólki. Stimpilgjald af kaupsamningi fasteigna er t.d. 0,8% af heildarfasteignamati hjá einstaklingum (0,4% sé um fyrstu íbúð að ræða). Þarið í dæminu okkar keypti fasteign á sextíu milljónir en miðað við sama fasteignamat væri stimpilgjald af kaupnum (greitt til ríkisins) 480.000 kr., sem er töluvert meira en heildarkostnaður þeirra við bankþjónustu allt það ár. Við þetta má bæta að fasteignakaupendur geta einnig þurft að greiða umsýslugjald til fasteignasölnunnar upp á 70-90.000 kr. Eldri einstaklingurinn okkar sleppur þó við að greiða stimpilgjald þar sem hann var að endurfjármagna sitt lán og hafði því áður greitt stimpilgjaldið af upphaflegum kaupsamningi fyrir fasteignina.

Ef neytandi vill skipta um viðskiptabanka þá er það einfalt og kostar ekkert. Þó að viðkomandi sé með húsnæðislán er ekkert því til fyrirstöðu að hafa lánið áfram hjá sömu lánastofnun, hvort sem það er viðskiptabanki eða lífeyrissjóður. Til að færa viðskipti til annars viðskiptabanka þarf eingöngu að stofna bankareikning í þeim banka (sem er ókeypiss hjá öllum bönkunum), flytja launareikning þangað og byrja að nota kort frá nýja bankanum. Ef til stendur að endurfjármagna húsnæðislán og flytja í nýja bankann þá kostar það sem nemur lántökugjaldi, greiðslumati og öðrum gjöldum eftir atvikum. Þá ber að hafa í huga að lán á föstum vöxtum, hvort sem er óverðtryggt eða verðtryggt lán, bera almennt uppgreiðslugjald ef lánin eru greidd upp áður en fastvaxtatímabili lýkur og fastir vextir á sambærilegu láni eru lægri en á láninu sem greitt er upp. Uppgreiðslugjöld eru mismunandi eftir lánastofnunum en algengt er að þau nemi 0,2% fyrir hvert heilt ár sem eftir stendur af fastvaxtatímabili en þó aldrei hærra en 1% af fjárhæð endurgreiðslu.

### 3.7 Greiðslumiðlun

Í lok febrúar 2023 gaf Seðlabanki Íslands út skýrslu um innlenda smágreiðslumiðlun<sup>14</sup>. Meginefni skýrslunnar fjallar um öryggi greiðslumiðlunar en í henni er einnig fjallað um kostnað við smágreiðslumiðlun hér á landi. Í því sambandi er sérstaklega bent á það í niðurstöðum skýrslunnar að auka þurfi gagnsæi kostnaðar í greiðslumiðlun. Ein grundvallarforsenda þess að unnt sé að stuðla að aukinni hagkvæmni í greiðslumiðlun sé að auka gagnsæi kostnaðar við notkun ólíkra greiðslumiðla fyrir neytendur. Ef kostnaður í smágreiðslumiðlun lækkar ættu neytendur og atvinnulífið að njóta góðs af.

Flest heimili nota greiðslukort til að greiða fyrir vöru og þjónustu á sölustöðum á smásölumarkaði innanlands, annaðhvort beint eða óbeint með snjalltæki þar sem greiðslukort hefur verið tengt. Um 92% af

<sup>14</sup> [Innlend óháð smágreiðslumiðlun](#), Sérarit 2023/16, Seðlabanki Íslands.

greiðslum heimila við kaup á vöru og þjónustu áttu sér stað með greiðslukorti á árinu 2021 en að baki þeim voru tæplega 155 milljón færslur. Hlutfall reiðufjárnotkunar heimila á sölustöðum var 7,5% af heildarfærslum eða tæplega 13 milljón færslur og hlutfall annarra lausna, s.s. BNPL-lausna<sup>15</sup>, var 0,7% eða um milljón færslur á árinu 2021<sup>16</sup>.

Í skýrslunni kemur fram að kreditkortanotkun sé mun meiri hérlendis en víða erlendis þrátt fyrir að kostnaður við notkun þeirra sé að jafnaði meiri en við notkun debetkorta. Kostnaði við notkun greiðslukorta er gjarnan fleytt áfram til neytandans til hækkunar verðs á vöru og þjónustu og því er hann að stórum hluta dulinn neytendum. Minnst fimm mismunandi aðilar koma við sögu þegar greitt er með greiðslukorti og 90% smágreiðslna á Íslandi fara í gegnum kerfi Visa og Mastercard. Nú fara um 99% debetkortafærslna hér á landi um erlenda innviði sem liggja utan lögsögu Íslands. Þessir innviðir eru notaðir við allar kreditkortafærslur hér á landi. Langstærstur hluti innlendar smágreiðslumiðlunar, eða rúmlega 90%, fer fram með debet- og kreditkortum frá erlendum kortafyrirtækjum, ýmist beint eða óbeint í gegnum aðrar leiðir sem byggjast á erlendum innviðum.

### 3.7.1 Þjóðhagslegur kostnaður við smágreiðslumiðlun innanlands

Greiðslumiðlun hefur bæði þjóðhagslegan ábata og kostnað. Stafræn greiðslumiðlun sparar þann tíma sem fer í viðskipti umfram notkun seðla og myntar. Erfitt er að meta þennan ábata en ljóst að ef rof verður í greiðslumiðlun af einhverjum ástæðum getur það leitt til tjóns í samfélaginu. En greiðslumiðlun fylgir einnig kostnaður sem er að mestu falinn neytendum. Á markaði fyrir greiðslumiðlun eru ósamhverfar upplýsingar um kostnað sem valda því að veitendur þjónustunnar vita mun meira um hann en viðskiptavinirnir. Seðlabanki Íslands áætlar að heildarkostnaður heimila við notkun á greiðslumiðlun (aðallega kortum) hafi numið 10 mö.kr. á árinu 2021<sup>17</sup>. Hver debetkortafærsla kostaði heimilin um 45 kr. að meðaltali en hver kreditkortafærsla um 91 kr. Þetta eru þó ekki allt gjöld sem neytendur greiða beint fyrir notkun greiðslukorta sinna því þau gjöld sem sölu- og þjónustuaðilar greiða greiðsluþjónustuveitendum leggjast óbeint á heimilin í gegnum verðlagningu á vöru og þjónustu.

Kostnaður við greiðslumiðlun er borinn af fjármálastofnunum, heimilum og sölu- og þjónustuaðilum. Hluti kostnaðarins felur í sér færslu á verðmætum innanlands en annar felur í sér greiðslur til erlendra aðila. Kostnaður fjármálastofnana felst m.a. í öryggisráðstöfunum, launa- og húsnæðiskostnaði og tryggingum. Á heimilin fellur kostnaður við notkun reiðufjár og korta, þar með talinn sá tími sem fer í að eiga viðskipti. Söluaðilar verða einnig fyrir kostnaði, svo sem leigu á kortalesurum, launakostnaði og uppgjöri reiðufjárviðskipta. Samkvæmt greiningu Seðlabanka Íslands bera greiðsluþjónustuveitendur (s.s. bankar, sparisjóðir og færsluhirðar) hæstan kostnað í greiðslumiðlun en þeir hafa líka tekjur af henni. Tap var af rekstri reiðufjárúttekta og greiðsluþjónustu í greiðslumiðlun hjá bönkum og sparisjóðum á árinu 2021 en hagnaður var af rekstri greiðslukorta hjá þeim og færsluhirðum. Mestur var hagnaðurinn vegna kreditkorta. Áætlað er að hagnaður af hverri færslu kreditkorta hafi verið um 122 kr. að meðaltali samanborið við 8 kr. hagnað af hverri færslu debetkorta<sup>18</sup>.

---

<sup>15</sup> BNPL-lausn (e. buy now, pay later) er notuð yfir reikningsviðskipti og er þá krafa greidd í gegnum netbanka eða smáforrit í snjalltæki. Útbreiddasta slíka lausnin hér á landi er Netgíró.

<sup>16</sup> [Kostnaður við smágreiðslumiðlun](#), Seðlabanki Íslands, maí 2023, bls. 7.

<sup>17</sup> [Kostnaður við smágreiðslumiðlun](#), Seðlabanki Íslands, maí 2023, bls. 4.

<sup>18</sup> [Kostnaður við smágreiðslumiðlun](#), Seðlabanki Íslands, maí 2023, bls. 4.



Seðlabankinn áætlað að kostnaður samfélagsins af notkun greiðslumiðla hér á landi á árinu 2021 hafi verið um 47 ma.kr. eða um 1,43% af vergri landsframleiðslu. Þar af var kostnaður vegna greiðslukorta ríflega 20 ma.kr. Í greiningu Seðlabankans kemur fram að Noregur sé eina landið sem telja má samanburðarhæft við Ísland sem nýlega hefur birt niðurstöður úr kostnaðargreiningu í greiðslumiðlun. Í Noregi var samfélagskostnaður á árinu 2020 um 0,79% af vergri landsframleiðslu. Kostnaðurinn í Noregi er því talsvert lægri en hér á landi. Þessi lægri kostnaður stafar af því að í Noregi er innlent debetkortakerfi, BankAxept, sem er í eigu norskra banka, sem hefur afgerandi markaðshlutdeild (74%) í Noregi og hefur verið ódýrasti greiðslumiðillinn þar í landi. Innviðir fyrir innlenda debetkortið eru samnýttir meðal greiðsluþjónustuveitenda. Á Íslandi nýta hins vegar öll debet- og kreditkort sem gefin eru út í landinu erlenda innviði Visa og Mastercard. Í Danmörku er Dankort landsbundið debetkort, en um 69% allra greiðslna í Danmörku voru framkvæmdar með Dankort á árinu 2021.

Kostnaður samfélagsins af innlendri greiðslumiðlun er einnig hærrí hér á landi en í Danmörku. Í Danmörku, eins og í Noregi, nota greiðsluþjónustuveitendur ódýrari innviði fyrir útgáfu innlends debetkorts (Dankort) eins og lýst er í riti Seðlabankans, Fjármálainnviðir, frá árinu 2019<sup>19</sup>. Þar kemur fram að meðalkostnaður samfélagsins á hverja færslu með Dankort hafi verið um 43 íslenskar krónur árið 2016, mun lægri en þær 235 krónur sem hver færsla með alþjóðlegu kreditkorti kostaði sem var svipað og notkun slíks korts kostaði á Íslandi (244 krónur). Minni kostnaður við greiðslumiðlun í Danmörku stafaði þannig af notkun ódýrari innlendar greiðslumiðlunar.

Afleiðingin af mikilli notkun alþjóðlegra greiðslukorta hér á landi er sú að kostnaður við greiðslumiðlun er mun hærrí hér en á hinum Norðurlöndunum. Sú spurning vaknar af hverju Íslendingar nota alþjóðleg kort sem eru dýrari en landskort. Ein augljós ástæða er sú að ekki er boðið upp á ódýrt landskort hér á landi sem jafnframt myndi tryggja öryggi innlendar greiðslumiðlunar ef tímabundin truflun yrði í samskiptum við erlenda aðila, t.d. Visa og Mastercard, eins og gerðist í október 2008.

### 3.7.2 Óbein gjaldtaka bankanna af neytendum í smágreiðslumiðlun

Fyrir utan bein gjöld sem neytendur greiða fyrir greiðslumiðlun í formi greiðslukorta, gjöld svo sem árgjöld korta, færslugjöld, gjöld fyrir úttektir í hraðbönkum, greiðslu og tilkynningargjöld, fer einnig fram viðbótargjaldtaka af viðskiptavinum sem snýr að greiðslum í erlendri mynt. Þetta á við um kortanotkun í útlöndum og greiðslur í erlendum myntum, svo sem í erlendum netverslunum og fyrir erlenda þjónustu sem seld er hér innanlands, t.d. streymisveitur<sup>20</sup>.

Veigamesti þáttur þessarar gjaldtöku er fólgin í svokölluðu kortagengi. Þar er átt við kostnað sem felst í mismuninum á almennu gengi krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum og því gengi sem bankarnir selja korthöfum gjaldmiðilinn sem nýttur er í viðkomandi færslu, og bankarnir kalla kortagengi. Þessi óbeina gjaldtaka kemur hvergi fram í verðskrá bankanna og óvíst hvort þorri neytenda geri sér grein fyrir því að verið sé að selja þeim gjaldeyri öðru verði en sem nemur almennri gengisskráningu viðkomandi banka. Þessi duldi kostnaður við kaup erlendis og í gegnum erlendar netverslanir getur haft brengluð áhrif á ákvarðanir neytenda um það hvort betra sé að kaupa vörur í innlendum verslunum eða erlendum. Þessi gjaldtaka er veigamikill þáttur í gjaldtöku bankanna af smágreiðslumiðlun þar sem verulegur hluti af einkaneyslu heimilanna á sér stað í erlendri mynt. Þar kemur til annars vegar neysla sem á sér stað hér á landi í formi

<sup>19</sup> Fjármálainnviðir, Seðlabanki Íslands, 2019.

<sup>20</sup> Í raun eru það á endanum neytendur sem bera einnig kostnað söluaðila í formi herra verðlags.

verslunar í gegnum erlendar netverslanir eða kaup á ýmissi þjónustu svo sem streymisveitum, hugbúnaðaráskriftum og tölvuleikjum. Samkvæmt gögnum Rannsóknarseturs verslunarinnar nam heildarvelta Íslendinga í erlendum netverslunum alls tæplega 24 mö.kr. árið 2022.

Hins vegar er um að ræða útgjöld Íslendinga á ferðalögum erlendis, en árið 2019 voru áætlaðar brottfarir Íslendinga frá Leifsstöð alls 611 þúsund og árið 2022 um 587 þúsund. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar um einkaneyslu landsmanna árið 2022 nam einkaneysla Íslendinga á ferðalögum erlendis alls tæpum 182 milljörðum króna eða sem nemur 9,2% heildareinkaneysluútgjalda. Til samanburðar var þetta hlutfall hæst 11,5% árið 2018. Af því leiðir að kjör bankanna við kaup og sölu gjaldeyris til almennings geta haft umtalsverð áhrif á útgjöld heimilanna.

Til að kanna kostnað vegna kortagengis nánar aflaði vinnuhópurinn gagna frá Landsbankanum, Arion banka og Íslandsbanka um gengisskráningu þeirra fjögur ár aftur í tímann. Óskað var eftir daglegum gögnum um kaup- og sölugengi krónunnar gagnvart bandaríkjadal, evru, sterlingspundi, sænsku krónunni og dönsku krónunni. Óskað var eftir upplýsingum um þrjár gengisskráningar: almennt gengi, seðlagengi og kortagengi.

Gögnin voru greind út frá eftirfarandi þáttum:

- Verðmuni á kaup- og sölugengi (e. bid-ask spread)
- Verðmuni á sölugengi seðlagengis og almenns gengis
- Verðmuni á sölugengi kortagengis og almenns gengis

### Munur á kaup og sölugengi

#### *Almennt gengi*

Verðmunur kaup- og sölugengis helstu gjaldmiðla heims (e. bid-ask spread) er yfirleitt vel innan við 0,1%<sup>21</sup>. Verðmunurinn er hins vegar talsvert meiri fyrir íslensku krónuna eða ríflega sexfalt meiri á því tímabili sem skoðað var.

Hjá **Arion banka** var verðmunur almenns kaup- og sölugengis allra gjaldmiðlanna hinn sami. Hann var lægstur árið 2019, 0,64%, hækkaði í 0,72% árið 2020, en lækkaði í 0,7% árin 2021 og 2022.

Hjá **Íslandsbanka** var verðmunur almenns kaup- og sölugengis allra gjaldmiðlanna nánast hinn sami og stöðugur í gegnum allt tímabilið í 0,67%.

Hjá **Landsbankanum** var verðmunur almenns kaup- og sölugengis þessara gjaldmiðla að meðaltali 0,68% á árinu 2022. Verðmunurinn var aðeins breytilegur milli gjaldmiðla, mestur í tilfelli sænsku krónunnar 0,71% en minnstur gagnvart evru, bandaríkjadal og sterlingspundi 0,67%. Verðmunurinn jókst yfir tímabilið, var minnstur árið 2020, að meðaltali 0,62%, en hækkaði jafnt og þétt næstu tvö ár í 0,68% árið 2022.

#### *Seðlagengi*

Munur á kaup- og sölugengi seðla hjá bönkunum var að jafnaði 5,6%. Munurinn var nokkuð breytilegur eftir bönkum og gjaldmiðlum. Lægstur var munurinn á gengi bandaríkjadals, að jafnaði 5,3%, en hæstur á minni

---

<sup>21</sup> [Valkostir Íslands í gjaldmiðils- og gengismálum](#), Sérri 7, Seðlabanki Íslands, september 2012.

gjaldmiðlunum, sænsku og dönsku krónunni, 6,0%. Munurinn var einnig breytilegur eftir bönkum, minnstur hjá Íslandsbanka (4,8% að meðaltali) en mestur hjá Landsbankanum (6,5% að meðaltali)<sup>22</sup>.

Tafla 20: Munur á kaup- og sölugengi seðla árið 2022

	Bandaríkja- dalur	Dönsk króna	Evra	Sænsk króna	Sterlings- pund	Meðaltal
Arion banki	5,3%	5,8%	5,3%	5,8%	5,3%	5,5%
Íslandsbanki	4,1%	5,7%	4,7%	5,7%	4,1%	4,8%
Landsbankinn	6,5%	6,5%	6,5%	6,5%	6,5%	6,5%
Meðaltal	5,3%	6,0%	5,5%	6,0%	5,3%	5,6%

### *Kortagengi*

Munur á kaup- og sölugengi í kortaviðskiptum hjá bönkunum var að jafnaði sá sami og fyrir seðlagengi eða 5,6%. Munurinn var nokkuð breytilegur eftir bönkum og gjaldmiðlum. Aftur var munurinn lægstur þegar um var að ræða stærri gjaldmiðlana bandaríkjadal, evru og sterlingspund, að jafnaði 5,1%, en hæstur þegar minni gjaldmiðlarnir áttu í hlut, sænska og danska krónan, eða 6,5%. Munurinn var einnig breytilegur eftir bönkum, minnstur hjá Íslandsbanka (3,7% að meðaltali) en mestur hjá Landsbankanum (7,4% að meðaltali)<sup>23</sup>.

Tafla 21: Munur á kaup- og sölugengi kortagengis bankanna árið 2022

	Bandaríkja- dalur	Dönsk króna	Evra	Sænsk króna	Sterlings- pund	Meðaltal
Arion banki	5,5%	6,0%	5,5%	5,7%	5,4%	5,6%
Íslandsbanki	3,1%	4,7%	3,1%	4,7%	3,1%	3,7%
Landsbankinn	6,8%	8,8%	6,8%	7,8%	6,8%	7,4%
Meðaltal	5,1%	6,5%	5,1%	6,1%	5,1%	5,6%

Ekki er ljóst hvað skýrir mismun á milli banka fyrir hvern gjaldmiðil né mismun á milli gjaldmiðla fyrir hvern banka.

### 3.7.3 Gengisálag - kortagengi

Greining á kortagengi bankanna í samanburði við almennt gengi bankanna sýndi að þessi álagning bankanna er bæði mismunandi á milli þeirra, mismunandi eftir gjaldmiðlum og breytileg yfir tíma. Þegar horft er til meðalálags á alla gjaldmiðlana sem skoðaðir voru var álagið á síðasta ári lægst hjá Landsbankanum, sem var með 2,5% álag, Arion banki var með 2,9% meðalálag og Íslandsbanki með hæsta álagið 3,0%. Það er athyglisvert að þetta álag hefur hækkað um 0,2 prósentustig hjá öllum bönkunum samanborið við árið 2019.

<sup>22</sup> Töflur með þróun munarins yfir tíma fyrir hvern og einn bankanna eru birtar í viðauka.

<sup>23</sup> Töflur með þróun munarins yfir tíma fyrir hvern og einn bankanna eru birtar í viðauka


Tafla 22: Kortagengi – álag á almennt gengi

	2019	2020	2021	2022
Landsbankinn	2,3%	2,4%	2,4%	2,5%
Íslandsbanki	2,8%	2,9%	2,8%	3,0%
Arion banki	2,7%	2,8%	2,7%	2,9%
Meðaltal	2,6%	2,7%	2,6%	2,8%

Skýring: meðalálág á almennt gengi gjaldmiðla í úrtaki yfir viðkomandi ár

Þegar gengisálagið er skoðað eftir gjaldmiðlum kemur í ljós að álagningin er töluvert breytileg<sup>24</sup>. Á fjórða ársfjórðungi síðasta árs var álagið lægst á bandaríkjadal, 2,1% þegar horft er til meðaltals allra bankanna. Næstlægst var álagið á evru og sterlingspund, 2,7%, 3,0% á dönsku krónuna og hæsta álagið var að jafnaði á sænsku krónuna, 3,2%.

Mynd 17: Samanburður á gengisálagi á kortagengi



### 3.7.4 Gengisálag – seðlagengi

Bankarnir þrír bjóða upp á kaup og sölu á erlendum seðlum fyrir gjaldmiðla helstu viðskiptalanda Íslands. Þessum viðskiptum fylgir vissulega einhver kostnaður fyrir bankana en ekki er tekið sérstakt gjald fyrir viðskiptin eins og þekkist víða erlendis. Tekjur bankanna af viðskiptunum eru annarsvegar fólgnar í mun á kaup- og sölugengi seðlanna (sem fjallað er um hér að ofan) og hinsvegar leggja bankarnir álag á almennt verð gjaldmiðlanna sem birtist í mun á birtu seðlagengi bankanna og almennu gengi bankanna. Þetta álag var lægst hjá Landsbankanum þar sem það var 1,9% að meðaltali, næstlægst hjá Íslandsbanka 2,0% en hæst hjá Arion banka þar sem það var 2,5% að jafnaði.

<sup>24</sup> Þróun álagsins fyrir hvern banka og gjaldmiðil er birt í viðauka.


Tafla 23 Seðlagengi – álag á almennt gengi

	2019	2020	2021	2022
Landsbankinn	1,9%	1,9%	1,9%	1,9%
Íslandsbanki	2,0%	2,2%	2,0%	2,0%
Arion banki	2,4%	2,4%	2,4%	2,5%
Meðaltal	2,1%	2,2%	2,1%	2,1%

*Skýring: meðalálag á almennt gengi gjaldmiðla í úrtaki yfir viðkomandi ár*

Mun minni breytileiki var á seðlaálaginu en kortaálaginu þegar það var skoðað í tilfalli helstu gjaldmiðla. Á fjórða ársfjórðungi síðasta árs var álagið lægst á bandaríkjadal, 1,9%, en hæst á sænsku og dönsku krónuna, 2,2%.

Mynd 18: Samanburður á gengisálagi á seðlagengi



### 3.7.5 Gengisálag – samanburður

Í ljósi tæknipróunar síðustu ára hvað varðar rafræna greiðslumiðlun hefði mátt vænta þess að hagkvæmara væri fyrir neytendur að nýta alþjóðleg greiðslukort Visa og Mastercard, sem bankarnir gefa út, sem greiðslumiðil erlendis fremur en að kaupa erlenda seðla af bönkunum til að hafa með sér á ferðalögum. Það virðist þó ekki vera raunin. Greining vinnuhópsins á gögnum bankanna sýnir að við kaup á seðlum var meðalálag bankanna á almennt gengi á árunum 2019 til 2022 í öllum tilfellum lægra en þegar greiðslukort voru notuð. Það sem hindrar fólk í að nota seðla í stað greiðslukorta er það óhagræði sem m.a. felst í hættunni á því að seðlar tynist eða þeim sé stolið. Einnig er orðið erfiðara að nota seðla í þeim löndum þar sem kortanotkun er mest, t.d. í Danmörku.

Ef horft er yfir allt tímabilið og meðaltal allra gjaldmiðlanna þá var gengisálagið á seðlagengið að meðaltali 2,1% ofan á almennt gengi bankanna. Það var að jafnaði lægst hjá Landsbankanum eða 1,9%, hjá Íslandsbanka var álagið að jafnaði 2,0%, en hæst var það hjá Arion banka, 2,4%. Álagið hvað varðar kortagengið var að meðaltali 2,7% ofan á almennt gengi bankanna, lægst hjá Landsbankanum, 2,4%, 2,8% hjá Arion banka og hæst hjá Íslandsbanka, 2,9%. Heilt yfir var álagið á kortagengið því að meðaltali 0,6 prósentustigum hærra en á seðlagenginu árin 2019 til 2022 þegar miðað er við einfalt meðaltal allra gjaldmiðlanna og tímabilið í heild. Með öðrum orðum, þeir viðskiptavinir sem nýttu greiðslukort í erlendar

greiðslur greiddu að jafnaði 0,6% hærra verð fyrir gjaldeyrinn en þeir hefðu gert hefðu þeir kosið að kaupa erlenda seðla af bönkunum. Helstu niðurstöðurnar eru teknar saman í töflu hér á eftir sem sýnir meðaltöl yfir allt tímabilið 2019-2022 og alla gjaldmiðlana sem voru til skoðunar.


Tafla 24: Gengisálag bankanna

Meðaltal árána 2019-2022	Meðalálág á almennt gengi		
	Kort	Seðlar	Mismunur
Arion banki	2,8%	2,4%	-0,4%
Íslandsbanki	2,9%	2,0%	-0,9%
Landsbankinn	2,4%	1,9%	-0,5%
<b>Meðaltal</b>	<b>2,7%</b>	<b>2,1%</b>	<b>-0,6%</b>

Álagið var töluvert breytilegt yfir tíma, milli gjaldmiðla og milli bankanna (sjá viðauka 7.8 og 7.9). Til að gefa neytendum hugmynd um hvernig sé hagstæðast að haga greiðslum í erlendum gjaldmiðlum er í mynd 19 gerður samanburður á álagi bankanna á gengi mismunandi gjaldmiðla á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Myndin sýnir hversu mikið álag bankarnir rukka ofan á almennt gengi fyrir hvern og einn gjaldmiðil eftir því hvort um er að ræða kortaviðskipti eða reiðufé.

Allra hæst var álagið á sænskar krónur, 3,5%, sem keyptar eru á kortagengi Íslandsbanka en til samanburðar er hagstæðast í þessu tilfalli seðlagengi Landsbankans, með 1,9% álag ofan á almennt gengi. Minnstur er munurinn hins vegar þegar kemur að viðskiptum með bandaríkjadal þar sem hagstæðast er seðlagengi Íslandsbanka með um 1,5% álag á almennt gengi en óhagstæðast kortagengi Arion banka með 2,4% álag á almennt gengi.

Mynd 19: Meðalálág bankanna á almennt gengi árin 2019 til 2022



### 3.7.6 Indó sparisjóður

Indó hefur komið með þá nýbreytni inn á markaðinn að gefa út debetkort þar sem ekki er lagt sérstakt bankaálag ofan á almennt gengi þegar kortið er notað við erlendar færslur. Gengið sem Indó styðst við byggist á alþjóðlegu kortagengi Visa (á Bretlandi) sem aftur byggist á skráðu gengi Evrópska seðlabankans að viðbættu álagi sem virðist renna til Visa og er breytilegt eftir gjaldmiðlum. Í tilfelli USD virðist það vera 0,67%, SEK 1,36%, EUR 1,2%, GBP 1,46% og DKK 1,16%. Í reiknivél Visa er boðið upp á að bæta við viðbótar bankaþóknun eða álagi til að fá kortagengi viðkomandi kortaútgefanda. Í tilfelli Indó er það álag 0%.

### 3.7.7 Kostnaður neytenda af gengisálagi í kortaviðskiptum

Eins og fram kemur í greiningunni hér á undan leggja bankarnir töluvert álag ofan á almennt gengi þegar kemur að sölu gjaldeyris til viðskiptavina, bæði sölu seðla og við notkun greiðslukorta. Árið 2022 nam þetta álag að jafnaði 2,8% þegar horft er til meðalálags allra bankanna og allra gjaldmiðla sem skoðaðir voru sérstaklega. Heildarvelta íslenskra debetkorta erlendis (ekki er hægt að aðskilja fyrirtækjakort í gögnunum) nam alls 100,5 ma.kr. árið 2022. Heildarkreditkortavelta íslenskra heimila erlendis nam alls 134,4 ma.kr. Samtals nam því heildarvelta greiðslukorta heimila erlendis (með þeim fyrirvara að ekki var unnt að aðskilja fyrirtækjadebetkort í erlendu veltunni) **234,9 ma.kr.**

Með einfölduðum hætti má því áætla að heimilin hafi greitt bönkunum um **6,6 ma.kr. í gengisálag** ofan á almennt gengi árið 2022 fyrir það að nota greiðslukort sín í erlendum færslum. Óvíst er hversu stór hluti þessa gengisálags rennur til erlendu kortafyrirtækjanna Visa og Mastercard. Til samanburðar, hefðu þessi viðskipti átt sér stað með reiðufé í stað greiðslukorta, hefði gengisálag bankanna ofan á almennt gengi (seðlagengi) numið alls 4,9 ma.kr. eða 1,6 ma.kr. minna en í tilfelli greiðslukortaviðskipta miðað við meðalgengi árin 2019 til 2022. Vegna þess að þessi kostnaður er dulinn verður hann til þess að bregla ákvarðanir neytenda.

## 4. Afkoma bankanna

Greining vinnuhópsins á afkomu bankanna afmarkast í meginráttum við tímabilið 2018 til 2022, þann tíma sem liðinn er frá því að Hvítbókin um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið kom út árið 2018. Markmið greiningarinnar er að skoða þróun afkomu og arðsemi bankanna og helstu áhrifaþátta hennar, svo sem þróun kostnaðar, þóknunatekna og vaxtamunar, með það að markmiði að varpa ljósi á hvort hún sé að einhverju leyti óeðlileg með tilliti til sterkrar stöðu bankanna á innlendum fjármálamarkaði. Í því sambandi var einnig leitast við að bera íslensku bankana saman við banka á hinum Norðurlöndunum.

Kaflinn er þannig uppbyggður að fyrst er fjallað um þróun heildarafkomu bankanna og hún sett í samhengi við eigið fé þeirra og þar af leiðandi þá arðsemi eigin fjár sem bankarnir skila. Næst tekur við umfjöllun um þróun helstu tekjupósta bankanna, vaxta- og þjónustutekjur, með megináherslu á þá þætti sem snúa sérstaklega að einstaklingum. Því næst er fjallað um þróun kostnaðar bankanna með það fyrir augum að greina hvort skilvirkni hafi aukist í bankakerfinu. Þá tekur við samanburður á helstu kennitölum íslensku bankanna og erlendra banka þar sem einkum er horft til samanburðar við banka af svipaðri stærð á hinum Norðurlöndunum. Í lok kaflans eru helstu niðurstöður teknar saman.

### 4.1 Þróun afkomu og arðsemi

Afkoma fyrirtækja er mismunur tekna þeirra og gjalda. Ef afkoman er jákvæð er hún í meginatriðum nýtt til þess að fjárfesta í rekstrinum og greiða út arð til hluthafa. Fjármagn leitar þangað sem hagstæðast er miðað við áhættu og því er jafnan gengið út frá því að arðsemiskrafa hluthafa, þ.e. hversu mikinn arð hluthafar fá fyrir það hlutfé sem þeir hafa lagt í fyrirtækið, sé stærð sem ráðist að miklu leyti af markaðsaðstæðum. Fáist betri ávöxtun annars staðar, með sambærilegri áhættu, væri skynsamlegt fyrir fjármagnseiganda að færa fjármuni sína þangað. Að fjárfesta í fyrirtækjum með lága arðsemi getur þó verið skynsamlegt ef hluthafar sjá tækifæri í rekstri þeirra sem myndu leiða til aukinnar arðsemi. Í sinni einföldustu mynd felast tækifærin í hærri tekjum og lægri kostnaði. Þá leiðir lægra hlutfall eigin fjár í fjármögnun fyrirtækis til þess að arðsemi eigin fjár hækkar en reksturinn verður brothættari og þolir minni áföll.

Jákvæð afkoma er yfirleitt merki þess að verðmæti þeirrar þjónustu eða vöru sem framleidd er í fyrirtæki sé meiri en kostnaður við framleiðsluna, þannig auka fyrirtæki verðmætasköpun í hagkerfinu og bæta lífskjör. Hins vegar verður að taka með í reikninginn að góð afkoma getur einnig stafað af því að samkeppni sé takmörkuð og tekjur miklar vegna hás verðs sem ekki endurspeglar nema að hluta verðmæti vöru og þjónustu. Í raun getum við ekki notað afkomu fyrirtækja sem mælikvarða á verðmætasköpun þeirra nema þegar aðgangshindranir eru litlar, fastur kostnaður við rekstur fyrirtækja ekki svo mikill að hann komi í veg fyrir að ný fyrirtæki bætist í hópinn, skalahagkvæmni sömuleiðis ekki of mikil og fjöldi fyrirtækja nægilega mikill til þess að verð myndist á markaði en séu ekki sett einhliða af hverjum seljanda.

Starfsemi viðskiptabanka er þess eðlis að örðugt getur verið að nota mælda afkomu sem mælikvarða á verðmætasköpun. Rekstrinum fylgir mikill fastur kostnaður sem almennt er talinn vera aðgangshindrun að markaði fyrir nýja aðila. Þá er umtalsverð skalahagkvæmni í rekstrinum þannig að kostnaður á hvern viðskiptavin er því lægri sem þeir eru fleiri vegna betri nýtingar innviða, t.d. tölvukerfa og húsnæðis.


Af þessum ástæðum má draga þá ályktun að þegar eigendur og stjórnendur banka hámarka afkomu, hagnað af rekstri, sé ekki endilega um þjóðhagslega arðbæra viðleitni að ræða. Til dæmis geta bankar lækkað kostnað sinn án þess að viðskiptavinir fái betri kjör fyrir vikið.



#### 4.1.1 Hagnaður

Heildarafkoma viðskiptabankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka, var 67 ma.kr. árið 2022. Það var nokkur lækkun frá árinu á undan þegar hagnaðurinn var 81 ma.kr. og skýrist breytingin einkum af virðisrýrnun og lækkun eignaverðs. Uppgjör bankanna fyrir árin 2020 og 2021 litast töluvert af áhrifum heimsfaraldursins. Bankarnir gjaldfærðu stórar varúðarfærslur í upphafi faraldursins sem voru síðan að verulegum hluta bakfærðar árið 2021 þegar í ljós kom að áhrif faraldursins á vanskil urðu minni en óttast var. Að þessu leyti er gagnlegt að horfa á afkomu bankanna fyrir árin 2020 og 2021 saman en samanlagður hagnaður bankanna var að meðaltali 55 ma.kr. á ári það tímabil. Hagnaður bankanna hefur hins vegar aukist töluvert frá árinu 2018 þegar hann var tæpir 38 ma.kr. og 2019 þegar hann var tæpir 28 ma.kr.

Mynd 20: Hagnaður bankanna



Heimild: ársreikningar viðskiptabanka


#### 4.1.2 Arðsemi eigin fjár

Kerfislega mikilvægu bankarnir þrír eru allir meðal stærstu fyrirtækja landsins. Heildareignir þeirra námu alls um 4.822 ma.kr. árið 2022 (sem nemur um 128% af vergri landsframleiðslu), þar af voru um 83% eignanna útlán til viðskiptavina. Aðrar helstu eignir bankanna eru lausar eignir eins og innstæður í Seðlabankanum og skuldabréf. Bankarnir eru fjármagnaðir nokkurn vegin til jafns með innlánnum og markaðsskuldabréfum, auk eigin fjár þeirra sem nam alls 686 mö.kr. Bankarnir eru allir skilgreindir sem kerfislega mikilvægar fjármálastofnanir og lúta sem slíkar sérstökum eiginfjárkröfum Seðlabanka Íslands, en þær voru á bilinu 19,9% til 20,8%. Samanlagt eiginfjárlutfall bankanna þriggja í lok síðasta árs var 23,7% og lækkaði um 1,2 prósentustig milli ára. Eiginfjárlutföll bankanna voru á bilinu 2,3-4 prósentustigum hærrí en lágmarkskröfur Seðlabankans, að teknu tilliti til fyrirhugaðra arðgreiðslna bankanna vegna hagnaðar á árinu 2022.

Arðsemi eigin fjár bankanna, eða hagnaður þeirra sem hlutfall af eigin fé, hækkaði um nokkur prósentustig frá árinu 2018 til 2022. Samanlagt nam arðsemi eigin fjár bankanna 10,1% árið 2022 sem er um 2,3 prósentum minni arðsemi en á fyrra ári. Eigið fé bankanna var nánast óbreytt milli ára. Lækkun hagnaðar bankanna og arðsemi eigin fjár milli ára er einkum rakin til mikils viðsnúnings á fjármálatekjum bankanna en töluverðar lækkanir voru áberandi á flestum fjármálamörkuðum á árinu gagnstætt því sem var árið 2021. Í greiningu

Seðlabankans á uppgjörum bankanna í ritinu Fjármálastöðugleiki<sup>25</sup> kemur fram að á mótum lækkun fjármálatekna vegi að undirliggjandi rekstur bankanna hafi aldrei gengið betur. Á það við um alla bankana þrjá að reglulegar tekjur þeirra hafa aukist og hagræðing og aðhald hefur leitt til raunlækkunar á kostnaði. Arðsemi eigin fjár af undirliggjandi rekstri, án einskiptisliða, var 11,6% á árinu 2022 samanborið við 8,4% arðsemi á árinu 2021. Undirliggjandi arðsemi, eins og Seðlabanki Íslands reiknar hana, hefur ekki verið meiri frá stofnun bankanna árið 2008.

Mynd 21: Arðsemi stóru bankanna þriggja



Arðsemi er reiknuð út miðað við meðalstöðu eigin fjár. Arðsemi reglulegra tekna miðast við hreinar vaxta- og þóknunatekjur að frádregnum reglulegum kostnaði. Skatthlutfall er 20% og miðað er við meðalstöðu eigin fjár. Valltor undanskilið árin 2017-2020 og Borgun 2020.  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Íslenska ríkið á 42,5% eignarhlut í Íslandsbanka og 98,2% eignarhlut í Landsbankanum. Eitt af verkefnum Bankasýslunnar er að gera samninga við stjórnir viðkomandi fjármálafyrirtækja um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra. Í samningi Bankasýslunnar við stjórn Landsbankans frá desember 2010<sup>26</sup> kemur fram að nægileg arðsemiskrafa taki mið af markaðskröfu á fjármagni til lengri tíma og rekstrarafkomu fyrir skatta og aðrar sérstakar nýjar opinberar álögur á fjármálafyrirtæki. Að lágmarki skal stefna að 7% arðsemi af reglulegum rekstri umfram áhættulausa vexti miðað við 12% eiginfjárhlutfall. Þegar gerð er krafa um 16% eiginfjárhlutfall ber að stefna að arðsemi sem nemur að lágmarki 5,25% umfram áhættulausa vexti. Í samningnum eru áhættulausir vextir skilgreindir sem vextir 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa. Töluverðar sveiflur hafa verið í ávöxtunarkröfu langra óverðtryggðra ríkisskuldabréfa síðustu ár. Árin 2018 og 2019 var ávöxtunarkrafan t.a.m. á bilinu 6% til 3,3%. Um mitt ár 2020 var ávöxtunarkrafan komin niður í 2,3% en hefur aukist upp frá því og er nú, um mitt

<sup>25</sup> Fjármálastöðugleiki 2023/1, Seðlabanki Íslands.

<sup>26</sup> Samningur um almenn og sérstæk markmið í rekstri NBI hf., Bankasýsla ríkisins, desember 2010.

ár 2023, um 6,5%<sup>27</sup>. Í skýrslu<sup>28</sup> sem Landsbankinn birti í maí 2020 kemur fram að reiknuð arðsemiskrafa Bankasýslu ríkisins árið 2018 hafi verið 8,8% og árið 2019 hafi hún verið 7,6%. Í ársuppgjörum bankans fyrir árin 2020 til 2022 kemur fram að langtímamarkmið bankans sé að arðsemi eigin fjár verði um eða yfir 10%<sup>29</sup>.

Í samsvarandi samningi við stjórn Íslandsbanka dagsettum 20. desember 2018<sup>30</sup> er arðsemiskrafan orðuð svo: „einhliða ávöxtunarkrafa íslenska ríkisins á arðsemi eigin fjár hluthafa eftir skatta sem skilgreinist sem áhættulausir vextir að viðbættu 5% álagi“. Í samningnum er hins vegar miðað við áhættulausa skammtímavexti en ekki langtímavexti eins og í tilfelli Landsbankans, og eru áhættulausir vextir sérstaklega skilgreindir sem „vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands“<sup>31</sup>. Á árunum 2019 til 2020 lækkuðu þessir meginvextir Seðlabankans úr 4,5% í 0,75% en þeir hafa hækkað á ný og standa nú í 8,75%. Í nýjum samningi frá 2021<sup>32</sup> er hins vegar ekki tiltekið tölusett arðsemismarkmið heldur einungis kveðið á um að „arðsemismarkmið og arðgreiðslu- og endurkaupastefna Íslandsbanka skuli miða að því að hlutabréf í bankanum geti talist álitlegur fjárfestingarkostur og tryggi til lengri tíma viðunandi ávöxtun til hluthafa“.

Árið 2022 var arðsemi eigin fjár Íslandsbanka 11,8%. Eigið fé Landsbankans var hins vegar aðeins 6,3% og því töluvert undir því arðsemisviðmiði sem bankinn hefur sett sér síðustu ár, að arðsemi eigin fjár verði um eða yfir 10%. Lág arðsemi Landsbankans á árinu skýrist fyrst og fremst af neikvæðri afkomu af fjármálastarfsemi. Hrein afkoma af fjármálastarfsemi Landsbankans var neikvæð um 8 ma.kr. árið 2022, eða 14 ma.kr. lægri en árið 2021<sup>33</sup>.

Stjórn Arion banka ákvað undir lok árs 2021 að hækka arðsemismarkmið bankans í a.m.k. 13% en áður hafði verið miðað við 10% lágmarksarðsemi<sup>34</sup>. Í fyrra nam arðsemi eigin fjár 13,7% og var því umfram markmið.

---

<sup>27</sup> Hér er miðað við ávöxtunarkröfu á RIKB 31 0124.

<sup>28</sup> [Samantekt um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans hf.](#), Landsbankinn hf., maí 2020.

<sup>29</sup> Kynning á ársuppgjörum [2020](#), [2021](#) og [2022](#). Landsbankinn hf.

<sup>30</sup> [Samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Íslandsbanka hf.](#), Bankasýsla ríkisins, desember 2018.


<sup>31</sup> Í apríl 2020 sendi fjármála- og efnahagsráðherra [bréf](#) til Bankasýslu ríkisins þar sem farið var fram á að Bankasýslan horfi fram hjá kröfum um ávöxtun og arðgreiðslur á árinu 2020 í ljósi þeirra aðstæðna sem leiða af heimsfaraldri COVID-19 og að þessum skilaboðum verði komið áfram til stjórna fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins.

<sup>32</sup> [Samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Íslandsbanka hf.](#), Bankasýsla ríkisins, maí 2021.

<sup>33</sup> Á árinu lækkaði verð hlutabréfa á mörkuðum, úrvalsvísitalan OMXI 10 lækkaði um 27% og heimsvísitala Morgan Stanley, MSCI World, um tæplega 18%.

<sup>34</sup> Tilkynning til Kauphallar 16.12.2021, [Arion banki: Uppfærð fjárhagsleg markmið](#)

Mynd 22: Aðsemi eigin fjár eftir skatt frá 2018 til 2022




Heimild: Ársreikningar, heimasíða Bankasýslu ríkisins

## 4.2 Samsetning og þróun tekna

Rekstrartekjur bankanna skiptast almennt í þrjá meginflokkka: hreinar vaxtatekjur, hreinar þjónustu- og þóknatekjur og svo aðrar rekstrartekjur. Stærsti hluti tekna allra bankanna eru hreinar vaxtatekjur, sem eru vaxtatekjur bankanna af útlánasafni sínu og verðbréfum. Þessi hluti tekna var í fyrra um 79% rekstrartekna bankanna samanlagt en á bilinu 70%-92% hjá hverjum og einum bankanna. Hæst var hlutdeildin 92% hjá Landsbankanum í fyrra sem skýrist af því að aðrar rekstrartekjur bankans voru verulega neikvæðar á árinu, eða um -12% af heildarrekstrartekjum, en stærstan hluta þess má rekja til verðlækkunar óbeins eignarhlutar bankans í Marel. Næststærsti tekjupóstur bankanna eru þjónustu- og þóknatekjur en hlutfall þeirra í rekstrartekjum bankanna í heild var 25% í fyrra, en þetta hlutfall hefur legið á bilinu 19%-25% undanfarin fimm ár. Að lokum er flokkurinn aðrar rekstrartekjur sem er, eins og nafnið ber með sér, allar aðrar rekstrartekjur bankanna en þær sem falla í fyrstu tvo flokkana. Vægi þessa tekjuflokks er nokkuð breytilegt milli bankanna og yfir tíma en hefur síðustu fimm ár verið á bilinu -12% til +20% af heildarrekstrartekjum þeirra. Þessi tekjuflokkur getur þannig verið neikvæður ef til dæmis veruleg verðlækkun verður á eignarhlut banka í skráðum eða óskráðum félögum. Nánar er fjallað um vaxta- og þjónustutekjur bankanna í þessum kafla.


Mynd 23: Hreinar rekstrartekjur stóru bankanna



Heimild: Seðlabanki Íslands

Hlutfallsleg skipting heildarútlána bankanna hefur breyst nokkuð á síðustu árum. Árið 2018 voru útlán til heimila um 43% af útlánnum bankanna en það hlutfall var komið í 55% árið 2022. Þessi staða endurspeglar mikinn vöxt í óverðtrygðum íbúðalánnum bankanna síðustu ár.

Mynd 24: Hlutfallsleg skipting heildarútlána bankanna



Heimild: Hagvísar: Seðlabanki Íslands

#### 4.2.1 Vaxtatekjur bankanna

Á árinu 2022 námu hreinar vaxtatekjur bankanna þriggja 133,5 mö.kr. sem var 27,5 ma.kr. aukning frá árinu á undan. Um 12,4 ma.kr., eða um 45% aukningarinnar, má rekja til stærra útlánasafns. Þ.e. óbreyttur vaxtamunur í prósentum skilar auknum tekjum af vaxtamun ef eignasafnið sem greiðir vaxtamuninn stækkar. Um 9,9 ma.kr., eða 27% aukningarinnar, má rekja til hærri vaxtatekna af lausum eignum, svo sem innstæðum bankanna í Seðlabankanum og verðbréfum. Að síðustu eru um 5,2 ma.kr. eða 19%


aukningarinna til komin vegna aukins vaxtamunar milli útlána og lántöku<sup>35</sup>. Síðustu fjögur ár þar á undan voru hreinar vaxtatekjur bankanna mjög stöðugar eða á bilinu 102 til 105 ma.kr. á árunum 2018 til 2021 (sjá mynd 23).

### Vaxtamunur

Löngum hefur verið rætt um hátt vaxtastig á Íslandi en vaxtatekjur banka ráðast fremur af mun milli greiddra vaxta þeirra (t.d. af innlánnum) og vaxtatekna þeirra (t.d. af útlánnum til heimila) heldur en vaxtastiginu sjálfu. Almennt er það þó svo að lægra vaxtastig þrengir að möguleikum banka til þess að búa til slíkan vaxtamun. Vaxtamunur er í raun álagning banka á þá þjónustu sem felst í því að vera milliliður sparifjäreigenda og lántaka og er megintekjuliður bankanna.

Eins og sjá má af mynd mynd 25 hefur vaxtamunur heildareigna<sup>36</sup> ekki breyst mikið milli 2018 og 2022, þó að hann hafi lækkað nokkuð á árunum 2020 og 2021 þegar stýrivextir voru í sögulegu lágmarki. Eins og áður hefur verið nefnt dregur lágt vaxtastig almennt úr möguleikum banka til að búa til vaxtamun, sérstaklega þar sem ekki hefur tíðkast að greiða neikvæða nafnvexti af innlánnum.

Mynd 25: Vaxtamunur heildareigna



Heimild: Ársreikningar viðskiptabanka


Undir vaxtatekjur í bókhaldi banka geta fallið margs konar liðir sem lýsa ekki endilega raunverulegum áhrifum á heimili í landinu, s.s. vaxtatekjur af markaðsskuldabréfum eða vaxtakostnaður vegna lántöku banka. Í því skyni getur verið gagnlegt að skipta vaxtamun upp þannig að vaxtamunur fyrirtækja og heimila sé aðgreindur líkt og gert er á mynd 26, með breytilegum vöxtum óverðtryggðra inn- og útlána eingöngu. Myndin segir áhugaverða sögu. Í fyrsta lagi er athyglisvert hvað vaxtamunur á innláns- og útlánsvöxtum fyrirtækja sveiflast mikið, en aftur á móti eru mun minni sveiflur í vaxtamun íbúðalána og innlánsvaxta heimila. Í öðru lagi virðist vera nokkuð skýr leitni í vaxtamun fyrirtækja upp á við, einkum eftir að stýrivextir

<sup>35</sup> Fjármálastöðuleiki 2023/1, bls. 41.

<sup>36</sup> Vaxtamunur heildareigna er hlutfall hreinna vaxtatekna af heildareignum í lok árs.

Seðlabankans taka að hækka í stærri skrefum á árinu 2022. Brotalínurnar sýna línulega leitni í gögnunum yfir allt tímabilið. Úr myndinni má einnig lesa áhugaverða þróun á vaxtamun heimilanna. Á sama tíma og vaxtamunur fyrirtækja fer vaxandi virðist vaxtamunur heimila leita niður á við. Framan af tímabilinu, fram til apríl 2019, er vaxtamunur heimilanna á uppleið en þá snýst þróunin við og vaxtamunurinn tekur að lækka. Líklegt er að rekja megi þessa þróun til aukinnar samkeppni á innlánamarkaði því í mars 2019 hóf Kvika banki að bjóða upp á óbundna innlánsreikninga í nafni Auðar á töluvert hærri innlánsvöxtum en þá voru í boði hjá stóru viðskiptabönkunum. Stóru bankarnir hafa síðan fylgt í kjölfarið með sparireikninga með hærri vöxtum en áður voru í boði. Í lok janúar hóf svo Indó sparisjóður starfsemi og bauð upp á hærri innlánsvexti á almennum veltureikningum fyrir heimili en tíðkaðist. Þetta virðist hafa aukið samkeppnina um innlán enn frekar eins og sjá má í nokkuð brattri lækkun vaxtamunarins á fyrstu mánuðum ársins 2023. Yfir allt tímabilið lækkar vaxtamunur heimilanna úr 3,4% að meðaltali árið 2018 í 3,1% að meðaltali árið 2022. Hjá fyrirtækjum hækkar meðalvaxtamunurinn hins vegar úr 4,3% árið 2018 í 4,7% árið 2022.

Mynd 26: Munur á breytilegum vöxtum óverðtrygðra út- og innlána




Ný óverðtrygð inn- og útlán. Meðalvextir hjá kerfislega mikilvægum bönkum vegnir eftir fjárhæð. Útlán heimila eru húsnæðislán. Brotalínur sýna línulega leitni.

Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar höfunda

Annað sjónarhorn á vaxtamun bankanna er að skoða hann út frá þróun stýrivaxta Seðlabankans. Fram að upphafi lækkunarferlis stýrivaxta, sem hófst seinni hluta árs 2019, fylgdu vextir á íbúðalánum stýrivöxtum að miklu leyti. Við lækkun stýrivaxta jókst munurinn milli vaxta á íbúðalánum og stýrivöxtum hins vegar vegna þess að þeir fyrrnefndu lækkuðu minna. Úr mismuninum dró svo aftur þegar Seðlabankinn hóf að hækka stýrivexti á seinni hluta árs 2021. Vaxtaálag bankanna út frá meginvöxtum Seðlabankans jókst með öðrum orðum í vaxtalækkunarferli stýrivaxta Seðlabankans en minnkaði á ný samhliða hækkun stýrivaxta. Vaxtamunurinn miðað við breytilega íbúðalánvexti var að meðaltali svipaður árið 2022 og árið 2018 en fór ört lækkandi á fyrsta ársfjórðungi 2023 þegar hann var um 0,4 prósentustigum minni en að jafnaði allt árið 2022.

Mynd 27: Vaxtamunur inn- og útlánsvaxta við megininvesti Seðlabankans



Ný óverðtryggð inn- og útlán (íbúðalán). Meðalvextir hjá kerfislega mikilvægum bönkum vegnir eftir fjárhæð.  
 Heimild: Seðlabanki Íslands

Mismunur á stýrivöxtum og innlánsvöxtum heimila var stöðugur nálægt 1,5 prósentustigum fram að upphafi vaxtalækkunarferlis stýrivaxta árið 2019. Munurinn minnkaði allt lækkunarferlið þar til hann nálgadist núll þegar stýrivextir voru í lágmarki en hefur aukist á ný í hækkunarferlinu og er nú um 1 prósentustig.

### Verðtryggingarjöfnuður

Verðtryggingarjöfnuður er mismunur á milli verðtryggðra eigna (útlána) og verðtryggðra skulda (innlána) og hefur áhrif á heildarvaxtamun bankanna. Ef verðtryggðar eignir eru umfram verðtryggðar skuldir er verðtryggingarjöfnuður jákvæður og ef skuldir eru umfram eignir er verðtryggingarjöfnuður neikvæður. Sé jákvæður verðtryggingarjöfnuður til staðar aukast vaxtatekjur banka aukist verðbólga. Verðtryggingarjöfnuður var jákvæður hjá öllum bönkunum á síðasta ári. Alls var hann jákvæður um 52 ma.kr. í árslok 2022 og jókst um tæplega 26 ma.kr. frá árinu 2021. Stærsta breytingin á milli ára kemur til vegna Íslandsbanka en bankinn bætti við sig verðtryggðum eignum seinni hluta árs 2022. Verðtryggingarjöfnuður Íslandsbanka var í jafnvægi í árslok 2021 og var jákvæður um 22 ma.kr. í árslok 2022 sem er sama staða og hjá Arion banka, en verðtryggingarjöfnuður Landsbankans var jákvæður um 8 ma.kr.

### 4.2.2 Þjónustu- og þóknatekjur


Auk þeirra tekna sem bankar hafa af vaxtamun eigna sinna og skulda greiða viðskiptavinir þeirra þeim ýmsar þóknunir fyrir veitta þjónustu. Er þar helst um að ræða eignastýringu, þóknunir í fjárfestingabankastarfsemi, þóknunir vegna lána, vegna greiðslulausna og svo þóknunir vegna innheimtu. Í íslensku bönkunum eru þóknatekjur mun minna hlutfall af heildartekjum en vaxtatekjur.

Hreinar þóknatekjur íslensku bankanna námu samtals 41 ma.kr. árið 2022 og jukust um 3,7 ma.kr. milli ára. Þóknatekjur bankanna hafa aukist um 38% frá árinu 2020. Mikil aukning var í þóknatekjum árið 2021 vegna aukinna umsvifa í eignastýringu og fyrirtækjaráðgjöf sem rekja má til jákvæðra markaðsaðstæðna. Á mynd 23 fyrr í kaflanum má sjá hvernig þjónustutekjur bankanna hafa þróast í



milljörðum króna frá árinu 2018. Mynd 28 sýnir hins vegar þróun þjónustutekna hvers og eins bankanna þriggja og auk þess hlutfall þóknatekna af hreinum rekstrartekjum þeirra án annarra óreglulegra rekstrartekna. Þar má sjá að þóknatekjur vega þyngst í heildarrekstrartekjum af reglubundinni starfsemi hjá Arion banka en minnst hjá Landsbankanum. Hjá öllum bönkunum samanlagt hefur vægi þóknatekna legið á bilinu 22% til 26% af tekjum þeirra af reglubundnum rekstri síðustu fimm ár.

Mynd 28: Hreinar þóknatekjur



Prósentutölur á mynd sýna hlutfall hreinna þóknatekna af samtölu hreinna vaxtatekna og hreinna þóknatekna.

Heimild: Fjármálastöðugleiki 2023/1, Seðlabanki Íslands. Útreikningar höfundar

Þjónustu- og þóknatekjur bankanna má greina frekar frá tveimur víddum, út frá rekstrarreikningum bankanna. Annars vegar skiptingu teknanna niður á starfssvið bankanna og hins vegar eftir tegund þeirra. Við byrjum á að skoða hvernig þær greinast eftir tegund. Helstu tegundir þóknana eru taldar upp hér á eftir auk skýringa á helstu þjónustupáttum sem undir þær falla.

**Eignastýring:** þóknarir vegna stýringar og vörslu eigna þar sem bankinn varðveitir eða fjárfestir fyrir hönd viðskiptavina.

**Fjárfestingarbanki og verðbréfavíðskipti:** þóknarir fyrir ráðgjöf og þjónustu fyrirtækjaráðgjafar af ýmsu tagi til viðskiptavina og þóknarir vegna miðlunar verðbréfa og gjaldeyris, auk afleiðuvíðskipta.

**Lán og ábyrgðir:** lántaka- og framlengingargjald, þóknarir fyrir ráðgjöf, skjalagerðar-, tilkynningar- og greiðslugjöld auk gjalda fyrir veitingu ábyrgða fyrir hönd viðskiptavina.

**Greiðslukort og greiðslulausnir:** að stærstum hluta þjónustutekjur vegna útgáfu bankanna á kredit- og debetkortum og þóknunum tengdum þeim, t.d. árgjöld korta og færslugjöld.

**Innheimtu- og greiðsluþjónusta:** þóknarir vegna útsendingar reikninga og innheimtuseðla, rafrænar birtingar og þóknarir vegna annarrar greiðsluþjónustu.


Þróun og samsetningu þóknatekna bankanna þriggja frá 2020 til 2022<sup>37</sup> má sjá á mynd 29. Mestar eru þóknarir vegna eignastýringar eða um 27% hreinna þóknatekna árið 2022. Þóknatekjur af fjárfestingastarfsemi og greiðslukortum og lausnum vega hvor um sig 22%, þóknarir af lánum og ábyrgðum

<sup>37</sup> Gögn fyrir árin 2018 og 2019 voru ekki fyllilega samanburðarhæf í þessu sambandi vegna mismunandi framsetningar upplýsinga í ársreikningum bankanna.

20% og að lokum þóknar af innheimtu og greiðsluþjónustu 9%. Hlutfallslegt vægi mismunandi þjónustubáttar er breytilegt milli bankanna þriggja. Árið 2022 vógu tekjur af eignastýringu t.a.m. mest hjá Arion banka (30%) og Landsbankanum (28%) en aftur á móti vógu greiðslukort og lausnir þýngst hjá Íslandsbanka (27%). Tekjur bankanna af eignastýringu eru nátengdar verðþróun á helstu eignamörkuðum sem sést greinilega á mikilli aukningu tekna milli ára 2020 og 2021 þegar þær jukust um 35% milli ára á sama tíma og Úrvalsvisitala hlutabréfa hækkaði um 33%. Að sama skapi dragast tekjurnar lítillega saman milli ára árið 2022 á sama tíma og töluverðar lækkunir voru á hlutabréfamörkuðum.

Út frá þessari flokkun er ekki unnt að greina sérstaklega skiptingu þjónustutekna milli einstaklinga og fyrirtækja. Þóknar vegna greiðslukorta eru þó nátengdar þróun einkaneyslu sem dróst saman á tímum heimsfaraldursins á árinu 2020 auk þess sem kortanotkun Íslendinga erlendis hrundi. Í kortanotkun erlendis felast verulegar tekjur fyrir bankana, m.a. í gegnum gjaldeyrisálag sem þeir leggja á almennt gengi í gegnum svokallað kortagengi, sem fjallað var um í kafla 3.6. Þessi tekjustofn bankanna hefur vaxið á ný samhliða aukinni einkaneyslu og auknum ferðalögum Íslendinga til útlanda. Á árunum 2018 og 2019 var þessi tekjustofn enn stærra hlutfall af þóknana- og þjónustutekjum bankana, eða 29% og 24%.

Mynd 29: Skipting hreinna þóknatekna bankanna




Byggt á samstæðureikningum bankanna þriggja.  
 Heimild: Fjármálastöðugleiki 2023/1, Seðlabanki Íslands

Þóknatekjur bankanna vegna lána og ábyrgða hafa verið nokkuð stöðugar síðustu tvö ár, rétt um 8 ma.kr. Mikil aukning var hins vegar milli ára 2019 og 2020 þegar þessar tekjur jukust um tæpa 3 ma.kr. eða 62%. Þessi aukning endurspeglar verulega aukningu íbúðalána hjá bönkunum en hlutfall útlána bankanna til heimila jókst t.a.m. úr 45% í 55% af heildarútlánum þeirra milli ára 2019 og 2022, en þetta hlutfall hefur verið svo til óbreytt undanfarin tvö ár.

Þegar þjónustu- og þóknatekjur bankanna í heild eru greindar niður á starfssvið bankanna má sjá að þær skiptast nokkuð jafnt niður á þrjú megin svið þeirra. Árið 2022 kom t.a.m. 31% þjónustutekna af einstaklingssviði sem þjónar heimilunum, bæði hvað varðar lántöku og greiðslukort. Um 35% þjónustutekna kom frá fyrirtækjasviðum bankanna og 27% frá eignastýringu og miðlun. Þóknatekjur af fyrirtækjasviði hafa aukist stöðugt undanfarin þrjú ár bæði í krónum talið og sem hlutfall af heildarþjónustutekjum. Þjónustutekjur af einstaklingssviði voru nokkuð stöðugar á árunum 2018 og 2019 en drógust verulega saman á árinu 2020 þegar þær lækkuðu um 20% og hlutfallslegt vægi þeirra af heildarþjónustutekjum lækkaði úr 43% í 36%. Þessi lækkun skýrist að mestu leyti af minni tekjum bankanna af greiðslukortum þar sem greiðslukortavelta dróst verulega saman af völdum heimsfaraldursins en hún hefur vaxið á ný síðustu tvö ár.

Mynd 30: Þóknatekjur bankanna greindar niður á starfssvið og hlutfallsleg skipting þeirra




Prósentutölur sýna hlutfall af hreinum þóknatekjum í heild.

Heimild: Ársreikningar bankanna 2018 til 2022

Þegar þróun þjónustutekna af einstaklingssviðum er skoðuð hjá hverjum og einum bankanna sést að þróunin er svipuð hjá þeim öllum. Hlutfallslega dregur úr vægi einstaklingssviðs, úr á bilinu 37% upp í 48% af heildarþjónustutekjum árið 2018 í um það bil 30% hjá öllum bönkunum síðustu tvö árin. Að hluta til skýrist þessi þróun af mikilli aukningu þjónustutekna frá fyrirtækjasviðum bankanna og eignastýringu en aftur á móti hafa þjónustutekjur af einstaklingssviði aukist hlutfallslega mun minna þrátt fyrir töluverðan útlánavöxt til heimila síðustu ár og mikinn vöxt í greiðslukortaveltu.

Mynd 31: Hlutfall þóknunartekna af einstaklingssviðum bankanna




Heimild: Ársreikningar bankanna 2018 til 2022

### 4.3 Virðisbreyting útlána

Ef banki hefur ástæðu til þess að halda að útlán muni ekki verða endurgreidd að fullu niðurfærir hann virði lánsins í bókum sínum. Komi í ljós að lántaki sé ekki borgunarmaður skulda sinna eru þær afskrifaðar. Ef lántaki með lán sem áður hafði verið niðurfært virðist síðar meir hafa meira fjárhagslegt bolmagn en áður var gert ráð fyrir er niðurfærslan lækkuð, að hluta eða öllu leyti. Niðurfærslur sem þessar hafa ekki áhrif á lántakann sjálfan eða skuldbindingu hans við lánveitandann<sup>38</sup>.

Þegar heimsfaraldur kórónuveiru stóð sem hæst var mikil óvissa um endurgreiðslur á stórum hluta lánasafns bankanna sem hafði áhrif á hagnað þeirra árin 2020 og 2021. Árið 2020 var samanlögð hrein virðisbreyting bankanna neikvæð um tæplega 26 ma.kr., eða 0,83% af heildarútlánasafni bankanna<sup>39</sup>, en samtals bókfærður hagnaður bankanna var um 30 ma.kr. Hrein virðisbreyting útlána bankanna hafði verið neikvæð um tæplega 9 ma.kr. árið 2019 og 0,6 ma.kr. árið 2018. Þegar svo í ljós kom árið 2021 að lántakar kæmu betur undan áhrifum heimsfaraldursins en búist hafði verið við var lánasafnið endurmetið til hækkunar og virðisbreyting útlána var því jákvæð um 13 ma.kr. Þegar í ljós kom að fyrirtæki komu betur undan Covid-19 faraldrinum en búist hafði verið við í upphafi. Áhrifanna gætir einnig í afkomu bankanna fyrir árið 2022 en þá var virðisbreyting útlána jákvæð um rúma 4 ma.kr. Samantekið má segja að stór hluti virðisrýrnunar útlána bankanna árið 2020 vegna heimsfaraldursins, sem hafði verulega neikvæð áhrif á hagnað bankanna það ár, hafi gengið til baka undanfarin tvö ár með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á afkomu þeirra.

Mynd 32: Hrein virðisbreyting sem hlutfall af útlánum



Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna

### 4.4 Þróun kostnaðar

Til þess að standa undir háum rekstrarkostnaði þurfa óhagkvæmir bankar að innheimta hærri gjöld fyrir veitta þjónustu. Að því leyti til lendar hár rekstrarkostnaður á neytendum, einkum þegar möguleikar neytenda til þess að leita annað með viðskipti sín eru takmarkaðir, t.d. vegna samkeppnisaðstæðna. Lægri

<sup>38</sup> Bankarnir halda úti virðisrýrnunarsjóði þar sem stjórnendur meta vænt útlánatöp á sínu lánasafni. Bankar uppfæra stöðu sjóðsins á hverju ári í samræmi við mat bankans á lánasafninu. Hrein virðisbreyting í uppgjöri bankanna er nettó hækkun eða lækun stöðu virðisrýrnunarsjóðs hverju sinni.


<sup>39</sup> Lán til viðskiptavina.

rekstrarkostnaður býr til aukið svigrúm sem getur lækkað þjónustugjöld og annan kostnað sem viðskiptavinir bankanna greiða þeim. Hafa ber í huga að ábati af rekstrarhagræðingu þarf ekki endilega að skila sér til viðskiptavina, sérstaklega ef lítil samkeppni er á markaði. Virk samkeppni og aðhald eigenda eru meðal helstu áhrifaþátta sem hvetja til hagræðingar.

#### 4.4.1 Kostnaðarhlutföll

Við mat á rekstri banka er gjarnan litið til hlutfalls rekstrarkostnaðar hans af rekstrartekjum, svokallaðs kostnaðarhlutfalls. Almennt er leiðrétt fyrir einskjaskostnaði og óvenjulegum tekjum til að hafa hlutfallið sem samanburðarhæfast milli ára<sup>40</sup>. Kostnaðarhlutfall Arion banka og Íslandsbanka lækkaði verulega frá 2018 til 2022 og var þá orðið áþekkt í öllum bönkunum en hlutfall Landsbankans hafði verið mun hagfelldara en hinna bankanna tveggja. Samkvæmt ársuppgjöri 2022 áætla Landsbankinn að kostnaðarhlutfall verði 33 til 38% árið 2023, sem er veruleg lækkun frá því sem hefur verið.


Mynd 33: Kostnaðarhlutfall – hlutfall rekstrarkostnaður af rekstrartekjum



Annað hlutfall sem stundum er horft til við mat á rekstrarárangri banka er hlutfall rekstrarkostnaðar af heildareignum. Þetta hlutfall lækkaði jafnt og þétt hjá öllum bönkunum frá 2018 til 2022 sem bendir til þess að skilvirkni í rekstri þeirra hafi aukist. Landsbankinn var með lágsta hlutfallið á tímabilinu, mögulega vegna þess að hann nýtur mestra áhrifa stærðarhagkvæmni því hann er með stærsta efnahagsreikning íslensku bankanna.

<sup>40</sup> Íslenskir bankar leiðréttu kostnaðarhlutfall til viðbótar fyrir bankaskattinum til að tryggja samanburðarhæfni við erlenda banka.

Mynd 34: Rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildareignum



Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna


#### 4.4.2 Skilvirkni

Betri kostnaðarhlutföll í bankakerfinu má m.a. rekja til hagræðingaraðgerða á borð við sjálfvirknivæðingu, fækkun útibúa og fækkun starfsfólks.

Bankarnir hafa ráðist í ýmsar hagræðingaraðgerðir til að bæta skilvirkni í rekstri og sett fækkun stöðugilda í forgang. Árið 2018 voru samtals 2.898 stöðugildi hjá bönkunum þremur en þau voru 2.333 árið 2022, sem er fækkun um 565 stöðugildi. Á árunum 2018 til 2022 fækkaði útibúum bankanna um alls 13, úr 75 í 62. Ein leið til að skoða hagkvæmni í rekstri er að skoða kostnaðarliði í hlutfalli við umfang starfseminnar. Algengur mælikvarði á starfsmannakostnað er t.a.m. að skoða hann í hlutfalli við stærð efnahagsreiknings sem einskona mælikvarða á mögulega stærðarhagkvæmni og skilvirkni. Í sviðsmyndagreiningu Hvítbókar kom fram að með fækkun stöðugilda um 20% myndu eignir á hvert stöðugildi hækka í 1,5 ma.kr. og skila sparnaði sem jafngilti 0,2% af meðalstöðu eigna. Í raun tókst bönkunum að hækka eignir á hvert stöðugildi upp í 2 ma.kr. með því að fækka stöðugildum um 20%<sup>41</sup>.

<sup>41</sup> Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, bls. 147-148.

Mynd 35: Starfsmannafjöldi og heildareignir á hvert stöðugildi



Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna

Frá árinu 2018 til 2022 hefur meðallaunakostnaður bankanna á hvert stöðugildi hækkað um tæplega 23% sem er um 3% hækkun umfram verðlag. Heildarlaunakostnaður árið 2022 var um 1,3% lægri í krónum talið en árið 2018 en að teknu tilliti til þróunar verðlags hafði launakostnaðurinn hins vegar lækkað um 18% að raunvirði.

Bankarnir hafa fjárfest í innviðum til að bæta stafrænar lausnir. Viðskiptavinir geta nú sótt um húsnæðislán, bílalán, yfirdrátt og fleira í rafrænu ferli sem sparar bæði tíma og mannafla. Skilvirkar stafrænar lausnir draga úr þörf viðskiptavina til að mæta í útibú. Í fjárfestakynningum bankanna vegna afkomu ársins 2022 kemur fram að viðskipti með stafrænum lausnum hafi aukist verulega. Um 71% af vörum viðskiptabanka Arion banka eru seldar með rafrænum hætti og í Íslandsbanka eru 99% umsókna um íbúðalán rafrænar, svo dæmi séu tekin.

Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið frá árinu 2018 var fjallað um að með skilvirkari rekstri væri hægt að lækka vaxtamun á Íslandi. Kostnaðarhlutfall bankanna þriggja var 57% þegar Hvítbókin kom út og rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildareignum 2,5%. Árið 2022 var meðalkostnaðarhlutfall bankanna komið niður í 45,2% og rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildareignum hafði lækkað um 0,9 prósentustig í 1,6%. Þróun síðustu ára bendir til þess að hagræðingaraðgerðir og aukin áhersla á stafrænar lausnir hafi bætt skilvirkni í rekstri bankanna í samræmi við þær væntingar.

#### 4.4.3 Sértekjur skattar

Rekstrarumhverfi banka á Íslandi er frábrugðið rekstrarumhverfi flestra annarra fyrirtækja á Íslandi að því leyti að um það gildir nokkuð af sértækum sköttum umfram almennan tekjuskatt fyrirtækja. Þá er ekki greiddur virðisaukaskattur af fjármálastarfsemi.

Tafla 25: Viðbótarskattar á banka

Skattar	Upphæð skattsins
Sérstakur fjársýsluskattur á hagnað	6% viðbótarskattur á tekjuskattstofn umfram 1 ma.kr.
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	0,145% á bókfært virði skulda umfram 50 ma.kr.
Sérstakur fjársýsluskattur á laun	5,5% skattur á laun

Heimild: Skatturinn.is og ársuppgjör bankanna


Fyrirhugaðri lækkun bankaskatts, sem til stóð að framkvæmd yrði í skrefum árin 2021-2024 úr 0,376% af heildarskuldum fjármálafyrirtækja umfram 50 ma.kr. í 0,145%, var flýtt á þann veg að öll skattalækkunin kom til framkvæmda árið 2021 sem hluti af mótvægisáðgerðum stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Lækkun skattsins var talin myndu auðvelda fjármálastofnunum að lækka vexti af útlánum samhliða vaxtalækkunum Seðlabankans og auka útlán þegar slíkar aðstæður myndu aftur skapast í hagkerfinu. Áætlað er að flýting lækkunar sérstaka bankaskattsins muni minnka skattgreiðslur bankanna um samtals ríflega 12 ma.kr. fram til ársins 2024. Mest var skattalækkunin árin 2021 og 2022 eða um 10 ma.kr.<sup>42</sup>

Árið 2022 greiddu bankarnir þrír samtals tæplega 6 ma.kr. bankaskatt til ríkisins. Árið 2019, fyrir lækkun bankaskattsins, greiddu bankarnir samtals tæplega 11 ma.kr. til ríkisins í formi bankaskatts. Hlutfall bankaskatts og heildareigna bankanna lækkaði alls um 0,17 prósentustig. Það skapaði möguleika á lækkun álagningar eða aukinni arðsemi.

## 4.5 Erlendur samanburður

Til að setja arðsemi íslensku bankanna í samhengi getur verið gagnlegt að bera saman rekstur og afkomu þeirra við banka í öðrum löndum. Þessháttar samanburður er þó snúinn þar sem starfsemi, rekstrarumhverfi, almennt efnahagsástand og stærð banka er mismunandi. Vinnuhópurinn ákvað að beina sjónum sínum einkum að bönkum af svipaðri stærðargráðu og íslensku bankarnir á hinum Norðurlöndunum en einnig var aflað gagna um stóra norræna banka og alþjóðlega banka með starfsemi í mörgum löndum til samanburðar. Gögnin eru fengin úr gagnagrunninum S&P market intelligence fyrir milligöngu Seðlabanka Íslands<sup>43</sup>. Mynd 36 sýnir greinilega stærðarmun smærri norrænu bankanna og stærri norræna banka sem voru að meðaltali u.þ.b. 35 sinnum stærri og alþjóðlega banka sem voru að jafnaði um 164 sinnum stærri en íslensku bankarnir.

Mynd 36: Meðalstærð efnahagsreikninga banka í úrtakinu



Heimild: S&P market intelligence

<sup>42</sup> [Mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs kórónuveiru](#) – Lokaskýrsla, febrúar 2023.


<sup>43</sup> Nánari lýsingu á úrtaki erlendra banka í samanburðinum er að finna í viðauka 7.11.



#### 4.5.1 Vaxtamunur bankanna í samanburði við Norðurlöndin

Íslensku bankarnir skera sig töluvert frá öðrum norrænum bönkum í samanburði á vaxtamun, þ.e. hreinum vaxtatekjum sem hlutfall af heildareignum. Hreinar vaxtatekjur sem hlutfall af heildareignum eru á bilinu 0,7 til 1,7 prósentustigum hærrí á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.

Mynd 37: Hlutfall hreinna vaxtatekna og heildareigna: norrænir bankar af svipaðri stærð




Heimild: S&P market intelligence

Þegar horft er til meðaltals allra norrænu bankanna að svipaðri stærð utan Íslands var vaxtamunurinn að jafnaði 1,2 prósentustigum meiri hjá íslensku bönkunum árið 2022. Þegar íslensku bankarnir eru bornir saman við stóra norræna og alþjóðlega banka er munurinn enn meiri eða um 1,9 prósentustig, sem bendir til þess að vissulega er eitthvað samband milli stærðar banka og vaxtamunar. Í Hvítbók<sup>44</sup> kemur fram að 1,9% mismunur hafi verið milli banka á Norðurlöndum og íslenskra banka í árslok 2017 og leiddu höfundar skýrslunnar líkur að því að 0,8 prósentustig skýrðust af stærðarhagkvæmni og 1,1 prósentustig skýrðist af öðrum þáttum, t.d. skilvirkni í rekstri og regluverki. Samanburðurinn á norrænum bönkum af svipaðri stærðargráðu og íslensku bankarnir hér að ofan bendir til þess að ekki hafi dregið úr þessum óútskýrða mun heldur hafi hann þvert á móti aukist lítillega.

<sup>44</sup> Hvítbók um framtíðsýn fyrir fjármálakerfið, bls. 143.

Mynd 38: Hlutfall hreinna vaxtatekna og heildareigna í árslok 2022




Súlan „Svipaðir norrænir“ er meðaltal norrænu bankanna af svipaðri stærð utan íslensku bankanna  
 Heimild: S&P market intelligence

#### 4.5.2 Kostnaðarhlutföll bankanna í samanburði við Norðurlöndin

Þegar þróun meðalkostnaðarhlutfalls íslensku bankanna, reiknað sem rekstrarkostnaður á móti rekstrartekjum, er skoðuð í samhengi við þróunina hjá svipuðum bönkum á hinum Norðurlöndunum má sjá að íslensku bankarnir hafa náð verulegum árangri síðustu ár í lækkun hlutfallsins. Fjárfestar líta oft til þessa hlutfalls sem mælikvarða á hversu skilvirkt viðkomandi fyrirtæki er í að sækja sér tekjur á markaði. Í upphafi tímabilsins skáru íslensku bankarnir sig ekki áberandi úr í samanburði við hina norrænu bankana með kostnaðarhlutfall nálægt 55% sem var svipað og hjá dönsku bönkunum, vel undir hlutfallinu hjá sænsku og finnsku bönkunum en talsvert yfir hlutfalli norsku bankanna. Kostnaðarhlutföll íslensku bankanna hafa hins vegar lækkað nær stöðugt síðustu ár á sama tíma og hlutfallið hefur lítið breyst á hinum Norðurlöndunum, nema hjá sænskum bönkum þar sem hlutfallið hefur einnig lækkað umtalsvert. Kostnaðarhlutföll íslensku bankanna eru nú að jafnaði næstlægst í samanburðinum en hlutfallið var lægst hjá norsku bönkunum allt tímabilið.


Mynd 39: Kostnaðarhlutfall (kostnaður/tekjum) – norrænn samanburður



Heimild: S&P market intelligence

Í samanburði við stóra norræna banka er hlutfall íslensku bankanna svipað og töluvert lægra en hjá stóru alþjóðlegu bönkunum í úrtakinu.

Mynd 40: Kostnaðarhlutfall (kostnaður/tekjum) árið 2022




Heimild: S&P market intelligence

Sé markmiðið að skoða hversu skilvirka þjónustu bankarnir veita er gagnlegt að skoða kostnað sem hlutfall af heildareignum, þ.e.a.s. sem hlutfall af stærð efnahagsreiknings. Þessi mælikvarði segir aðallega til um þjóðhagslega hagkvæmni og hag neytenda en einnig til um stærðarhagkvæmni<sup>45</sup>.

Sem hlutfall af eignum var rekstrarkostnaður íslensku bankanna töluvert meiri en hjá sænsku, norsku og finnsku bönkunum en svipaður og hjá dönsku bönkunum í upphafi tímabilsins. Þetta hlutfall hefur hins vegar lækkað stöðugt hjá íslensku bönkunum síðustu ár sem bendir til aukinnar hagkvæmni í rekstri þeirra. Hlutfallið var á síðasta ári töluvert lægra en hjá dönsku bönkunum og orðið svipað og hjá finnsku bönkunum. Smærri bönkum í Noregi og Svíþjóð hefur einnig tekist að lækka þetta hlutfall hjá sér síðustu ár og eru með lægstu hlutföllin af norrænu bönkunum.


<sup>45</sup> Hvítbók um fjármálakerfið, 2018, bls. 145.

Mynd 41: Kostnaður á móti heildareignum – norrænn samanburður



Hlutfall rekstrarkostnaðar af heildareignum hjá íslenskum bönkum er enn mun hærra en hjá stórum norrænum bönkum þar sem hlutfallið var 0,7% á síðasta ári samanborið við 1,2% hjá norrænum bönkum af svipaðri stærð og þeir íslensku. Stærri bankar á Norðurlöndunum virðast því njóta einherrar stærðarhagkvæmni umfram minni norræna banka. Það er þó athyglisvert í því samhengi að kostnaðarhlutfall stórra alþjóðlegra baka er að meðaltali svipað og meðaltal smærri norrænu bankanna, utan Íslands. Það virðist því alls ekki algilt að stærra sé ávallt betra þegar kemur að kostnaðarhagkvæmni í bankarekstri.

Mynd 42: Kostnaður á móti heildareignum árið 2022




Heimild: S&P market intelligence

#### 4.5.3 Arðsemi bankanna í erlendum samanburði

Meðalarðsemi eigin fjár íslensku bankanna árið 2018 var 6% og næstlægst samanborið við banka af svipaðri stærðargráðu á hinum Norðurlöndunum. Arðsemin var lægst hjá sænskum bönkum það árið, aðeins 1,5%, en hæst hjá norsku bönkunum, 10,5%. Arðsemi íslensku bankanna hefur síðan þá batnað verulega og árið 2022 var arðsemi eigin fjár þeirra næsthæst af öllum Norðurlöndunum. Ef miðað er við meðaltal banka af

svipaðri stærðargráðu á hinum Norðurlöndunum, var arðsemi íslensku bankanna 10,7% samanborið við 10% árið 2022. Arðsemi eigin fjár var hæst hjá dönskum bönkum í úrtakinu, 11,1%, en lægst í Finnlandi, 7,8%.


Mynd 43: Arðsemi eigin fjár - norrænir bankar



Heimild: S&P market intelligence

Íslensku bankarnir skiluðu einnig að meðaltali hærri arðsemi eigin fjár í fyrra en stórir norrænir bankar sem og stórir alþjóðlegir bankar.

Mynd 44: Arðsemi eigin fjár - erlendur samanburður 2022




Heimild: S&P market intelligence

Samsetning efnahagsreiknings bankanna hefur áhrif á arðsemi eigin fjár. Þar sem um hlutfall er að ræða getur það hækkað með bættri arðsemi (stærri teljara) eða lægra eigin fé (minni nefnara). Eigið fé í þessum skilningi er bókfært eigið fé banka, ekki eigið fé í eftirlitstilgangi en við útreikninga eftirlitsaðila á eigin fé banka má telja til ýmsa þætti sem ekki flokkast undir eigið fé í bókhaldi fyrirtækja, s.s. víkjandi lán. Í kjölfar fjármálaáfallsins 2008 tók Evrópusambandið regluverk um banka til gagngerrar endurskoðunar og hefur lagt mikla áherslu á að samræma reglur milli landa (e. single rule book). Á Íslandi hafa þessar reglur verið

leiddar í lög og því gilda hér sambærilegar reglur og í Evrópu um eigið fé og aðra mikilvæga þætti í bankarekstri<sup>46</sup>.


Mynd 45: Bókfært eigið fé banka sem hlutfall af heildareignum – erlendum samanburður



Heimild: S&P market intelligence

Arðsemi má einnig skoða sem hlutfall af heildareignum. Í fyrra var arðsemi heildareigna 1,5% hjá íslensku bönkunum en að meðaltali 0,9% hjá þeim skandinavísku.

Mynd 46: Arðsemi heildareigna – norrænn samanburður




Heimild: S&P market intelligence

<sup>46</sup> Þrátt fyrir sambærilegar reglur og markmið um samræmda beitingu þeirra er framkvæmd reglnanna og eftirlit á grundvelli þeirra ekki einsleit. Þá eru markaðsaðstæður ekki eins á öllu EES-svæðinu. Þó að reglurnar sem um getur hér nái til þess eigin fjár sem notað er við bankaeftirlit en ekki bókfærðs eigin fjár geta þær engu að síður haft áhrif á hið síðarnefnda. Má í þessu skyni nefna að takmarkaðir möguleikar banka til að gefa út skuldabréf sem geta talist staðkvæmd fyrir eigið fé í bókhaldslegu tilliti við mat eftirlitsaðila á eiginfjárbörf (t.d. skuldabréf víkjandi eiginfjárbáttar 1 – eða additional tier 1 skuldabréf) geta leitt til þess að bankar hafa meira af því sem telst eigið fé í bókhaldslegu tilliti en bankar sem hafa aðra möguleika. Bankar hér á landi eru gjarnan með hlutfallslega hærra bókfært eigið fé en samanburðarbankar. Ef bókfært fé hér á landi væri sambærilegt því sem tíðkast í samanburðarbönkum leiddi óbreytt afkoma til bættrar arðsemi.

Ef arðsemi heildareigna er skoðuð með tilliti til einstakra landa var meðalarðsemi íslensku bankanna mest á öllum Norðurlöndunum. Arðsemin var t.a.m. nálægt því þrefalt meiri en banka af svipaðri stærðargráðu í Svíþjóð og Finnlandi sem og stórra norrænna og alþjóðlegra banka.

Mynd 47: Arðsemi heildareigna 2022 – erlendum samanburður



Heimild: S&P market intelligence








## 4.6 Samantekt

Heildarafkoma bankanna í formi arðsemi eigin fjár hefur batnað verulega undanfarin tvö ár eftir nokkuð slaka arðsemi á árunum 2018-2020. Undirliggjandi rekstur bankanna hefur jafnframt aldrei gengið betur. Á það við um alla bankana þrjá að reglulegar tekjur þeirra hafa aukist og hagræðing og kostnaðaraðhald hefur leitt til raunlækkunar á kostnaði. Arðsemi eigin fjár af undirliggjandi rekstri, án einskiptisliða, var 11,6% á árinu 2022 samanborið við 8,4% arðsemi á árinu 2021. Arðsemi íslensku bankanna er nú einnig að meðaltali meiri en meðaltal banka af svipaðri stærð á hinum Norðurlöndunum, hvort sem litið er til arðsemi í hlutfalli við eigið fé eða heildareignir.

Þóknatekjur eru mikilvægur tekjupóstur hjá stóru íslensku bönkunum. Hjá öllum bönkunum samanlagt hefur vægi þóknatekna legið á bilinu 22 til 26% af hreinum vaxtatekjum bankanna síðustu fimm ár. Hreinar þóknatekjur bankanna námu samtals 41 ma.kr. árið 2022 og jukust um 3,7 ma.kr. milli ára. Þegar þjónustu- og þóknatekjur bankanna í heild eru greindar niður á starfssvið bankanna má sjá að þær skiptast nokkuð jafnt niður á þrjú megin svið þeirra. Árið 2022 kom 31% þjónustutekna af einstaklingssviði sem þjónar heimilunum, t.d. vegna gjalda af lántöku og greiðslukortum. Um 35% þjónustutekna kom frá fyrirtækjasviðum bankanna og 27% frá eignastýringu og miðlun.

Íslensku bankarnir hafa ráðist í töluverðar hagræðingaraðgerðir síðustu ár. Á sama tíma hafa þeir stækkað en heildareignir bankanna hafa aukist um alls 1.202 ma.kr. frá árinu 2018 til ársins 2022. Þetta hefur skilað sér í því að rekstrarkostnaður sem hlutfall af heildareignum (svokallað kostnaðarhlutfall) hefur lækkað umtalsvert á aðeins fjórum árum, eða úr 56% árið 2018 í 45% árið 2022. Á sama tíma er vaxtamunurinn, sem er eins konar mælikvarði á álagningu bankanna, nánast óbreyttur. Vaxtamunurinn lækkaði á árunum 2019 til 2021 samfara lækkun stýrivaxta en hefur hækkað á ný samhliða hækkun stýrivaxta og aukinnar verðbólgu. Vaxtamunur íslensku bankanna er á bilinu 0,7 til 1,7 prósentustigum hærrí en hjá svipuðum bönkum á hinum Norðurlöndunum og hefur bilið milli landanna lítið breyst frá því að Hvítbók um framtíð fjármálakerfisins kom út.

Tafla 26: Dæmi um áhrifaþætti á arðsemi banka á Íslandi

Atriði	Skýring	Áhrif á arðsemi
Skilvirkni	Sjálfvirknivæðing þjónustu. Bankarnir bjóða upp á meiri rafræna þjónustu en áður. Ástæðum viðskiptavina til að leita í útibú fækkar. Sjálfsafgreiðsla viðskiptavina eykst, sem lækkar þjónustukostnað.	
Starfsmannafjöldi	Undanfarin ár hefur starfsfólki banka fækkað.	
Launakostnaður	Samhliða launapróun hefur launakostnaðar hvers stöðugildis aukist.	
Verðtryggingarjöfnuður	Jákvæður verðtryggingarjöfnuður bankanna hefur aukist. Bankar með jákvæðan verðtryggingarjöfnuð hafa hag af aukinni verðbólgu.	
Skattar	Bankaskatturinn var lækkaður úr 0,376% í 0,145% af bókfærðu virði skulda yfir 50 ma.kr.	
Samkeppni	Nýir aðilar hafa komið inn á markað með nýja þjónustu og aukna samkeppni. Kvika, í nafni Auðar, býður hærri vexti á sparnaðarreikningum. Indó býður upp á hærri vexti á tékkareikningum og ekkert álag á kortagengi. Síminn og Vodafone sinna greiðslumiðlun.	
Hrein virðisbreyting	Hrein virðisbreyting lánasafns bankanna var minni en áætlað var í upphafi faraldurs.	

Ýmis atriði gefa vísbendingar um möguleika bankanna til aukinnar arðsemi eða lækkun álagningar. Sumt af því er óumdeilt eins og lækkun bankaskatts sem að öðru óbreyttu veitir banka tækifæri til lækkunar gjalda eða aukinnar arðsemi. Hversu mikil hagræðing næst af fjárfestingu í stafrænum innviðum eða hversu vel bönkum gengur að veita þjónustu og skapa tekjur með færra starfsfólk en áður er á margan hátt matskennt. Leiða má líkur að því að auknir stafrænir innviðir leiði til skilvirkari og arðbærari þjónustu og eins eru rök fyrir því að fækka megi fólk í bönkunum vegna aukinnar skilvirkni án þess að það komi niður á möguleikum þeirra til tekjusköpunar.

Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið var fjallað um þær áskoranir sem íslenskir bankar standa frammi fyrir í íslensku hagkerfi. Þar er lögð áhersla á að íslenskir bankar þurfi að bæta skilvirkni í rekstri, t.d. með rafrænum leiðum og fækkun stöðugilda. Þetta hefur þeim tekist að mörgu leyti síðustu ár. Aukin skilvirkni í bankakerfinu getur skilað bættari arðsemi til eigenda eða lækkun gjalda til viðskiptavina. Eins og fyrr segir hefur bönkunum tekist að auka hagnað og bæta arðsemina en í uppgjörum bankanna er ekki að finna jafn skýr merki um lækkun gjalda til viðskiptavina. Reiknaður vaxtamunur heildareigna í árslok 2017



var 2,9% í Hvítbók<sup>47</sup> en í árslok 2022 var hann 2,7% og vísbendingar um að hann fari hækkandi. Allir bankarnir þrír hafa nú skilað uppgjöri fyrir fyrsta ársfjórðung 2023. Heilt yfir jókst hagnaður allra bankanna á fjórðungnum samanborið við sama ársfjórðung árið 2022 og arðsemi eigin fjár jókst. Hreinn vaxtamunur bankanna ýmist jókst eða stóð í stað milli ára. Vaxtamunur Landsbankans var 2,8% á fjórðungnum og hækkaði um 0,4 prósentustig milli ára, vaxtamunur Arion banka var 3,1% á fjórðungnum og óbreyttur milli ára og vaxtamunur Íslandsbanka var 3,2% og hækkaði um 0,6 prósentustig milli ára. Vaxtamunur bankanna á fjórðungnum var kominn yfir 3% að meðaltali, sem er meiri vaxtamunur en þegar Hvítbókin kom út.

---

<sup>47</sup> Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið, bls. 141.

# 5. Staða neytenda, samkeppni og eftirlit á bankamarkaði

## 5.1 Umgjörð um samkeppni og neytendavernd á bankamarkaði

Hagur samfélagsins af virkri samkeppni í viðskiptum er mikill. Hún stuðlar að þjóðhagslegri hagkvæmni og ýtir undir skilvirkni og nýsköpun á markaði. Samkeppni stuðlar einnig að aukinni velferð neytenda, auknu vöruframboði, betri þjónustu og lægra verði. Í riti Samkeppniseftirlitsins frá 2011, Samkeppni á bankamarkaði<sup>48</sup>, kemur fram að íslenskur fjármálamarkaður sé fákeppnismarkaður. Í svörum Samkeppniseftirlitsins við spurningum Hvítbókarnefndar í tengslum við útgáfu Hvítbókar um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið árið 2018 sagði Samkeppniseftirlitið sömu sjónarmið enn eiga við. Þessi sjónarmið komu einnig fram í umsögn Samkeppniseftirlitsins frá árinu 2021 vegna áforma um sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka en þar segir að íslenskur fjármálamarkaður beri sterk fákeppniseinkenni en á honum starfi fáir keppinautar á litlum og einangruðum markaði<sup>49</sup>.

Á fákeppnismörkuðum geta stærstu fyrirtækin verið í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu. Í því felst að ef markaðsgerðin er með tilteknum hætti getur myndast jarðvegur fyrir þögla samhæfingu (e. tacit collusion). Mikil samþjöppun markaðshlutdeildar, fáir keppinautar, áþekk kostnaðaruppbygging hjá fyrirtækjum, mikið gagnsæi um verð, einsleitni vöru og þjónustu, aðgangshindranir og formbundin tengsl eru dæmi um aðstæður sem geta unnið gegn samkeppni og ýtt undir þögla samhæfingu. Fyrirtæki á slíkum markaði geta séð sér hag í að vera samstíga í stað þess að keppa og getur markaðshegðun litast af samræmingu þar sem fyrirtæki taka gagnkvæmt tillit hvert til annars til að stuðla að háþörfun sameiginlegs hagnaðar. Slíkt fyrirkomulag er skaðlegt fyrir almenning þótt það sé ekki ólöglegt. Einungis formlegt samráð er ólöglegt en bæði formlegt og óformlegt samráð bætir hag fákeppnisfyrirtækjanna á kostnað neytenda<sup>50</sup>.

Á mörkuðum sem eru þroskaðir og lítið er um nýjungar, útbreiðsla vörunnar er mikil og markaðurinn er svo gott sem mettaður eru fyrirtæki almennt líklegri til að stunda samhæfða hegðun. Bankaviðskipti eru dæmi um viðvarandi viðskiptasamband og í því felst mettun þar sem flestir mögulegir viðskiptavinir eru í föstu sambandi við einhverja bankastofnun eða jafnvel nokkrar. Þá hefur Samkeppniseftirlitið talið að löggjöf um fjármálafyrirtæki sé með þeim hætti að hún ýti undir einsleitni fyrirtækjanna. Verðskrár bankanna eru birtar opinberlega og því þekkja keppinautar á bankamarkaði verðstefnu hver annars og taka eftir ef keppinautur hækkar eða lækkar verð. Ef heildareftirspurn á markaði breytist lítið þrátt fyrir verðbreytingar og ef vörur eru einsleitir eru meiri líkur á samhæfðri hegðun fyrirtækja. Lækkun verðs skilar litlu fyrir fyrirtæki á markaði sem stækkar lítið eða ekkert við verðbreytingar, sem leiðir til þess að keppinauturinn svarar í sömu mynt sem endar svo með tapi fyrir báða aðila. Fyrir keppinauta á slíkum markaði er betra að forðast samkeppni<sup>51</sup>.

---

<sup>48</sup> [Samkeppni á bankamarkaði](#), Rit nr. 1/2011 Umræðuskjal, Samkeppniseftirlitið.

<sup>49</sup> <https://www.samkeppni.is/media/umsagnir/Sala-a-eignarhlut-i-Islandsbanka-Umsogn-SE-jan-2021.pdf>

<sup>50</sup> [https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2011/Umræðuskjal\\_1\\_2011\\_Samkeppnishomlur\\_a\\_bankamarkadi.pdf](https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2011/Umræðuskjal_1_2011_Samkeppnishomlur_a_bankamarkadi.pdf)

<sup>51</sup> [Umræðuskjal 1 2011 Samkeppnishomlur a bankamarkadi.pdf](#)

Samkeppniseftirlitið birti árið 2021 ritið Samkeppnisvísar<sup>52</sup>. Samkeppnisvísunum er ætlað að gefa vísbendingar um hvernig samkeppnisaðstæður þróast hér á landi, bæði frá einum tíma til annars og í samanburði við önnur ríki. Þar kemur fram að í könnun frá árinu 2019 um viðhorf almennings til samkeppnismála sögðust 33% svarenda á Íslandi að þeir hefðu upplifað samkeppnisleg vandamál á markaði fyrir fjármálaþjónustu. Til samanburðar hafði aðeins 10% svarenda í ESB-ríkjunum upplifað samkeppnisleg vandamál á markaði fyrir fjármálaþjónustu.

Samkeppniseftirlitið setti nýverið á laggirnar sérstaka síðu sem ætlað er að halda utan um upplýsingar, aðgerðir og sjónarmið sem tengjast verðhækkunum á íslenskum mörkuðum og samkeppnisbrestum. Í kafla sem fjallar um stöðuna á fjármálamörkuðum segir eftirfarandi:

„Á liðnum misserum hafa vextir hækkað um heim allan vegna viðbragða seðlabanka við aukinni verðbólgu. Hefur það, og verðbólgan sjálf, umtalsverð áhrif á kostnað heimila og fyrirtækja vegna lánsfjármögnunar. Virk samkeppni á milli fjármálastofnana ætti hins vegar að lágmarka áhrifin á einstaklinga og fyrirtæki, þar sem búast má við lægra vaxtaálagi en ella í umhverfi virkrar samkeppni. Í því sambandi skiptir m.a. máli út frá samkeppnissjónarmiði að lífeyrissjóðir keppa á íbúðalánamarkaði auk bankanna og skapa þannig aukið samkeppnisaðhald á þeim markaði. Í rannsóknnum á fjármálamarkaði hefur Samkeppniseftirlitið kappkostað að draga úr samkeppnishindrunum og hafa bankarnir m.a. skuldbundið sig til að grípa til aðgerða sem draga úr skiptikostnaði og þar með auðvelda viðskiptavinum að skapa aðhald. Hins vegar má betur ef duga skal. Þá eru bankarnir gagnrýndir af hálfu Samkeppniseftirlitsins fyrir að þjónustugjöld gagnvart viðskiptavinum séu enn mjög ógagnsæ og erfitt fyrir neytendur að nálgast upplýsingar sem gera þeim kleift að sinna neytendaaðhaldi“<sup>53</sup>.

Í ítarlegri skýrslu sem Samkeppniseftirlitið birti árið 2019 koma fram svör stofnunarinnar sem send voru til Hvítbókarnefndarinnar árið 2018. Þar kemur m.a. fram að Samkeppniseftirlitið hafi lagt á sektir vegna alvarlegra brota fjármálafyrirtækja á samkeppnislögum. Einnig hefur verið gripið til aðgerða til að efla samkeppni í kjölfar brotanna, sbr. ákvörðun nr. 4/2008, Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga, sáttir við Arion banka, Landsbankann, Íslandsbanka, Borgun og Valitor frá 2014 (sbr. og ákvörðun nr. 8/2015) og dóm Hæstaréttar Íslands frá 28. apríl 2016 í máli nr. 419/2015, Valitor gegn Samkeppniseftirlitinu.

## 5.2 Staða neytenda á fjármálamarkaði

Fjármálavörur og -þjónusta eru að mörgu leyti flóknari afurð en aðrar dæmigerðar neysluvörur svo sem heimilistæki eða fatnaður. Aðgengi að upplýsingum um fjármálaþjónustu getur jafnframt verið torveldara en að annarri þjónustu eða vörum sem flestir neytendur kaupa reglulega. Viðskipti einstaklinga við viðskiptabanka fela jafnan ekki í sér kaup á einni afmarkaðri vöru eða þjónustu. Viðskiptabanki getur fjármagnað húsnæðis kaup, bílakaup, neyslulán, yfirdráttarlán til að mæta tímabundnum skakkaföllum og hann veitir þjónustu á sviði greiðslumiðlunar. Fyrir þessa þjónustu greiðir einstaklingurinn en þjónustuliðir skipta hundruðum og eru flestir þeirra með ákveðið verð í verðskrá bankanna. Erfitt getur reynst fyrir hinn almenna neytanda að átta sig á því í hverju mismunandi þjónustuliðir felast, muna hvert verðið er fyrir hvern lið eða bera saman á milli banka. Langtímasamband banka við viðskiptavini sína byggist að einhverju

<sup>52</sup> [Samkeppnisvísar](#), Rit nr.4/2021, Samkeppniseftirlitið.

<sup>53</sup> [Heimasíða](#) Samkeppniseftirlitsins (maí 2023).

leyti á gagnkvæmu trausti þótt samskiptin einkennist af ójafnvægi þar sem annar aðili hefur meiri upplýsingar og sterkari stöðu. Skilmálar og kjör geta tekið breytingum eftir að viðskiptasamband er komið á og eru breytingar yfirleitt gerðar með einhliða ákvörðunum fjármálastofnunarinnar sem í hlut á. Neytendur þurfa því að fylgjast vel með til að átta sig á þeim þáttum sem hafa áhrif á heildarkostnað þeirra fjármálaþjónustu<sup>54</sup>. Eldri kynslóðin sem ekki hefur, eða ekki getur, tamið sér notkun heimabanka á enn erfiðara með að fylgjast með því hvernig kjör á sparnaðarreikningum breytast yfir tíma hjá einum banka og bera þau saman á milli banka. Sjónarmið um samkeppni í bankaviðskiptum byggð á aðhaldi neytenda eiga enn síður við um þessa kynslóð.

Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins sem kom út fyrir 10 árum, Fjármálaþjónusta á krossgötum, kemur fram að efling neytendaverndar á fjármálamarkaði sé mikilvæg fyrir virkni markaðarins og samkeppnislegt aðhald. Hins vegar geti neytendur aðeins veitt slíkt aðhald séu þeir meðvitaðir um rétt sinn, verð og gæði þjónustunnar. Á þeim grunni taki neytendur upplýstar viðskiptaákvörðanir sem gefi síðan fyrirtækjum á markaði merki um vilja neytenda og hvernig best sé að uppfylla óskir þeirra. Vísbendingar séu um að þessi staða sé ekki uppi á fjármálamarkaði hér á landi. Mat Samkeppniseftirlitsins í skýrslunni var að „verðvitund neytenda sé mun meiri á ýmsum neyslumörkuðum, svo sem olíumarkaði og dagvörumarkaði, heldur en á fjármálamarkaði“<sup>55</sup>. Ýmislegt hefur þó breyst til batnaðar hvað þetta varðar síðastliðinn áratug, t.d. með tilkomu upplýsingasíðna á vefnum. Enn er þó nokkuð í land.

### 5.2.1 Fjármálalæsi og hnipping

Fjármálalæsi snýr oft að því að reyna að bæta fjárhagslega ákvarðanatöku fólks með því að kenna því hvernig fjármálakerfið virkar og hvernig það getur best tryggt hagsmuni sína. Hins vegar sýna rannsóknir að fjármálalæsiskenntla ein og sér leiðir ekki alltaf til betri ákvarðana í fjármálum. Svokölluð núbjögun felst í því að við erum óþolinmóð og frestum oft að gera það sem er óþægilegt í nútíð, t.d. að spara og greiða niður skuldir. Þótt okkur finnist skynsamlegt að spara hluta af tekjum okkar þegar til lengri tíma er litið þá freistumst við oft til þess að eyða peningum í dag og vilja spara á morgun. Okkur sárnar einnig mikið að tapa verðmætum, þótt lítil séu, og getum því verið tilbúin að taka mikla áhættu til þess að minnka tjónið. Við verðum einnig fyrir áhrifum ákvarðana annars fólks í fjármálum, kaupum hlutabréf ef aðrir eru að gera það, tökum gengistryggð lán þegar aðrir gera það o.s.frv. Við ofmetum gjarnan hæfi okkar til ákvarðana og höldum fast í gamlan vana þótt ekki sé um skynsamlega hegðun að ræða. Það er því þannig að þó að við séum vel upplýst þá tökum við ekki alltaf skynsamlegustu ákvörðunina, einkum ef hún er erfiðari eða flóknari í framkvæmd. Eitt tól sem hefur vaxið að vinsældum í atferlishagfræði síðustu misseri er hnipping (e. nudging). Hnippingar hafa áhrif á val fólks með því að gera ákveðna valmöguleika einfaldari eða jafnvel sjálfsagðari. Hugmyndin er að hvetja neytendur til að velja sérstaka ákvörðun umfram aðrar, helst á sem áreynslulausastan hátt, meðal annars með því að fjarlægja hindranir, án þess þó að taka alfarið burt aðra valmöguleika. Mikilvægt er að slík hnipping hvetji til hegðunar sem bætir hag fólks til lengri tíma. Erlendis hefur þessi aðferðafræði m.a. verið nýtt til þess að:

---

<sup>54</sup> Sjá nánar í t.d. Neytendavernd á fjármálamarkaði – skýrsla nefndar, apríl 2013. Sjá:

<https://www.stjornarradid.is/media/foarsaetisraduneyti-media/media/skyrslur/neytendavernd-a-fjarmalamarkadi.pdf>

<sup>55</sup> Samkeppniseftirlitið, 2013, Fjármálaþjónusta á krossgötum, bls. 48.

- Stofna sjálfkrafa bankareikninga fyrir fólk sem ólíklegt er að stofni sjálft til þeirra, líkt og gripið hefur verið til í Bandaríkjunum meðal fólks án bankaþjónustu.
- Setja hömlur á auglýsingar á dýrri og óhagstæðri fjármálaþjónustu, líkt og í Danmörku. Þrátt fyrir að hámarks árleg hlutfallstala kostnaðar neytendalána í Danmörku sé 35% er bannað að auglýsa lán sem bera hærri árlega hlutfallstölu kostnaðar en 25%.
- Þrengja að framboði á „kaupa núna, borga seinna“ (e. Buy now, pay later) möguleikum í verslunum og vefbúðum, t.d. í Danmörku.

Hægt væri að koma á ýmsum leiðum til þess að stuðla að betra fjármálalæsi hér á landi, t.d. ef einstaklingur fengi óvenjulega innborgun, s.s. arf, að í því tilviki bærisk honum sjálfkrafa ábending um hagstæðari möguleika en hefðbundinn tékkareikning til að geyma fjármunina þar til hann tæki ákvörðun um hvernig hann ráðstafaði þeim varanlega. Þá væri einnig hægt að haga greiðslum reikninga í heimabanka almennt með þeim hætti að þær hefðu sem minnstan kostnað í för með sér í formi seðilgjalda eða sambærilegs kostnaðar. Neytandi þyrfti að óska eftir greiðsluleiðum sem væru dýrari. Möguleikar til þess að koma á fót hnippingu fara vaxandi með tækninýjungum og verður t.d. athyglisvert að fylgjast með þróun gervigreindar í þessu samhengi.

### 5.2.2 Samkeppni og hreyfanleiki viðskiptavina á bankamarkaði

Starfshópurinn bauð Samkeppniseftirlitinu til fundar og þar komu fram sjónarmið um að mikilvægt væri að draga úr skiptikostnaði til að auka samkeppni á fjármálamarkaði. Skiptikostnaður (e. switching cost) er kostnaður neytenda við að færa viðskipti sín frá einum seljanda til annars. Skiptikostnaður getur falist í tíma og fyrirhöfn (e. administrative burden), ósamhverfum upplýsingum, skorti á verðgagnsæi, vöndlun (e. bundling) og samtönnun (e. tying the product) og uppgreiðslugjöldum. Líkur á að viðskiptavinur leiti annað með viðskipti sín fara minnkandi með vaxandi skiptikostnaði. Hár skiptikostnaður getur því aukið markaðsstyrk einstakra fyrirtækja og gert þeim kleift að verðleggja þjónustu sína hærra en ella. Ýmsar rannsóknir hafa komist að því að skiptikostnaður viðskiptavina fjármálaþjónustufyrirtækja geti verið nokkuð hár og má í þessu samhengi nefna markaðsrannsókn breskra samkeppnisyrivalda frá 2016 á smásölubankaþjónustu við einstaklinga og skýrslu OECD frá 2014. Hér á landi hefur verið gripið til ýmissa aðgerða til þess að lækka skiptikostnað en hann getur verið ólíkur eftir því um hvaða fjármálaþjónustu er að ræða og fjárhagsleg staða einstaklings getur einnig haft áhrif á möguleika hans til þess að skipta um viðskiptabanka.

Vöndlun og samtönnun fela í sér að viðskiptavinir eru látinir taka á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki samningum eða viðskiptum. Átt er við samtönnun þegar viðskiptavinur sem kaupir eina vöru er látinn kaupa aðra vöru, þ.e. samtönnuðu vöruna af markaðsráðandi fyrirtæki. Samtönnun getur byggst á tæknilegum forsendum eða samningslegum grundvelli. Vöndlun vísar til þess hvernig vörur eru settar fram og verðlagðar af markaðsráðandi fyrirtæki. Þegar um hreina vöndlun (e. pure bundling) er að ræða er vara aðeins seld í föstum hlutföllum þar sem viðskiptavinur verður að kaupa allan pakkann eða ekkert og þarf þannig mögulega að kaupa vöru sem hann hefur engin not fyrir til að kaupa vöru sem hann þarf á að halda. Átt er við blandaða vöndlun (e. mixed bundling) þegar vörurnar standa til boða með aðskildum hætti en samanlagt verð þeirra er hærra þegar þær eru seldar hvor í sínu lagi en þegar þær eru seldar saman<sup>56</sup>. Samtönnun eins og þessi getur falið í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu fyrirtækis þar sem hún er til þess fallin að raska samkeppni og takmarka valkosti neytenda. Ef fyrirtækið getur réttlætt samtönnunina eða vöndlunina og sýnt fram á að hegðunin sé sannanlega nauðsynleg er ekki talið að um ólögmæta

<sup>56</sup> [https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2013/skyrsla\\_01\\_2013\\_Fjarmalathjonusta\\_a\\_krossgotum.pdf](https://www.samkeppni.is/media/skyrslur-2013/skyrsla_01_2013_Fjarmalathjonusta_a_krossgotum.pdf)

samtvinnun eða vöndlun sé að ræða. Bankar eru í yfirburðarstöðu sem gerir þeim kleift að bjóða viðskiptavinum sínum upp á heildarviðskipti og getur það skapað hættu á að einn þjónustubáttur sé notaður til að niðurgreiða aðra þjónustubætti þar sem samkeppni er meiri. Slík hegðun getur dregið úr samkeppni og skapað aðgangshindranir á markaði<sup>57</sup>.

Ósamhverfar upplýsingar (e. asymmetric information) er vandi sem felur í sér að annar samningsaðilinn hefur meiri upplýsingar en hinn og á því auðveldara með að stýra samningum sér í hag. Ósamhverfar upplýsingar geta leitt af sér hrakval (e. adverse selection) sem getur til dæmis birst í því að bankar sem fyrir eru á markaði forðast áhættusamari lánveitingar á grundvelli upplýsinga um viðskiptavina en keppinautar sem geta endað uppi með áhættusamara lánasafn. Freistnivandi (e. moral hazard) getur einnig birst á fjármálamarkaði þar sem kerfislegt mikilvægi banka hefur áhrif á hegðun þeirra og ýtt undir áhættusamari starfsemi og útlánastefnu<sup>58</sup>.

Bjögun getur einnig verið í neytendahegðun á fjármálamarkaði sem getur birst í því að þekking viðskiptavina banka á fjármálum er minni en þekking starfsmanna banka<sup>59</sup>. Í gegnum tíðina hefur það verið sjaldgæft að fólk skipti alfarið um viðskiptabanka en þó er það þannig að margir eiga tékkareikninga í fleiri bönkum en einum. Það að færa öll sín bankaviðskipti frá einni fjármálastofnun til annarrar getur falið í sér fyrirhöfn sem hefur nokkuð óljósan ávinning þar sem þjónustuframboð og verð eru nokkuð einsleit milli banka. Þannig getur markaðsumhverfið dregið úr áhuga og möguleikum neytenda til þess að skipta um banka en lítill hreyfanleiki viðskiptavina getur ýtt undir samhæfingu seljenda á markaði. Lágt hlutfall viðskiptavina sem færa viðskipti sín hefur einnig þau áhrif að draga úr hvata fyrir nýja aðila til að koma inn á markaðinn þar sem það dregur úr trú nýrra aðila á að hægt sé að laða til sín nægjanlegan fjölda viðskiptavina, óháð því hversu samkeppnishæfir þeir kunna að vera. Hár skiptikostnaður, skortur á gagnsæi og upplýsingum um verð og kjör, ósamhverfar upplýsingar, hátt flækjustig og aðrir erfiðleikar draga úr hreyfanleika viðskiptavina á bankamarkaði og koma í veg fyrir að neytendur geti veitt bönkunum nauðsynlegt aðhald sem dregur úr samkeppni á bankamarkaði.

Aðgerðir til að draga úr skiptikostnaði og efla getu viðskiptavina bankanna til að veita aðhald á markaði eru því mikilvægar og hefur þeirra orðið vart hér á Íslandi síðustu ár. Þær upplýsingasíður sem sprottið hafa upp á borð við Aurbjörgu og Herborgu hafa gefið neytendum hér á landi betri yfirsýn yfir kjör fjármálafyrirtækja en áður þekktist, þó vissulega megj gera enn betur í upplýsingagjöf til neytenda. Með tækninýjungum er orðið nokkuð auðvelt að endurfjármagna fasteignalán í öðrum banka eða lífeyrissjóði með nokkrum smellum, þó að vissulega geti það falið í sér kostnað, að lágmarki nokkra tugi þúsunda í lántökugjald. Þá er orðið mjög einfalt að stofna reikninga í banka þar sem ekkert viðskiptasamband hefur verið til staðar með því að nýta rafræn skilríki. Þetta hafa margir reynt með stofnun tékkareikninga hjá Indó og sparnaðarreikninga hjá Auði, dótturfélags Kviku sem býður eingöngu upp á innlánsreikninga fyrir einstaklinga. Um tíma bauð Auður umtalsvert betri kjör á sparnaðarreikningum en aðrar innlánsstofnanir og á þeim tíma margfölduðust innstæður félagsins.

Frá fjármálaáfallinu 2008 hefur ESB endurskoðað alla löggjöf á fjármálamarkaði og hefur hún í meginatriðum verið innleidd hér á landi. Meðal megináhersluatriða ESB eru neytendavernd og möguleikar

---

<sup>57</sup> <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur/Svor-SE-til-Hvitbokarnefndar.pdf>

<sup>58</sup> <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur/Svor-SE-til-Hvitbokarnefndar.pdf>

<sup>59</sup> <https://www.samkeppni.is/media/skyrslur/Svor-SE-til-Hvitbokarnefndar.pdf>

tækninýjunga til þess að bæta fjármálaþjónustu, gera hana aðgengilegri og ódýrari. Sem dæmi má nefna tilskipun ESB um greiðsluþjónustu, PSD2 (e. Directive on Payment Services) sem innleidd var með lögum nr. 114/2021 en markmið hennar er að skapa jarðveg fyrir skilvirkari, traustari og ódýrari greiðsluþjónustu með því að efla neytendavernd, nýsköpun og greiðsluöryggi. PSD2 á m.a. að draga úr ósamhverfum upplýsingum með því að ýta undir að þeim upplýsingum sem reikningsþjónustuaðilar hafa safnað saman úr greiðslureikningasögu viðskiptavina sé deilt með keppinautum viðskiptabanka viðskiptavinarins. Þessi tilskipun hefur hins vegar ekki leitt til þeirra breytinga sem væntingar stóðu til, hvorki hér á landi né í Evrópu, og er nú unnið að endurskoðun hennar til að ná settum markmiðum.

Í svörum Samkeppniseftirlitsins við spurningum Hvítbókarnefndar árið 2018 segir að við alla stefnumótun á fjármálamarkaði þurfi að hafa í huga að viðskiptabankarnir séu að ýmsu leyti í lykilstöðu hvað varðar þróun atvinnustarfsemi á öllum sviðum í landinu og að fátt bendi til annars en að þeir muni áfram verða í slíkri stöðu eftir fimm ár, þrátt fyrir að fjártæknifyrirtæki og lagabreytingar sem greiða fyrir nýsköpun á fjármálamarkaði kunni að hafa áhrif á samkeppnisstöðu þeirra. Þá segir að mikilvægt sé að stjórnvöld tryggji að umgjörð fjármálamarkaðar styðji við nýsköpun á fjármálamarkaði, innan þeirra öryggismarka sem setja þarf starfseminni. Virk samkeppni knýi fyrirtæki til að leita nýjunga í starfsemi sinni. Því þurfi að fylgjast vel með því á næstu misserum hvaða áhrif fjártæknifyrirtæki og aðrar nýjungar í fjármálaþjónustu hafa á starfsemi bankanna. Stjórnvöld þurfi að leita allra leiða til að stuðla að því að nýir keppinautar sæti ekki óeðlilegum takmörkunum og starfandi fjármálafyrirtæki geti ekki hindrað innkomu þeirra og þar með aukna samkeppni í fjármálakerfinu.

Ráðist hefur verið í margvíslegar aðgerðir til að draga úr skiptikostnaði bankanna. Árið 2017 gerði Samkeppniseftirlitið sáttir við stóru viðskiptabankana þrjá sem fólu í sér aðgerðir til að draga úr skiptikostnaði í fjármálaþjónustu, bæta möguleika einstaklinga og minni fyrirtækja til verðsamanburðar og auðvelda flutning viðskipta einstaklinga og minni fyrirtækja milli banka. Markmiðið með sáttunum var að draga úr vanmætti smærri fyrirtækja og neytenda til að veita viðskiptabönkunum aðhald og draga þannig úr líkunum á þögullum samhæfingu. Meðal þess sem fólst í sáttunum var:

- Að bankarnir létu af innheimtu uppgreiðslugjalda á ákveðnum lánategundum.
- Að hámark væri innleitt á þóknarir við flutning bundins séreignarlífeyrissparnaðar frá bönkunum til aðila sem bjóða upp á stýringu lífeyrissparnaðar.
- Að yfirtaka á íbúðalánum í fasteignaviðskiptum væri ekki háð því að kaupendur færðu bankaviðskipti sín (launareikninga o.fl.) til bankans.
- Að viðskiptavinum yrði auðveldað að færa bankaviðskipti sín milli banka og að val, þróun og innleiðing kerfa og tæknilegra úrlausna miði að því.
- Að viðskiptavinir yrðu upplýstir um verulegar breytingar á vöxtum og verðskrá áður en þær ættu sér stað.
- Að bankarnir myndu skuldbinda sig til að búa svo um hnútana að upplýsingar um almenna þóknun, kjör og skilmála sem eru birtar opinberlega á vefsíðum bankans verði aðgengilegar í gegnum opið API-viðmót þannig að þriðju aðilar geti nýtt þær til að birta verðsamanburð og aukið neytendaaðhald.
- Að tiltekin heimildarákvæði í skilmálum íbúðalána sem fela í sér verulega bindingu að mati Samkeppniseftirlitsins verði ekki virkjuð af bönkunum.

Þá má jafnframt nefna að í lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, hefur verið sett hámark á uppgreiðslugjald sem nemur 0,2% af fjárhæð endurgreiðslu fyrir hvert heilt ár sem eftir stendur af binditíma vaxta fasteignaláns, þó aldrei hærrí fjárhæð en sem nemur kostnaði lánveitanda af endurgreiðslunni eða 4% af endurgreiðslu. Með gildistöku sömu laga lækkuðu lántökugjöld umtalsvert þar sem ekki var lengur heimilt að skilgreina þau sem ákveðið hlutfall af lánsfjárhæð. Í lögnum er kveðið á um að lánveitanda sé

aðeins heimilt að krefja neytanda um gjöld vegna fasteignaláns sem byggjast á hlutlægum grunni vegna kostnaðar sem lánveitandi hefur orðið fyrir og tengjast fasteignaláninu beint, auk vaxta.

### 5.2.3 Verðsamanburður

Starfshópurinn lagði töluverða vinnu í að greina verðskrár bankanna og er þá umfjöllun að finna í kafla 3.3. Þrátt fyrir að upplýsingar um verð og önnur kjör á þjónustu bankanna væru almennt aðgengileg á heimasíðum þeirra verður ekki litið fram hjá því að framsetning gjaldskrárliða er nokkuð flókin og oft og tíðum erfitt að bera saman verð á þjónustuliðum milli banka.

Frá því að Samkeppniseftirlitið gerði áður nefnda sátt við bankana árið 2017, sem fól í sér að opnað yrði fyrir verðsamanburð af hálfu þriðja aðila, hafa fjártæknivefsíður verið settar á fót þar sem nálgast má verðsamanburð á ýmissi þjónustu bankanna. Meðal þessara fjártæknivefsíðna er vefsíðan Aurbjörg en þar má finna verðsamanburð á greiðslukortum, samanburð á vaxtakjörum bankanna á húsnæðislánum og gjöldum sem tengjast húsnæðislántöku auk samanburðar á vaxtakjörum á mismunandi innlánareikningum. Á vefsíðunni Herborg má einnig finna samanburð á vaxtakjörum banka og lífeyrissjóða sem bjóða upp á húsnæðislán. Sá samanburður sem kemur fram á fyrrnefndum fjártækni síðum nær til fárra, en þó þýðingarmikilla þjónustuliða í bókhaldi margra heimila.

Hvað varðar ýmis þjónustugjöld bankanna er oft erfitt fyrir neytendur að gera sér fyllilega grein fyrir hvaða þjónustu er nákvæmlega verið að rukka fyrir, verði þjónustunnar og hvað neytandinn greiðir að lokum yfir lengri tímabil. Tilskipun 2014/92/ESB um greiðslureikninga (PAD) tekur til samanburðar gjalda er varða greiðslureikninga, skipti á greiðslureikningum og aðgengi að almennum greiðslureikningum. Markmið tilskipunarinnar er að stuðla að gagnsæi og samkeppni, auðvelda samanburð á gjöldum og skipti á greiðslureikningum sem og að styðja við skilvirkan og snurðulausan fjárhagslegan hreyfanleika neytenda. Gerðin var innleidd hér á landi með lögum nr. 5/2023 sem tóku gildi 1. mars 2023<sup>60</sup>. Samkvæmt lögnum skal greiðsluþjónustuveitandi, a.m.k. einu sinni á ári og án endurgjalds, láta neytanda í té yfirlit yfir öll gjöld sem stofnað hefur verið til á tímabilinu vegna greiðslureikninga auk annarra upplýsinga sem tilgreindar eru í lögnum. Gagnlegt gæti verið að kveða á um það með almennum hætti að bankar þyrftu að láta viðskiptavinum sínum reglulega í té yfirlit um kostnað vegna veittrar þjónustu, ekki bara um kostnað vegna greiðslureikninga.

Vert er að hafa í huga að bankastarfsemi er fjölvörustarfsemi (e. multiproduct industry) og er samkeppni mismikil, og aðgangshindranir ólíkar, eftir því um hvaða undirmarkað ræðir. Hér á landi er samkeppni til að mynda meiri á markaði fyrir íbúðalán en á sviði innlánastarfsemi. Samkeppni á markaði fyrir lán til einstaklinga og smárra fyrirtækja er hins vegar landfræðilega afmarkaðri en samkeppni á markaði fyrir lán til stórfyrirtækja sem hafa alþjóðlega vidd. Þá er samkeppni gjarnan meiri í fjárfestingabankastarfsemi en í þjónustu við einstaklinga. Alþjóðleg samkeppni íslenskra banka afmarkast við viðskiptabankþjónustu að undanskilinni þjónustu erlendis frá við stærstu fyrirtæki landsins sem felast einkum í lánveitingum til fyrirtækja sem starfa við útflutning.

Flestir lífeyrissjóðir landsins bjóða upp á fasteignalán til sjóðfélaga sinna og veita þar með stóru bönkunum ríkt samkeppnislegt aðhald á þeim markaði. Heildarútlán lífeyrissjóða til heimila námu 548 ma.kr. í lok árs 2022 og var markaðshlutdeild þeirra á íbúðalánamarkaði um 24%. Í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleika 2023/1, kemur fram að framboð lífeyrissjóðanna á óverðtrygðum íbúðalánum á samkeppnishæfum kjörum

---

<sup>60</sup> [Fjármálaeftirlit](#), 3. rit. Mars 2023 (bls. 27), Seðlabanki Íslands.



hafi verið takmarkað þegar vextir íbúðalána voru sem lægstir. Sérstaklega hafi verið lítið framboð af óverðtryggðum íbúðalánnum með bundna vexti í þrjú eða fimm ár. Þegar vextir á íbúðalánnum tóku að hækka seinni hluta árs 2021 og á árinu 2022 hafi kjör íbúðalána lífeyrissjóðanna í mörgum tilfellum orðið hagstæðari en þau kjör sem bankarnir buðu. Í kjölfarið jukust sjóðsfélagalán lífeyrissjóðanna á ný. Af 62 ma.kr. hækkun sjóðsfélagalána á árinu 2022 var 61 ma.kr. óverðtryggð lán. Hækkandi vaxtastig hefur aukið samkeppnishæfni lífeyrissjóðanna á nýjan leik að mati Seðlabankans<sup>61</sup>.

Kvika banki er alhliða banki, líkt og stóru bankarnir þrír, en leggur meiri áherslu á fjárfestingarbankastarfsemi en þeir. Auður er vörumerki Kviku banka sem býður upp á sparnaðarreikning eingöngu í gegnum netþjónustu. Innlán Auðar eru hluti af efnahagsreikningi Kviku og hefur Auður boðið upp á töluvert hærra vexti á sparnaðarreikningum en bankarnir um nokkurt skeið sem hefur aukið samkeppni á innlánamarkaði. Á seinni hluta árs 2022 tilkynntu bankarnir þrír að þeir myndu bjóða upp á sambærilega þjónustu og Auður og hafa kjör á sparnaðarreikningum bankanna batnað verulega síðan þá.

Í ársbyrjun 2023 opnaði Indó sparissjóður eftir nokkurn aðdraganda. Indó leggur áherslu á að þjónusta sína viðskiptavinum rafrænt. Indó er ekki með útibú og samkvæmt heimasíðu Indó er markmið sparissjóðsins að vera með einfaldan rekstur sem gerir honum kleift að lágmarka rekstrarkostnað, og þar af leiðandi gjöld til sinna viðskiptavina. Indó býður upp á betri vaxtakjör á veltureikningum en bankarnir þrír og engin aukagjöld á borð við færslugjöld eða álag á gengi við kortanotkun erlendis. Áhugavert verður að fylgjast með hvort eða hvernig bankarnir bregðist við Indó með betri kjörum reikninga eða breytingu á álagi á gengi gjaldmiðla við erlenda kortanotkun. Nýverið hóf Arion banki að birta tvískipt kortagengi á heimasíðu bankans, annars vegar fyrir debetkort og hins vegar fyrir kreditkort.

### 5.3 Eftirlitsaðilar og úrræði neytenda

Til að stuðla að virkri samkeppni, neytendavernd og heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum á bankamarkaði þarf stofnanafyrirkomulag að tryggja skilvirki og framgang þeirra reglna og laga sem hafa þessi markmið. Vörur á fjármálamarkaði eru af öðrum toga en algengar vörur eins og heimilistæki, bækur eða föt og eru að mörgu leyti flóknari og upplýsingar um þær takmarkaðri. Samkeppni og neytendavernd eru nátengd og er öflug neytendavernd undirstaða virkrar samkeppni á markaði.

Fjármálaeftirlitið, Samkeppniseftirlitið og Neytendastofa eru eftirlitsstofnanir. Í skýrslu vinnuhóps um eftirlitsstofnanir frá árinu 2014 segir að mikilvægt sé að ákvarðanir og starfshættir eftirlitsstofnana séu með þeim hætti að heiðarleiki og staðfesta þeirra verði ekki dregin í efa til að tryggja það traust og trúverðugleika sem eftirlitskerfið þarf að njóta. Þannig leiði heiðarleiki og staðfesta til ákvarðanatöku sem mótast af óhlutdrægni og jafnræði og að ákvarðanatöku verði ekki útsett fyrir óæskilegum áhrifum og hagsmunaaðilum. Aukið sjálfstæði eftirlitsstofnana, bæði frá hagsmunaaðilum og öðrum hlutum stjórnkerfisins, sé til þess fallið að auka traust og trúverðugleika eftirlitskerfisins. Ljóst er að eftirlitsstofnanir verða fyrir þrýstingi frá ýmsum hagsmunaaðilum og þó að ekki sé um beinan þrýsting að ræða getur ákvörðun sem er einhverjum í óhag lítið út fyrir að hafa verið tekin undir áhrifum þrýstings. Þá getur vitneskja um mögulegan þrýsting eða óvinsældir ákvarðana hagsmunaaðila haft áhrif á hvaða verkefni er ráðist í eða hvort það er ráðist í þau.

---

<sup>61</sup> [Fjármálastöðugleiki 2023/1](#), Seðlabanki Íslands

Tilgangur með sjálfstæði stofnana er m.a. að fjarlægja starfsemina frá pólitísku valdi ráðherra og er talið að slík sjónarmið eigi einkum við um starfsemi sem er sérstaklega brýnt að litist ekki af pólitískri íhlutun eða í tilviki sérhæfðra eftirlitsstofnana sem ætlað er að tryggja eðlilegar leikreglur í markaðsstarfsemi eða umhverfismálum, t.d. samkeppnismálum, fjármálaeftirliti eða skipulagsmálum<sup>62</sup>. Sjálfstæði eftirlitsstofnana er ekki einungis mikilvægt til að koma í veg fyrir bein afskipti hagsmunaaðila, aðila í stjórnkerfinu eða stjórnmalamanna, heldur eykur sjálfstæði stofnana líkur á því að ráðist verði í mál sem geta verið óþægileg eða sem snerta aðila með völd og ítök. Takmörkun á sjálfstæði eftirlitsstofnana getur því mögulega haft áhrif á forgangsroðun og verkefnaval viðkomandi stofnana. Árið 2017 gaf Alþjóðabankinn út skýrsluna „Good Practices for Financial Consumer Protection“ þar sem má finna viðmið um kjöraðstæður neytenda á fjármálamarkaði<sup>63</sup>. Viðmiðin eru 39 og fela í sér innbyggðar sannreyndar aðferðir til að efla og styðja neytendavernd á fjármálamarkaði. Eitt af viðmiðum Alþjóðabankans sem snýr að stofnanaumhverfi neytendamála kveður á um að það yfirvald eða stofnun sem sér um neytendavernd ætti að hafa fullnægjandi fjárheimildir og vera rekstrarlega óháð utanaðkomandi afskiptum og pólitískum og viðskiptalegum hagsmunum.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki tekur til meðferðar mál sem varða réttarágreining milli neytenda og fjármálafyrirtækis þar sem samningssamband er milli aðila. Nefndin var stofnuð af Neytendasamtökunum og Samtökum fjármálafyrirtækja m.a. með það að markmiði að gefa neytendum kost á að bera ágreining sinn við fjármálafyrirtæki undir úrskurð án þess að leggja í þann kostnað og fyrirhöfn sem fylgir því að leita til dómstóla. Í nefndinni stíja fimm nefndarmenn: tveir skipaðir sameiginlega af fjármálafyrirtækjum, tveir af neytendasamtökum og einn af fjármála- og efnahagsráðherra.

### 5.3.1 Samkeppniseftirlitið

Ráðherra fer með framkvæmd samkeppnislaga en í umboði hans annast Samkeppniseftirlitið eftirlit með samkeppnislögum og daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Þriggja manna stjórn sem er skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn fer með yfirstjórn Samkeppniseftirlitsins. Markmið samkeppnislaga er að efla virka samkeppni í viðskiptum. Samkeppniseftirlitinu ber að ná markmiðum samkeppnislaga með því að vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Hlutverk Samkeppniseftirlitsins felur m.a. eftirfarandi í sér:

- að framfylgja boðum og bönnum samkeppnislaga og eftir atvikum 53. og 54. gr. EES-samningsins og leyfa undanþágur skv. Samkeppnislögum.
- að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja.
- að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.
- að fylgjast með þróun á samkeppni- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja.

Árið 2022 skipaði menningar- og viðskiptaráðherra starfshóp sem falið var að skoða leiðir til að skapa eftirliti samkeppni- og neytendamála nýja stjórnsýslulega stöðu innan stofnanakerfis ríkisins. Markmiðið með

---

<sup>62</sup> [Samhent stjórnsýsla](#). Skýrsla nefndar um endurskoðun laga um Stjórnarráð Íslands. Desember 2010.

<sup>63</sup> <https://documents1.worldbank.org/curated/en/492761513113437043/pdf/Good-practices-for-financial-consumer-protection-2017-edition.pdf>

skipun starfshópsins er samkvæmt tilkynningu ráðuneytisins að styrkja samkeppni innanlands, tryggja stöðu neytenda í nýju umhverfi viðskipta og efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

Mikið efni liggur fyrir um samkeppni hér á landi og stöðu á fákeppnismörkuðum eins og á fjármála- og bankamarkaði. Þá gerði Ríkisendurskoðun úttekt á starfsemi Samkeppniseftirlitsins í kjölfar beiðni<sup>64</sup> Alþingis árið 2021 um stjórnáskilgæðisráðgjafi um þar sem „dregið yrði fram mat á árangri af eftirlitshlutverki stofnunarinnar og kannað hvernig framkvæmd samrunamála hefði verið á árunum 2018-20“<sup>65</sup>. Í beiðninni var óskað eftir að níu atriði yrðu skoðuð sem sneru að fjölda og afdrifum samrunamála, heimild Samkeppniseftirlitsins til að óska eftir samrunatilkynningum, skipun óháðra kunnáttumanna og eftirlitsaðila málsmeðferðar auk mats á áhrifum og árangri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins.

Í skýrslunni er umfang samrunamála dregið fram og talið að sá forgangur sem Samkeppniseftirlitinu er skylt að lögum að gefa samrunaefniriti, hafi sett annarri starfsemi verulegar skorður. Samkeppniseftirlitið tók undir þessa niðurstöðu í viðbrögðum sínum við skýrslunni og sagðist hafa bent á þetta sama atriði um nokkurt skeið og kallað eftir að starfsemi eftirlitsins væri tryggt nægjanlegt rekstrarsvigrúm til að sinna lögbundnum verkefnum með fullnægjandi hætti<sup>66</sup>.

Í skýrslunni er einnig fjallað um ákvæði samkeppnislaga annarra landa sem hafa ekki verið innleidd hér á landi en gætu verið til þess fallin að styrkja samkeppniseftirlit á Íslandi. Bent er á að ákvæði um málsmeðferð samrunamála séu til staðar í evrópskum samkeppniserétti sem eigi sér ekki hliðstæðu í íslenskum lögum. Þá er bent á að meginreglur skaðabótatilskipunar ESB, sem auðveldar fyrirtækjum og neytendum að sækja bætur til fyrirtækja vegna brota á samkeppnislögum, hafi ekki verið innleiddar í íslenskan rétt en tilskipunin sé ekki enn orðin hluti af EES- samningnum. Þá hafi tilskipun (ESB) 2019/1 (ECN+) heldur ekki verið innleidd en þar er m.a. kveðið á um sjálfstæði samkeppnisyfirlvalda aðildarríkjanna varðandi niðurfellingar á sektum og ákvarðanir um sektir auk heimildar til húsleitar. Að mati ESA myndi innleiðing á reglugerðinni leiða af sér töluverðrar breytingar á samkeppnislögum sem ættu að vera til þess fallnar að styrkja samkeppniseftirlit á Íslandi.

### 5.3.2 Neytendastofa

Hlutverk Neytendastofu er að treysta öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum og annast eftirlit og framkvæmd laga um neytendavernd. Stofnunin heyrir undir ráðherra og sinnir stjórnáskilgæðisráðgjafi um þar sem „dregið yrði fram mat á árangri af eftirlitshlutverki stofnunarinnar og kannað hvernig framkvæmd samrunamála hefði verið á árunum 2018-20“<sup>65</sup>. Í beiðninni var óskað eftir að níu atriði yrðu skoðuð sem sneru að fjölda og afdrifum samrunamála, heimild Samkeppniseftirlitsins til að óska eftir samrunatilkynningum, skipun óháðra kunnáttumanna og eftirlitsaðila málsmeðferðar auk mats á áhrifum og árangri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins.

Stofnunin gegnir m.a. eftirlitshlutverki varðandi fasteignalán til neytenda. Hlutverk Neytendastofu snýr að því hvort lánveitendur virði réttindi neytenda samkvæmt lögnum, s.s. hvort fullnægjandi upplýsingar séu veittar og hvort almenn réttindi neytenda samkvæmt lögnum séu virt. Í þessu samhengi getur Neytendastofa beitt sér gagnvart lánveitendum og lánamiðlurum ef þeir uppfylla ekki skyldur sínar. Neytendastofa fjallar hins vegar ekki um einkaréttarlegan ágreining. Stofnunin gæti t.a.m. af þeim sökum ekki sagt til um það hvaða afleiðingar það hefði fyrir einstaka neytanda ef honum væru ekki veittar

---

<sup>64</sup> <https://www.althingi.is/altext/151/s/1451.html>

<sup>65</sup> <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022-Samkeppniseftirlitid.pdf>

<sup>66</sup> <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2022-Samkeppniseftirlitid.pdf>

fullnægjandi upplýsingar. Neytendastofa getur lagt sektir á lánveitendur og lánamiðlara sem brjóta gegn lögnum<sup>67</sup>.

Undanfarin ár hafa ýmsir starfshópar verið skipaðir til að fjalla um og gera úttekt á stöðu neytendaverndar hér á landi og hafa margar greiningar verið unnar á sviði neytendamála. Árið 2012 var skipuð nefnd á grundvelli þingsályktunar og henni falið að gera úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði og setja fram tillögur um hvernig styrkja megi stöðu einstaklinga og heimila gagnvart aðilum á fjármálamarkaði auk þess að skoða stofnanaumhverfi og verkaskiptingu stofnana sem koma að málefnum neytenda. Þá var nefndinni falið að taka sérstaklega til skoðunar skiptikostnað. Í skýrslunni var gerður ítarlegur samanburður á umhverfi neytendamála á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum, í Kanada og Bandaríkjunum. Meðal þess sem kom fram í samanburðinum er að í Bandaríkjunum og Kanada er sérstök stofnun sem fer með neytendavernd á sviði fjármálaþjónustu vegna flókins eðlis slíkra vara. Í samanburðinum við hin Norðurlöndin kom fram að þó að meginhlutverk og verkefni stofnana sem fara með eftirlit á sviði neytendamála sé sambærilegt sé sérstakur umboðsmaður neytenda á hinum Norðurlöndunum sem hafi víðtækar valdheimildir og miklar frumkvæðisskyldur sem séu bundnar við embættið sjálft en ekki stofnunina sem slíka<sup>68</sup>.

Í skýrslunni er vísað til skýrslu Lagastofnunar Háskóla Íslands um stöðu neytendamála á Íslandi frá árinu 2008 þar sem er fjallað um lítið vægi neytendaréttarsviðs hjá Neytendastofu. Nefndin leggur síðan út af þessu og tekur undir þá tillögu Lagastofnunar að stofnuð verði ný stofnun á sviði neytendaréttar sem myndi yfirtaka þá starfsemi sem Neytendastofa fer nú með. Þá segir nefndin að fjórir starfsmenn starfi á neytendaréttarsviði ef marka megi heimasíðu stofnunarinnar og ekki verði séð að Neytendastofu hafi verið gert kleift að sinna rannsóknum á sviði neytendamála eins og tíðkast hjá sambærilegum stofnunum, einkum vegna skorts á fjármagni. Þá kom fram að mælifræði og öryggissvið væri ekki hýst hjá neytendaeftirlitum í nágrannaríkjunum. Í skýrslunni voru lagðar til margar tillögur til úrbóta á umhverfi neytendaverndar hér á landi, sumar hafa verið framkvæmdar og aðrar ekki<sup>69</sup>. Meðal tillagna voru ýmsar aðgerðir til að draga úr skiptikostnaði sem margar hverjar hafa verið framkvæmdar, eins og farið var yfir hér á undan.

Árið 2011 skipaði innanríkisráðuneytið starfshóp til að gera tillögur að skipulagi neytendamála. Hlutverk starfshópsins var að fara yfir skipulag neytendamála, hlutverk ráðuneyta og stofnana og hlutverk samtaka almennings að neytendamálum. Meðal tillagna starfshópsins var að útfærslur á smámála- og hópómálameðferðum yrðu skoðaðar og einnig að skoðað yrði hvers vegna lög nr. 117/2010 hafi ekki verið notuð í meira mæli til hagsbóta fyrir neytendur við að ná fram sameiginlegum hagsmunum. Lögin fela í sér að margir neytendur geta tekið sig saman og höfðað dómsmál en skilyrði fyrir því er að kröfur þeirra séu eins og þarf hópurinn að stofna einkahlutafélag með tilheyrandi kostnaði og umstangi. Kostnaður neytenda við að höfða slíkt mál er í dag það hár að litlar líkur eru á að þeir ráðist í það. Aðhald neytenda á markaði er minna en ella vegna þessa. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, Fjármálaþjónusta á krossgötum, frá 2013 kemur fram að efling neytendaverndar á fjármálamarkaði gegni mikilvægu hlutverki í að stuðla að virkni markaðarins og samkeppnislegu aðhaldi. Upplýstar viðskiptaákvæðanir neytenda og meðvitund þeirra um rétt sinn, gæði og verð á þjónustu er grundvöllur þess að neytendur geti veitt samkeppnislegt aðhald.

---

<sup>67</sup> [Heimasíða](#) Neytendastofu (maí 2023).

<sup>68</sup> <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/skyrslur/neytendavernd-a-fjarmalamarkadi.pdf>

<sup>69</sup> <https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/skyrslur/neytendavernd-a-fjarmalamarkadi.pdf>

Neytendur leita þó sjaldan réttar síns fyrir dómi þar sem hagsmunir hvers og eins neytenda eru litlir ef litið er til þess tíma og kostnaðar sem það getur haft í för með sér í samanburði við verð á vöru og þjónustu. Heildarskaðsemi tiltekinna viðskiptahátta kann þó að vera mikil og þess vegna er litið svo á að önnur úrræði en hefðbundið aðgengi að dómstólum séu nauðsynleg til að tryggja eftirfylgni lagaákvæða á sviði neytendaverndar og eftirlits með heildarhagsmunum neytenda.

Síðan þessar skýrslur voru gefnar út hafa ýmsar breytingar verið gerðar á laga- og stofnanaumhverfi neytendamála og neytendavernd hér á landi. Sumar breytingarnar hafa verið til þess fallnar að færa umgjörð neytendamála nær því sem er á hinum Norðurlöndunum. Árið 2021 var samþykkt frumvarp<sup>70</sup> um breytingar á lögum um Neytendastofu (nr. 62/2005) og fleiri lögum (stjórnsýsla neytendamála). Frumvarpið var fyrsta skrefið í endurskoðun á fyrirkomulagi neytendamála sem komið var á með lögum um Neytendastofu og talsmann neytenda. Breytingarnar fólu í sér yfirfærslu verkefna á sviði vöruöryggis og markaðseftirlits auk mælifræði frá Neytendastofu til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Með þessum breytingum hefur verið skerpt á hlutverki stofnunarinnar. Í dag starfa ellefu starfsmenn hjá Neytendastofu, þar af fjórir á neytendaréttarsviði.

### 5.3.3 Fjármálaeftirlitið

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með svokölluðum eftirlitsskyldum aðilum samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Þar undir falla t.d. viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrntæki, verðbréfaþyrntæki og rafeyrisþyrntæki. Þrjú viðskiptabankar, Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf., eru skilgreindir sem kerfislega mikilvægir bankar af fjármálastöðugleikaneftnd Seðlabankans, en eignir þeirra þriggja eru samanlagðar um 90% af eignum lánastofnana<sup>71</sup>.

